

# Menntakvika málstofur 2012

**H-001**

**9:00-10:30**

## Sýn, hlutverk og starfshættir í leikskólum: Rannsókn á viðhorfum leikskólakennara og annars starfsfólks

### Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna

Rannsóknin sem kynnt er á Menntakviku á vegum *Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna* (RannUng) er samvinnuverkefni milli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (RannUng), Háskólans í Volda og Háskólans í Osló. Gögnum var safnað með spurningakönnun sem send var í alla leikskóla landsins veturinn 2011-2012. Markmiðið með rannsókninni var að skoða og bera saman sýn, hlutverk og starfshætti leikskólakennara og leiðbeinenda til starfsins í íslenskum leikskólum. Í framhaldinu er einnig ætlunin að bera saman niðurstöður íslensku og norsku rannsóknarinnar þar sem aðstæður í löndunum eru svipaðar hvað varðar áherslur og menntun starfsfólks. Í málstofunni verða kynntar niðurstöður fjögurra þátta sem taka til íslenska hluta rannsóknarinnar.

### Fagmennska í leikskólum: Upplifun leikskólakennara og leiðbeinenda á eigin starfshæfni

**Bryndís Garðarsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum fyrrnefndar rannsóknar á því hvernig leikskólakennarar og leiðbeinendur upplifa faglega hæfni sína í daglegu starfi. Borin verða saman svör leikskólakennara og annars starfsfólks og skoðuð fylgni við bakgrunnsbreytur. Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) er kveðið á um að tveir þriðju hlutar starfsfólks skuli hafa leikskólakennaramenntun en raunin er að einungis u.þ.b. einn þriðji hluti starfsfólks hefur tilskylda menntun. Gæði leikskólastarfs eru háð því að þeir sem þar starfa hafi faglega þekkingu og hæfni til að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins. Menntun leikskólakennara miðar að því að gera þá hæfa til að stuðla að uppbyggingu og faglegu hlutverki

leikskólans. Það er því mikilvægt fyrir menntun og fagmennsku leikskólakennara og þróun leikskólastarfs, að varpað sé ljósi á hvar og í hverju fagþekking leikskólakennara liggur ásamt sýn þeirra á eigin fagmennsku.

## **Áhersluþættir í leikskólastarfi. Sjónarmið leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla**

**Jóhanna Einarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Í þeim hluta rannsóknarinnar sem kynnt verður hér er sjónum beint að námskrá og innihaldi leikskólastarfsins. Um er að ræða 36 atriði í spurningakönnuninni. Skoðað var hvar megináherslur liggja og spurt um umönnun, uppeldi, leik og nám. Auk þess var spurt um námssvið leikskólans og grunnþætti menntunar sem fram koma í aðalnámskrá. Borin voru saman svör leikskólakennara og annarra starfsmanna leikskóla og skoðuð fylgni við bakgrunnsbreytur. Niðurstöður verða kynntar og þær ræddar í ljósi nýrrar menntastefnu og kenninga um fagmennsku kennara.

### **Streita leikskólakennara**

**Ásdís Olga Sigurðardóttir, meistaranemi og starfsmaður RannUng**

**Jóhanna Einarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður fjallað um streitu og kulnun hjá leikskólakennurum. Niðurstöður eru unnar úr spurningakönnun sem var lögð fyrir starfsfólk í leikskólum á landsvísu og rýnihópaviðtölum til að öðlast dýpri skilning á því sem leikskólakennarar telja að hafi áhrif á störf þeirra og fagmennsku og valdi streitu. Markmiðið með rannsókninni er að líta á þá áhrifaþætti sem geta skapað streitu og kulnun hjá leikskólakennurum og finna út hvort streita í starfi geti haft áhrif á fagmennsku þeirra. Fáar rannsóknir hafa verið unnar á streitu leikskólakennara. Rannsóknir á öðrum starfsstéttum benda hins vegar til að áhrif bæði frá umhverfi og skapferli einstaklinga séu líkleg til að valda streitu. Það er því áhugavert að skoða viðhorf leikskólakennara til starfsins og starfsumhverfisins ásamt því félagslega neti innan leikskólans sem kemur jafnt frá samstarfsfólki og stjórnendum og hvort þessir samverkandi þættir haft áhrif á streitu og fagmennsku leikskólakennara.

**Aldur, dvalartími og fjöldi barna á deildum: Viðhorf leikskólakennara og annars starfsfólks  
leikskóla**

**Kristín Björk Jóhannsdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Arna H. Jónsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Greint verður frá niðurstöðum rannsóknarinnar á viðhorfum leikskólakennara og leiðbeinenda til þess hversu gömul börn ættu að vera þegar þau byrja í leikskóla og hvað þessir hópar telja að sé hæfilegur daglegur dvalartími barnanna. Jafnframt verður greint frá niðurstöðum doktorsrannsóknar minnar á viðhorfum leikskólakennara og annarra hagsmunaaðila leikskóla til sömu þátta svo og til þess hversu mörg börn ættu að vera á leikskóladeildum. Niðurstöður rannsókna verða ræddar í tengslum við hugmyndafræði að baki faglegu hlutverki leikskólakennara svo og hvaða áhrif ofangreindir þættir virðast hafa á faglega sjálfsmynd þeirra.

**11:00-12:30**

### **Tónlist fyrir alla**

Málstofa um rannsóknir á sviði tónlistariðkunar fyrir ólíka hópa sem alla jafna hafa ekki aðgang að almennum tónlistarskólum.

#### **Innlegg um rannsóknir á sviði tónlistariðkunar**

**Kristín Valsdóttir, deildarforseti listkennsludeildar LHÍ og doktorsnemi HÍ**

Tónlistariðkun er stór hluti af því að vera lifandi manneskja. Hún er vitrænt, félagslegt og tilfinningalegt fyrirbæri sem veitir einstaklingum tækifæri og farveg til að tjá sig með eða án orða, eiga samskipti við aðra og þroska með sér hæfileika og tjáningu sem gefur lífsyllingu og gleði. Í samfélagi okkar eru starfandi öflugir tónlistarskólar sem bjóða nemendum afbragsðmenntun á sviði tónlistar en betur má ef duga skal. Ýmsir hópar standa utan þess hóps er geta stundað nám við tónlistarskóla og rannsóknir sýna að markviss tónlistariðkun getur bætt líðan þeirra og tækifæri til samskipta.

## **Hver vill vera meistari? Tónsköpunarverkefni fyrir börn með sérþarfir**

**Marie Huby, píanókennari og MArt Ed LHÍ**

Verkefnið, sem var unnið sem meistaraverkefni í listkennslu við LHÍ, samanstendur af tónsköpunartímum sem voru framkvæmdir í Frístundaheimilinu Garði fyrir fötluð börn á aldrinum 12 til 13 ára. Tímarnir fóru fram einu sinni í viku yfir þriggja mánaða tímabil, alls tíu tímar. Börnin unnu mest með lagasmíð og notuðu þar hljóðfæri sem voru unnin úr endurvinnanlegu efni. Sköpunarferlið var byggt upp á myndum, ævintýrum og hreyfingu, sem og á þeirra eigin reynslu og upplifun. Verkefnið var byggt upp í anda hugsmíðahyggju og valdeflingar.

Vinnan með börnunum var afskaplega jákvæð. Lögin sem voru samin voru áhugaverð, þá bæði vegna tónlistargæða og sköpunargleði. Það hefði verið mögulegt að auka gæði kennslu með því að koma með meira úrval af efni og með því að hafa lokaðan hóp. Erfiðleikar við framkvæmd verkefnis lágu í skorti á virkri þátttöku starfsfólks, skorti á ákveðni verkefnisstjóra og samskiptum milli aðila. Að virkja foreldra í verkefnið frá byrjun hefði jafnframt tryggt betri sýnileika og samskipti.

## **Hvaða áhrif hefur markviss tónlistariðkun á líðan eldri borgara?**

**Ása Berglind Hjálmarsdóttir, tónlistarkennari og Mart Ed LHÍ**

Tilgangurinn með rannsókninni var að komast að því hvort og þá hvaða áhrif það hefur á líðan eldri borgara að stunda markvissa tónlistariðkun. Þátttakendur í rannsókninni eru meðlimir tónlistarhópsins Tónar og Trix, sem hafa síðan 2007 æft vikulega söng og hljóðfæraleik með tónlist frá ýmsum tímabilum og skapað sína eigin tónlist. Gögnum var aflað með viðtölum við valda þátttakendur, spurningalista, dagbókar skrifum meðlimanna og stjórnanda sem og myndbönd og ljósmyndir. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þátttaka í markvissri tónlistariðkun hafi áhrif á líðan eldri borgara til góðs, bæði andlega og líkamlega.

## Tónræn umönnun

**Valgerður Jónsdóttir, Ph.D. músíkþerapisti og skólustjóri Tónstofu Valgerðar**

Í erindinu verður greint frá rannsókninni *Tónræn umönnun* sem heitir á ensku „*Music-caring within the framework of early intervention. The lived experience of a group of mothers of young children with special needs, participating in a music therapy group.*“

Í snemmtækri íhlutun er lögð áhersla á að greiningu sé fylgt eftir með úrræðum sem í ljósi núverandi þekkingar séu líkleg til að draga úr áhrifum fötlunar á líf barns og fjölskyldu þess. Lögð er áhersla á að bæta horfur barnsins, efla lífsgæði þess og sjálfstæði. En fá úrræði eru til sem hafa það að markmiði að huga beint að foreldrunum sjálfum og því var rannsókn af þessum toga álitin tímabær.

Talið var nauðsynlegt að þátttakendur sjálfir fengju að tjá sig um reynslu sína og taka þátt í að þróa *Tónræna umönnun* svo hún fengi sem best þjónað tilgangi sínum. Sjö mæður tóku þátt í rannsókninni sem var eigindleg og byggði á klínískum aðferðum fræðigreinarinnar músíkþerapíu, hugmyndum Christopher Small um „musicizing“, rannsóknum á áhrifum tónlistar á tilfinningar og líðan fólks, auk annars. Gagna var aflað með viðtölum, dagbókarskrifum, hljóðupptökum og virkri þátttöku rannsakanda.

Niðurstöður rannsóknarinnar styðja þá hugmynd að viðfangsefni *Tónrænnar umönnunar* efli samhygð, geri þátttakendur meðvitaðri um eigin líðan og tilfinningar, og auðveldi og dýpki tjáningu þeirra með því að veita þeim útrás á tónrænan hátt.

**13:30-15:00**

## Saga og hugtök

**Félagsstaða íslenskra barnakennara 1930-1960**

**Ólöf Garðarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Loftur Guttormsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Í flestum Evrópulöndum markaðist 20. öldin af auknu mikilvægi skólans í lífi barna og ungmenna og átti almenningskólinn eftir að verða ein af grunnstoðum velferðaríkja samtímans. Kennarastéttin var sú stétt opinberra starfsmanna sem varð hvað fjölmennust á 20. öldinni. Hér er fjallað um íslenska barnakennara á árabílinu 1930-1960. Lögð er áhersla á að varpa ljósi á félagslegan uppruna kennara og kynjahlutfall. Hagnýttur er gagnagrunnur um barnakennara sem höfundar hafa unnið að á undanförunum árum.

Gagnagrunnurinn geymir upplýsingar úr stjórnsýsluskráum um starfandi kennara ásamt viðbótarupplýsingum um bakgrunn þeirra og feril sem safnað var úr kennaratali.

Samsetning kennarahópsins tók miklum breytingum á rannsóknartímabilinu. Framan af var þorri kennara úr bændastétt en hlutur þeirra minnkaði á rannsóknartímabilinu. Konur hafa frá upphafi almenningskólans lagt stund á barnakennslu. Framan af átti þetta einkum við um þéttbýlið. Lengi vel var þó sjaldgæft að konur sem helguðu sig kennarastarfinu væru giftar eða ættu börn. Á blómaskeiði húsmæðrahugmyndafræðinnar þótti tæpast við hæfi að giftar konur sinntu kennarastarfinu samhliða húsmóðurstarfi. Undir lok rannsóknartímabilsins urðu talsverðar breytingar á kennarahópnum sem birtust bæði í félagslegum uppruna þeirra, menntunarstigi og hjúskaparstöðu í hópi kvenkennara.

### **Vinna er lasta vörn. Sveitastörf íslenskra barna á síðari hluta 20. aldar**

**Anna Dórothea Tryggvadóttir, meistaranemi Menntavísindasviði HÍ**

**Ólöf Garðarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu er sjónum beint að sveitavinnu barna og ungmenna á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Jákvætt viðhorf til vinnu barna hefur lengi tíðkast hér á landi enda var nútímavæðing íslensk samfélags síðar á ferðinni en í nágrannalöndunum. Skólaárið var stutt og sá síður að senda börn í sveit á sumrin var lengi við lýði. Segja má að skólaárið hafi tekið mið af sauðfjárbúskap og þörfum bænda fyrir vinnuafli barna á sumrin. Í rannsókninni beitum við meginlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum. Rýnt hefur verið í tímarit um uppeldismál sem og lög og reglugerðir um barnavinnu. Athugun sem gerð var á sumravinnu reykvískra barna á sjöunda áratug síðustu aldar og viðtöl sem við tókum við einstaklinga sem unnu í sveit í æsku sýna að vinna barna í sveit var mikilvægur þáttur í félagsmótun ungmenna á umræddu tímabili. Athugun okkar sýnir jafnframt að verulegur kynbundin munur var á vinnuframlagi barna sem störfuðu í sveitum landsins. Það viðhorf að iðjuleysi sé uppspretta alls ills er vel þekkt og átti ekki síður við um börn og unglinga en fullorðna. Svo virðist sem lögð hafi verið ofuráhersla á að finna öllum eitthvað að gera meðan skólinn var ekki starfandi og það gæti líka átt stóran þátt í hversu mörg börn voru send í sveit.

## **Umbótamiðstöð Menntamálaráðuneytisins 1966-1984**

**Meyvant Þórólfsson, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Um miðja 20. öld urðu sérkennileg þáttaskil í vestrænni skólasögu. Lawrence Cremin (1961) lýsti þessum þáttaskilum sem skyndilegum endalokum hinnar viðteknu speki er einkennt hefði skólamálaorðræðu fyrstu áratugi 20. aldar, speki hinnar uppeldislegu framsæknistefnu (pedagogical progressivism). Árið 1955 hafi samtökin Progressive Education Association (PEA) vestan hafs lagst af og tímarit þeirra, Progressive Education, tveimur árum síðar. Eftir það hafi verið engu líkara en frasar eins og „að tengja námið veruleika daglegs lífs“ „að laga skólastarfið að barninu“, „að leggja áherslu á reynslu úr veruleika daglegs lífs“ og „að miða kennslu við nemendur, ekki námsgreinar“ væru forboðnir (Cremin, 1961). Lífsleiknitengd menntun (life adjustment education), sem hafði víða eflst með áherslu á verktækni daglegs lífs samfara framförum í iðnaði og tækni, var nú skyndilega litin hornauga (DeBoer, 1991; Dow, 1991). Breytingar og umbætur sem fylgdu í kjölfarið einkenndust m.a. af þeirri hugsun að nám skyldi skoðast sem vísindi, nemendur þyrftu að tileinka sér vinnubrögð og hugarfar vísindamanna. Þessar umbótahugmyndir rak á fjórur íslenska skólakerfisins um miðjan 7. áratug síðustu aldar og einkenndu skólamálaorðræðu hér fram yfir árið 1980. Markmið þessa erindis er að draga upp mynd af orðræðu umbótatímans 1965 til 1980, eins og hún birtist í textum frá þeim tíma; m.a. hvernig hugmyndakerfi vísindamanna, námskrárgerðarmanna og þroskasálfræðinga blönduðust í umræðu um skólarannsóknir og skólaþróun þessa tíma.

### **Hvað merkir 8 í einkunn?**

**Helgi Skúli Kjartansson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Vísuð verður til dæma, úr innlendri og erlendri umræðu og af vinnustað fyrirlesara, um svonefnda „einkunnabólgu“ eða „einkunnaverðbólgu“ og rætt hvers eðlis hún sé. Merking einkunna er lík merkingu orða fremur en talna og (þrátt fyrir sýndarviðleitni til að skilgreina hvað í þeim felist) almennra orða fremur en skilgreindra hugtaka. Merkingin felst sem sagt í notkun þeirra og breytist sjálfkrafa með breyttum notkunarvenjum. Raktar verða ýmsar ástæður sem gera eðlilegt, jafnvel æskilegt, að kennarar leitist við að nota háar einkunnir meira en lágar – sem leiðir til þess að merking háu einkunnanna dofnar og nota þarf æ hærrí tölur til að þjóna sama tilgangi. Rætt verður, með samanburði við verðlag og verðbólgu, hvaða óhagræði en e.t.v. einnig vissir kostir fylgi „einkunnabólgunni“ og hvort hentugt sé að

bregðast við henni með ráðum sem líkja má við „verðstöðvun“ eða „verðtryggingu“ einkunna eða jafnvel „gjaldmiðilsskipti“. Tilgangur erindisins er að vekja til umhugsunar og skýra hugtök fremur en leggja fram niðurstöður rannsóknar.

**15:30-17:00**

## **Stærðfræði**

### **Finnst ég vera á réttri leið - Viðhorf stærðfræðikennara til eigin kennsluaðferða**

**Elínborg Valsdóttir, grunnskólakennari**

Erindið fjallar um meistaraverkefni höfundar sem var rannsóknarverkefni á viðhorfum nokkurra stærðfræðikennara í þremur grunnskólum á Austurlandi til eigin kennsluaðferða. Markmið verkefnisins var að athuga hvers vegna stærðfræðikennarar velja tiltekna kennsluaðferðir fram yfir aðrar með það fyrir augum að skýra hvers vegna fábreytni eða fjölbreytni er í kennsluaðferðum í stærðfræði. Rannsóknin var eigindleg tilviksrannsókn og byggði á samtölum ásamt vettvangsathugunum. Fimm kennarar í sjötta og tíunda bekk tóku þátt ásamt þremur skólastjórum. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að kennarar eiga sínar uppáhaldskennsluaðferðir og velja þær umfram aðrar í kennslu. Kennsluaðferðir í stærðfræði eru fjölbreyttar hjá fjórum af fimm kennurum sem tóku þátt. Túlkun á niðurstöðum sýndi að viðhorf kennara til kennsluaðferða mótaðist nokkuð af viðhorfum þeirra til náms. Kennarar eru sannfærðir um að kennsluaðferðir sem þeir nota skili góðum árangri.

**„Ég myndi ekki vilja vera í lífinu án stærðfræði“**

**Guðný Helga Gunnarsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Í rannsókn á stærðfræðikennslu í einum 8. bekk sem gerð var árið 2009 vakti jákvætt viðhorf nemenda og hversu einbeittir þeir voru við að leysa stærðfræðiverkefni sín athygli. Því var ákveðið að taka viðtöl við sömu nemendur vorið 2011 til að kanna viðhorf þeirra til greinarinnar þegar þeir væru að ljúka grunnskólanum. Nemendur voru spurðir um viðhorf sitt til greinarinnar, um námsframvindu sína, um hvað einkenndi stærðfræðináms og – kennslu í samanburði við aðrar greinar. Einnig voru þeir spurðir um framtíðaráform sín og stærðfræðináms í því samhengi. Svör nemenda eru skoðuð út frá hugmyndinni um námslandslag en í henni er litið á stærðfræðimenntun sem flókið net félagslegrar starfsemi sem er myndað úr mismunandi en jafnframt tengdum þáttum. Hér er sjónum beint að þáttum eins og forgrunni,



sjálfsmynd, sjónarhorni vna og almennri orðræðu um skólagöngu og stærðfræðinám. Niðurstöður benda til þess að viðhorf nemenda til greinarinnar sé fremur jákvætt þó þeir telji að hún hafi nokkra sérstöðu miðað við aðrar greinar og geri meiri kröfu bæði um skilning og vinnuframlag af þeirra hálfu. Einnig kemur fram að nemendur telja að árangur þeirra í stærðfræði geti ráðið úrslitum um hvort þeir geti náð þeim markmiðum sem þeir stefna að varðandi nám og störf.

## **Nýja stærðfræðin á Íslandi**

**Kristín Bjarnadóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Hreyfingar stærðfræðinga, sálfræðinga og kennara um endurbætur á stærðfræðikennslu spruttu víða upp eftir 1950. Skólastærðfræði var sett fram á máli mengja- og rökfræði og nefnd „nýstærðfræði“ í anda franska stærðfræðinga sem kenndu sig við Bourbaki og vildu samræma ritun allrar stærðfræði með áherslu á formgerð hennar. Sálfræðingurinn Jean Piaget taldi að samsvörun væri milli formgerðar hugarstarfs barnsins og formgerðar stærðfræðinnar. OEEC/OECD taldi að menntun eflði félagslegar og efnahagslegar framfarir og skipulagði fund endurbótahreyfingarinnar í nóvember 1959 en skipti sér ekki af innihaldi hennar. Hreyfingin breiddist út og Norðurlöndin stofnuðu til samstarfs um tilraunanámsefni.

Tilraunir hófust á Íslandi árið 1964 og árið 1968 var nýstærðfræðilegt efni orðið útbreitt í íslenskum skólum. Íslendingar áttu ekki aðild að norræna samstarfinu en þýddu námsefni þess. Verkefni í anda nýju stærðfræðinnar voru sögð efla rökhugsun barnanna og foreldrar máttu ekki rugla börnin. Stefnan leið undir lok á tæpum áratug en skildi eftir varanleg nýmæli. Stefnan var komin undir frumkvæði einstaklinga í flestum löndum. Mjög beinna áhrifa gætti frá Danmörku. Í Noregi voru vel afmarkaðar tilraunir gerðar undir eftirliti og ný námskrá var ekki samþykkt fyrr en dregið hafði úr áhrifum nýstærðfræðinnar, gagnstætt Íslandi þar sem tilraunir fóru úr böndunum og námskrár voru aðeins í drögum.

**H-201**

**9:00-10:30**

### **Orðræðugreining og menntavísindi**

Í málstofunni verða kynntar fjölbreytilegar menntarannsóknir sem eiga það sameiginlegt að beitt er verklagi sögulegrar greiningar á orðræðu í anda Foucaults og femínískra rannsókna.

**Málstofustjóri: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor Menntavísindasviði HÍ og Hug- og félagsvísindasviði HA**

#### **Söguleg orðræðugreining í félags- og menntavísindum**

**Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor Menntavísindasviði HÍ og Hug- og félagsvísindasviði HA**

Í erindinu er fjallað um um uppruna, þróun og sérstöðu sögulegrar greiningar á orðræðu, í anda Michels Foucaults og femínískra rannsókna, og „landnám“ þessarar nálgunar í mennta- og félagsvísindum. Í erindinu verða tekin nokkur dæmi af rannsóknum og skoðað hverju aðferðir og sjónarhorn sögulegrar orðræðugreiningar kunni að hafa bætt við rannsóknarefnið. Skoðað verður samspil tilgangs rannsókna og aðferða sem er beitt. Skoðuð verða dæmi frá femínískum rannsóknum, byggðum á orðræðugreiningu, og hvernig þær eru sambærilegar menntunarrannsóknum á þann hátt að rannsakendurnir rannsaka, ekki bara til að skilja breytingar, heldur hafa áhrifa á breytingar. Þá er í erindinu fjallað um hvernig staðlaðar kröfur meginlegra rannsókna – og að nokkru marki einnig staðlaðar kröfur svokallaðra eiginlegra rannsókna – hafa haft áhrif á til hvers er ætlast af þeim er beita verklagi ættuðu úr hugvísindum. Fjallað verður sérstaklega um viðmið sem Bandarísku menntarannsóknasamtökin (American Educational Research Association) hafa sett sér um menntarannsóknir byggðar á hugvísindalegum rannsóknaraðferðum (e. humanities-oriented research). Þessi viðmið birtust í ágústhefti tímaritsins Educational Researcher 2009 (38. árgangur, bls. 481–486): <http://edr.sagepub.com/content/38/6/481.full.pdf+html>.

## **Þekkingarsamfélagið og byggðapróun: Mótsagnakennd orðræða um þekkingarsetur á landsbyggðinni**

**Anna Guðrún Edvardsdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Allyson Macdonald, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Uppbygging háskólamenntunar og rannsóknastarfsemi hefur verið mikil á landsbyggðinni á síðustu 15–20 árum og í hverjum landshluta starfa háskóla- og/eða rannsóknasetur, annaðhvort sem sjálfstæðar einingar eða sem hluti af móðurstofnun sem staðsett er á höfuðborgarsvæðinu. Markmið doktorsrannsóknar minnar er að skoða hina menntunarlegu, samfélagslegu og pólitísku orðræðu varðandi þróun þekkingarsamfélagsins, þ.e. háskólamenntun og rannsóknir á landsbyggðinni og áhrif þess á byggðapróun og félagslega sjálfbærni samfélaga í dreifbýli. Í þessu erindi verður fjallað um þá orðræðu sem birtist í opinberum skýrslum um þessa uppbyggingu á landsbyggðinni og áhrif hennar á byggðapróun og sjálfbærni. Áhersla stjórnvalda hefur verið lögð í að byggja upp þekkingarsetur og skapa störf fyrir háskólamenntað fólk og stuðla þannig að jákvæðri byggðapróun. Greindar voru skýrslur þar sem umfjöllunarefnið var þekkingarsetur og áhrif atvinnusköpunar þekkingarsamfélagsins á styrkingu byggða. Í erindinu er dregið fram hvað einkennir orðræðuna um málaflokkinn og hvaða mótsagnir felast í henni. Að auki verður brugðið upp femínísku sjónarhorni í orðræðunni um þekkingarsamfélagið og hlutverk þess í byggðapróun. Það birtist í viðtölum sem tekin voru við háskólamenntaðar konur sem lokið höfðu háskólanámi með fjarnámssniði og búa og starfa í sinni heimabyggð.

## **Orðræðan um konur og karla í myndefni framhaldsskólablaða: Birtingarmyndir hetrósexisma og sexisma í íslenskum skólablöðum**

**Jón Ingvar Kjaran, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor Menntavísindasviði HÍ og Hug- og félagsvísindasviði HA**

Greining á myndefni í fjölmiðlum hefur verið notuð talsvert í rannsóknum sem nálgast efnið út frá femínísku og hinsegin sjónarhorni. Þá er áhersla lögð á að greina að hvað miklu leyti konur séu sýnilegar í myndefni fjölmiðla, einkum í dagblöðum og tímaritum, og hvernig þær birtast lesendum á síðum blaðanna. Eru þær til dæmis sýndar sem fórnarlömb, valdlausar, barnalegar eða eru þær jafnvel hlutgerðar? Hér er beint sjónum að fjölmiðlum í íslenskum framhaldsskólum. Orðræða skólablaðanna endurspeglar oft þau gildi sem nemendur leggja áherslu á og er einn af „lyklunum“ að ríkjandi menningu þeirra. Markmið erindisins er að draga fram hvernig orðræðan sé um konur, karla og hinsegin

einstaklinga í skólablöðum í tveimur íslenskum framhaldsskólum og hvaða áhrif hún getur haft á viðtakendur. Efni blaða verður greint bæði út frá eigindlegri og megindlegri nálgun. Í eigindlegri nálgun felst gagnrýnin orðræðugreining í anda Foucaults en í megindlegri nálgun er gerð innihaldsgreining. Leitað verður svara við þremur meginrannsóknarspurningum: Í fyrsta lagi hver er sýnileiki karla, kvenna og hinsegin fólks og hvernig birtast kynin lesendum í myndefni blaðsins? Í öðru lagi hverjar eru birtingarmyndir sexisma og hetrósexisma í myndefni blaðsins? Í þriðja lagi hvernig endurspeglar myndefni blaðsins og orðræða þess þeirri nemendameningu sem er innan skólans og hver eru hugsanleg áhrif hennar á mótun nemenda skólans að hinni ríkjandi menningu?

### **Orðræða kennara um skóla án aðgreiningar og mótsagnir við opinbera menntastefnu**

**Hermína Gunnþórsdóttir, lektor Hug- og félagsvísindasviði HA og doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor Menntavísindasviði HÍ og Hug- og félagsvísindasviði HA**

Hugmyndir um skóla og menntun án aðgreiningar hafa lengið verið til umfjöllunar á vettvangi menntunarfræða og hafa auk þess verið umdeildar meðal kennara og rannsakenda. Það má færa fyrir því rök að íslensk menntapólitísk þróun frá 1974–2008 hafi verið í átt til skóla án aðgreiningar með Salamanca-yfirlýsinguna frá 1994 sem ákveðin þáttaskil varðandi hugmyndafræðilegar áherslur. Þrátt fyrir að ýmsar stefnubreytingar í skjölum hafi augljóslega tekið mið af áherslum skóla án aðgreiningar, virðist sem svo að ekki hafi átt sér stað beinar opinberar aðgerðir til þess að koma hugmyndum um skóla án aðgreiningar til framkvæmda í skólastofunum. Í þessu ferli hefur hugtakið skóli án aðgreiningar því þróast með þeim hætti að ólíkar hugmyndir eru um þýðingu þess og merkingu meðal kennara. Fjallað verður um hvernig verklag orðræðugreiningar var notað til þess að finna og greina hvað það er sem einkennir orðræðu kennara um skóla án aðgreiningar og hvernig sú orðræða samrýmist opinberum skjölum og orðræðu fjölmiðla. Greind voru lykilgögn um menntun, þ.e. lög um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla, viðtöl við tíu grunnskólakennara og fjölmiðlaumræða um menntamál. Þau verða skoðuð með hliðsjón af hugtökum Foucaults um eigin ögun kennara að orðræðunni og með mótsögnum sem orðræðan felur í sér.

**11:00-12:30**

## **Rannsóknir á menntun og kyngervi I**

### **Rannsóknarstofa um jafnrétti, kyngervi og menntun**

**Að læra til telpu og drengs: Rousseau, 1712-2012. Emile og Sophie.**

**Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Í tilefni af þriggja alda minningu Jean-Jacques Rousseau er hér fjallað um *Emile* í kynjafræðilegu ljósi fortíðar og samtíma. Spurt er um kjarnann í uppeldishugmyndum Rousseaus fyrir Emile og Sophie og hvers vegna menntun Sophie er oft ekki getið í umræðu um uppeldishugmyndir Rousseaus? Athugað er hvernig fræðimenn hafa brugðist við *Emile* allt frá Wollstonecraft (1792) til vorra daga. Viðbrögðin við *Emile* hafa verið mikil allt frá útkomu bókarinnar en þöggunin yfir menntun Sophie hefur líklega kallað fram enn meiri viðbrögð. Í ljós kemur að hin ráðandi orðræða um uppeldishugmyndir Rousseau er oft einfölduð vegna þess að horft er fram hjá menntun Sophie og dekkri hliðar á hugmyndum hans hafa lítið verið dregnar fram, eins og vald lærimeistarans yfir Emile og Sophie og viðhorf hans til valdbeitingar í hjónabandi. Loks er skoðað hvernig viðhorf Rousseaus til menntunar kynjanna hafa verið túlkuð, hvort hann var barn síns tíma, haldinn kvenfyrirlitningu, eða hvort hann var að boða nýja sýn á karlmennsku og kvenleika og hlutverk kynjanna í nýju samfélagi með því að láta hugmyndir sínar alls ekki ganga upp? Að lokum er stutt hugleiðing um hvernig það að læra til telpu og drengs hjá Rousseau endurspeglast í nútímaorðræðu um menntun drengja og stúlkna 250 árum síðar.

**Að læra til telpu og drengs: Kynjaðir lærdómar í leikskóla**

**Þórdís Þórðardóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Fjallað er um hvernig tveir leikskólar ýta undir kynjaðan áhuga telpna og drengja á barnaefni. Greint er frá niðurstöðum úr doktorsrannsókn höfundar (2012) sem endurspeglar kynjaða lærdóma telpna og drengja. Þau 4-5 ára börn sem tóku þátt í rannsókninni hafa lært að flokka barnaefni eða sögur, sem miðlað er í gegnum prent- og stafræna miðla, í stelpu- og strákaefni og þekking drengja nýtur meiri virðingar í leikskólunum en þekking telpna. Val foreldra á barnaefni réðst helst af því hvort þau áttu syni eða dætur. Börnin tjáðu sig um útlit, athafnir, eiginleika, hneigðir, aðstæður og tengsl sögupersóna og

gáfu þeim kynjaða merkingu eftir því hvort lýsingarnar töldust viðeigandi fyrir telpur eða drengi, konur eða karla. Til dæmis töldu börnin eðlilegt að drengir sýndu hetjudáðum og styrk áhuga en telpur tengslum og útliti. Algengt var að kennararnir styrktu kynjaða merkingu hugtakanna en sjaldgæft að þeir ræddu hugtök eins og mismunun eða jöfnuð. Leitast er við að útskýra hvernig kynjaðir lærdómar barnanna myndast í samspili aðgengis þeirra að barnaefni heima fyrir, möguleikum til að tjá sig um það í leikskólanum, menntun foreldra, kyns og uppruna barnanna.

### **Kynjaður veruleiki leikskólakennara: Viðhorf hagsmunaaðila**

**Arna H. Jónsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Í fyrirlestrinum verður greint frá niðurstöðum doktorsverkefnis þar sem kannað var hvernig leikskólakennarar og ákveðnir hagsmunaaðilar er að leikskólanum koma, þ.e. yfirmenn í leikskólanum, annað starfsfólk, foreldrar, fagfólk á skrifstofu rekstraraðila og stjórnámamenn í einu sveitarfélagi skynja faglegt hlutverk leikskólakennara svo og forystu þeirra. Jafnframt var skoðað hvort og þá hvernig viðhorf hagsmunaaðila svo og orðræða þeirra hafa áhrif á faglega sjálfsmynd leikskólakennaranna. Rannsóknin er eigindleg, sjónarhornið er túlkandi og sjónarhóllinn femínískur. Rannsóknin gefur konum rödd og veruleikanum er lýst og hann túlkaður á grundvelli reynslu þeirra. Gögnum var safnað í rýnihópaviðtölum við hagsmunaaðila og rætt var einstaklingslega við stjórnámamenn tengda málaflokknum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að leikskólakennarar telja að áherslur þeirra og foreldra fari saman hvað varðar menntun barnanna og að aðgerðir leikskólakennara við að gera leikskólastarf sýnilegra hafi leitt til aukinnar virðingar foreldra á leikskólamenntun. Á hinn bóginn gefa viðhorf sumra foreldra og stjórnámamanna til kynna að ekki sé litið á leikskólakennara sem afgerandi faglega forystumenn á leikskólavettvanginum, ýmsir geti gengið í störf þeirra svo og virðast koma fram undirliggjandi stöðluð kynjuð viðhorf til starfs og stéttar.

### **Ískaldar en háttvísar konur í pílsum á leikvellingum**

**Kristín Dýrfjörð, lektor Hug- og félagsvísindasviði HA**

Markmið erindisins er að rýna í upphaf íslensku leikskólakennarastéttarinnar, þeim sess er stéttinni var þá skipaður af öðrum en henni sjálfri og hvernig upphafið hefur mótað orðræðu og sjálfsmynd stéttarinnar. Á Norðurlöndum og víðar er það þekkt að konur af efri millistétt hafi átt mestan þátt í að koma leikskólum á legg (Balke). Því hefur óformlega verið haldið fram á meðal leikskólakennara að upphafið hér hafi verið annað. Í erindinu er ætlunin að rýna í hvort sú hafi verið raunin. Litið er á

opinber skrifleg samtíma gögn og skrif sem hafa orðið til síðar um upphaf stéttarinnar. Ætlunin er að spegla gögnin í kenningum um m.a. fagmennsku, vald og kynjafræði (Foucault, Flyvberg, Oakley). Frumniðurstöður benda í þá átt að stéttarlega hafi leikskólakennurum upphafi verið stillt við hlið húsmæðra. Starf þeirra hafi verið upphafið húsmæðrastarf á markaði. Menntun þeirra hafi átt að gagnast bæði til að starfa í leikskólum en ekki síður til að verða góðar mæður og uppaldur eigin barna. Það má velta fyrir sér hvort að menntun leikskólakennara hafi ekki átt að gegna tvíþættu hlutverki, að vinna með börnum tímabundið (að giftingu) og að leggja drög að velmenntaðri efri millistétt.

**13:30-15:00**

## **Rannsóknir á menntun og kyngervi II**

### **Rannsóknarstofa um jafnrétti, kyngervi og menntun**

#### **Akademískt frelsi og kyngervi háskóla**

**Þorgerður Einarsdóttir, prófessor Félagsvísindasviði HÍ**

Fyrsta grein núgildandi jafnréttis laga (nr. 10/2008) gerir ráð fyrir að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða sé viðhöfð í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins. Samkvæmt þessu er jafnréttisstarf í anda samþættingar lögboðið í háskólum rétt eins og öðrum stofnunum og vinnustöðum hérlendis. Þessi pólitíski vilji til breytinga og leiðréttingar á núverandi kynjamynstri hefur mætt andstöðu innan vísindasamfélagsins. Skipulegt og markvisst jafnréttisstarf er af mörgum talið ógna akademísku frelsi sem litið er á sem grundvallaratriði í nútímaháskólum og einn af hornsteinum vísindastarfs. Í erindinu verður gerð grein fyrir tilraunum til að innleiða samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í háskólastarfi á Íslandi og hvaða hindranir slíkar tilraunir hafa mætt. Skoðað verður hvaða hugmyndir liggja að baki andstöðunni við jafnréttisstarf og hvað slíkar tilraunir segja um sjálfsskilning og kyngervi akademíunnar.

## **Jafnrétti og kynjavitund í kennaramenntun**

**Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

**Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Ný ákvæði um jafnréttisfræðslu í grunnskólalögum og aðalnámskrám hafa tekið gildi. Í 25. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 kemur fram að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms í námsgreinum grunnskólans, og þar eru *jafnréttismál* meðtalin. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011), er jafnréttisfræðsla talin til samfélagsgreina ásamt átta öðrum námsgreinum. Í aðalnámskrám allra skólastiga frá 2011 eru 6 grunnpættir hafðir að leiðarljósi, þar af er einn um jafnrétti. Af þessu tilefni, og einnig vegna lengingar á kennaramenntuninni frá 2011, er áhugavert að skoða hvernig tekið er á jafnréttisfræðslu í menntun kennara og annarra fagstétta á Menntavísindasviði HÍ. RannKyn gerði rannsókn á stöðu jafnréttisfræðslu í kennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Gagna var aflað með viðtölum við lykilaðila, sendur var spurningalisti til kennara sviðsins og tekin voru viðtöl við átta rýnihópa um viðhorf þeirra til jafnréttismála í kennslu mismunandi fræðigreina. Niðurstöður benda til að kennarar skilji hugtakið *jafnrétti* víðum skilningi og tilhneiging virðist vera til þess að leiða hjá sér eða sýna andstöðu við kynjajafnrétti. Kennarar hafa eigi að síður áhyggjur af því að fordómar, staðalmyndir um kynin og ótti við samkynhneigð valdi vandræðum í skólum og í kennaramenntun. Sumir eru áhugasamir og kalla eftir skýrri stefnumörkun, gagnvirkri umræðu og upplýsingum á heimasíðum Menntavísindasviðs og rannsóknarstofunnar.

## **„Kynjun“ í leikskólastarfi**

**Guðrún Alda Harðardóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnt Félagsvísindasviði HÍ**

Í erindinu verður fjallað um doktorsritgerð flytjanda, um viðhorf leikskólakennara til leikja stúlkna og drengja í einum leikskóla og birtingarmynd kyngervis gjörninga/leikja (e. Gender performative) leikskólabarnanna í viðkomandi leikskóla. Rannsóknargögn eru greind í ljósi hugmynda Judith Butler (2004, 2006) um að kyngervi mótist af og sé afurð viðkomandi samfélags og einstaklingurinn sé lítt valdefldur hvað það varðar heldur leitist við að samsama sig ríkjandi viðmiðum um kyngervi. Viðmiðin stýri síðan skilningi einstaklinganna á félagslegum athöfnum. Viðmiðið er í raun aðeins viðmið að því leyti sem það virkar í félagslegum veruleika og er sífellt endurtekið. Butler telur að strax við fæðingu barns sé stelpan „stelpuð“ og strákurinn „strákaður“, og með endurtekinni „stelpun“ og „strákun“ læri börnin



hvorum hóp þau tilheyra og hvaða viðmið gilda fyrir hvorn hópinn. Í rannsókninni sem hér um ræðir var gagna aflað í einum leikskóla yfir eitt skólaár, til að skilja viðfangsefnið betur og fá hugmyndir, en ekki til að halda fram algildum sannleika, það má segja að verkið sé hugmynd, og sýn rannsakandans er hluti af henni. Rannsókninni er aðallega ætlað að varpa ljósi á kyngervi í leikskólastarfi í ljósi kenninga Butler og dæmi þar um. Helstu niðurstöður benda til að „kynjun“ sé áberandi í leikskólanum. Í erindinu verður greint frá dæmum um það hvernig mótun kyngervis átti sér stað meðal leikskólakabarnanna.

**15:30-17:00**

## **Jafnrétti, jafnréttismenntun, framhaldsskólinn**

### **Rannsóknarstofa um jafnrétti, kyngervi og menntun**

**Orðanotkun um (staðal)myndir kynhneigðar og kyngervis: Hvaða orð nota framhaldsskólanemendur um (staðal)myndir tengdar kynhneigð, kyngervi og útliti?**

**Telma Kjaran, þroskaþjálfari**

**Jón Ingvar Kjaran, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ og framhaldsskólakennari**

Í erindinu verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum meginlegrar myndakönnunar sem lögð var fyrir 240 nemendur í tveimur framhaldsskólum, einum í Reykjavík og öðrum úti á landi. Myndakönnunin var þess eðlis að þrettán myndir voru valdar með það fyrir augum að þær væru á einhvern hátt staðalmynd(ir) fyrir tiltekna eiginleika, kynhneigð, útlit, karlmennsku eða kvenleika. Þessar þrettán myndir voru svo forþróaðar, þ.e. lagðar fyrir rýnihóp nokkra nemenda í þeim tilgangi að átta sig á hvaða orð þeir myndu nota til að lýsa einstökum myndum. Þessi orð ásamt þeim sem rannsakandi hafði heyrt meðan hann stundaði vettvangsrannsóknir í skólunum tveimur voru svo notuð og látin fylgja myndunum; reyndar mismunandi eftir eðli og inntaki myndanna hvaða orð voru notuð en reynt var að hafa samræmi í orðavali þegar svipaðar myndir áttu í hlut. Í sjálfri könnuninni gátu svo nemendur hakað við þau orð sem þeim fannst eiga við um hverja mynd fyrir sig. Máttu þeir haka við fleiri en eitt orð. Ennfremur gátu þeir komið með sínar eigin hugmyndir um orð sem lýsti best tiltekinni mynd. Af þessum þrettán myndum voru sjö myndir valdar við meginlega úrvinnslu. Lagt var upp með tvær spurningar: i) hvaða orð notuðu nemendur um einstaka myndir og var í þeim efnum greinanlegur munur eftir kyni, aldri og skóla? ii) hvaða ályktanir má draga um ríkjandi staðalmyndir í íslenskum framhaldsskólum út frá áður nefndri könnun? Fræðileg og kenningarleg nálgun er í anda hinsegin- og kynjafræða.

## **„Almennt og sértækt; að halda fókus í jafnréttiskennslu“**

**Pórður Kristinsson, framhaldsskólakennari**

Með innleiðingu nýrrar aðalnámskrár komu nýjar áherslur á sex grunnþætti sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Hver og einn grunnþáttur nær til afskaplega margra þátta og í þessu erindi verður gerð grein fyrir þeim hugmyndum sem liggja að baki jafnréttisþættinum. Jafnréttisþátturinn á að ná til jafn ólíkra og víðtækra atriða eða þátta eins og mismununar vegna aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, lífsskoðanna, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls eða þjóðernis. Það eykur óneitanlega á flækjustigið að námsumhverfið hefur innbyggða mismunun varðandi þætti eins og aldur, búsetu og fötlun, samanber inntökureglur og almennt aðgengi. Þá þarf einnig að taka tillit til væntinga mismunandi aðila til þess hvernig og hversu mikið ákveðnir þættir eru teknir fyrir og hvernig allir þessir þættir samtinnast innbyrðis. Að lokum verður að hafa í huga að jafnréttisþátturinn skarast á við aðra grunnþætti menntastefnunnar og vinna þeir að einhverju leyti saman.

### **Pallborð-Jafnréttismenntun um jafnréttismenntun og jafnrétti sem grunnþátt menntunar.**

Þátttakendur: Pórður Kristinsson og Jón Ingvar Kjara, framhaldsskólakennarar, Þórdís Þórðardóttir og fleiri frá RannKyn.

**K-207**

**9:00 -10:30**

## Sjálfræði og samtvinnun

### Rannsóknarstofa í þroskaþjálfrafræðum

#### Sjálfræði í samningi Sameinuðu þjóðanna

Ástríður Stefánsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ

Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kemur orðið sjálfræði einungis tvisvar fyrir. Engu að síður má gera ráð fyrir að hugmyndin um sjálfræði fatlaðs fólks sé ein meginhugmyndin og útgangspunkturinn sem samningurinn byggir á. Í þessu erindi verður samningurinn skoðaður í ljósi hugmynda um sjálfræði. Sérstaklega verður skoðað hvaða skilningur á sjálfræði liggir að baki í textanum en jafnframt verður rýnt í gildi þessa hugtaks í umfjölluninni. Við lögfestingu samningsins á Íslandi er mikilvægt að sú hugmyndafræði sem hann byggir á endurspeglar í íslenskri lagagerð. Til að svo megi verða þarf að vera til staðar sameiginlegur skilningur á þeim grundvallarhugtökum sem hann vísar til. Í þessari umfjöllun verður rýnt í hugtakið sjálfræði, hugað að beitingu þess og þýðingu sjálfræðis fyrir fatlað fólk á Íslandi.

#### Samtvinnun kynverundar og fötlunar

Kristín Björnsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ

Á undanförunum misserum hefur hugmyndin um samtvinnun (e. *intersectionality*) fengið aukna athygli í fötlunarfræðunum. Rannsakendur innan fræðigreinarinnar hafa beitt þessari nálgun í þeim tilgangi að greina á hvern hátt félagslegir og menningarbundnir þættir (e. *socio-cultural factors*) á borð við kyn og fötlun skarast, hafa áhrif hvorn á annan og eru mótandi í lífi og reynslu fatlaðs fólks. Hugtakið á uppruna sinn í femínískum fræðum og var upphaflega notað í þeim tilgangi að skoða samband kynþátta og kyngervis og hvernig það hafði áhrif á líf og reynslu minnihlutahópa. Fræðimenn innan ólíkra greina hafa nálgast og notað samtvinnun með mismunandi hætti sem hefur orðið til þess að hún hefur þróast í þverfaglega nálgun sem dregur fram og skilgreinir mismunun innan samfélaga. Með samtvinnun er athyglinni beint að þeim þáttum sem hópar samfélagsins nota til að staðsetja fólk eða aðra hópa. Þessir þættir eru félagslegar hugsmíðar (e. *social construction*), merking þeirra mótast í menningarbundnu og félagslegu samhengi og er því breytileg eftir stað og í tíma. Fötlun er einn þessara þátta og hefur sú merking sem við leggjum í hugsmíðina fötlun áhrif á það hvernig hugsað er um og komið fram við fatlað fólk. Í erindinu verður þessi fræðilega nálgun kynnt og möguleikar hennar til að skilja samfélagið og líf og

reynslu fatlaðs fólks í víðu samhengi í stað þess að einblína á skerðingar og líkamlegar og andlegar takmarkanir fólks. Í erindinu verður þróun hugtaksins rædd og sjónum beint að sambandi fötlunar og annarra félagslegra og menningarbundinna þátta og skoðað á hvern hátt það hindrar eða stuðlar að þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu.

### **Karlar og konur með þroskahömlun**

**Ágústa Björnsdóttir, MA-nemi Menntavísindasviði HÍ,**

**Freyja Baldursdóttir, MA-nemi Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verða niðurstöður tveggja eigindlegra rannsókna kynntar sem fjölluðu um kynverund fólks með þroskahömlun. Í marsmánuði 2007 skrifaði fulltrúi Íslands undir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og viðurkenndi þar með full mannréttindi og sjálfræði fatlaðs fólks. Í 23. grein samningsins kemur fram að aðildaríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til að stofna til sambands og ganga í hjónaband ásamt því að halda frjósemi sinni til jafns við aðra. Þrátt fyrir að samningur þessi hafi enn ekki verið lögfestur á Íslandi hefur hann áhrif á stefnumótun og þjónustu við fatlað fólk. Misræmi er á milli samningsins og íslenskrar löggjafar því enn eru til að mynda í gildi lög frá árinu 1975 sem heimila ófrjósemisaðgerðir án samþykkis einstaklingsins sé hann með þroskahömlun. Ef aðstæður fólks með þroskahömlun eru skoðaðir í sögulegu samhengi kemur í ljós að algengt var að þau færu í ófrjósemisaðgerðir jafnvel án samþykkis og vitundar. Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um slíkar aðgerðir í seinni tíð, en margt bendir til að fólki með þroskahömlun sé mismunað og ekki borin virðing fyrir kynverund þeirra, litið á þau sem „börn að eilífu“ og þau vanmetin í hlutverkum sjálfráða fullorðinna karla og kvenna. Í erindinu verður sjónum beint að upplifun og reynslu fólksins, samspili fötlunar, kyngervis og sjálfræðis og hvernig það hefur mótandi áhrif á kynverund þeirra. Erindið byggir á eigindlegum rannsóknaraðferðum og voru þátttakendur sex konur og sex karlar á aldrinum 26-46 ára sem greind hafa verið með þroskahömlun. Verkefnið voru styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna 2011 og 2012 og tengjast rannsókninni Sjálfræði og fullorðinsár sem unnin er við Rannsóknarstofu í þroskaþjálfarafræðum við Menntavísindasvið HÍ.

**11:00 -12:30**

## **Þjónusta, samvinna og atvinnuþátttaka**

### **Rannsóknarstofa í þroskaþjálfrafræðum**

#### **Sjálfstætt líf á Íslandi, innleiðing á nýju þjónustuformi: Staða mála og helstu áskoranir**

**Vilborg Jóhannsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

**Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdarstýra NPA miðstöðvarinnar**

Þann 8. júní 2010 var samþykkt samhljóða á Alþingi þingsályktunartillaga um innleiðingu á nýju þjónustuformi, þ.e. notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) fyrir fatlað fólk á Íslandi. NPA byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf sem hefur verið hreyfiafl baráttusamtaka fatlaðs fólks um allan heim undanfarna áratugi. Kjarni hennar er að fatlað fólk hafi fulla stjórn á eigin lífi og búi við full borgaraleg réttindi. Þessi hugmyndafræði á sér ríka stoð í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland undirritaði í mars 2007. Erindið byggir á helstu niðurstöðum yfirstandandi samvinnurannsóknar flytjanda og Freyju Haraldsdóttur. Rannsóknin er liður í doktorsrannsókn Vilborgar um upphaf notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar á Íslandi í ljósi hugmyndafræði um sjálfstætt líf og breytt hlutverk fagstétta þar að lútandi. Rannsóknin byggir á eiginlegum aðferðum í anda rannsóknarhefða starfendarannsókna. Unnið er í nánu samstarfi við fatlað baráttufólk á Íslandi sem er að berjast fyrir því að NPA í anda hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf verði raunhæfur valkostur og megin þjónustuform. Niðurstöður benda til að margt fatlað fólk á Íslandi búi við óviðunandi aðstæður í hefðbundna þjónustukerfinu og hefur þrýst á stjórnvöld til breytinga. Það gerir því háværi kröfur um vinnubrögð sem draga úr manngerðum hindrunum og stuðla að auknu valdi, frelsi og aðstoð til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi án mismununar. Fyrstu skref stjórnvalda og áhrif þeirra á störf fagstétta verða skoðuð í þessu ljósi.

#### **Fötluð börn, foreldrar og leikskólinn: Rýnt í hugtökin *samvinna* og *þátttaka* frá sjónarhorni**

**CHAT - menningarsögulegrar starfsemiskenningar**

**Jóna Ingólfssdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ og doktorsnemi í fötlunarfræðum**

Almennt er viðurkennt að líðan barns í leikskóla og velferð fjölskyldu þess séu samtvinnuð. Þetta á ekki hvað síst við um fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Í nýrri aðalnámskrá leikskóla stendur að hvatt sé til *þátttöku* fjölskyldna í leikskólastarfi og að byggt sé á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu *samstarfsaðilar*. Þetta er í samræmi við lög um leikskóla frá 2008 og þá alþjóðlegu sýn að hægt sé að líta á foreldrasamstarf sem mælikvarða á gæði skólustarfs. Þrátt fyrir víðtæka áherslu á *samvinnu* og *þátttöku* í þessu sambandi benda rannsóknir til að oft sé óljóst í hugum hlutaðeigandi hvað hugtökin þýða. Af því leiðir að óljóst verður hvernig haga eigi samstarfinu og í hverju það eigi að felast. Í erindinu verður sjónum beint að þessum mikilvægu hugtökum og þau skoðuð frá sjónarhorni CHAT – menningarsögulegrar starfsemiskenningar. CHAT er kenningarlegt viðmið (skóli) sem á rætur að rekja til Vygotskys og samstarfsmanna hans (1920-1930). Vygotsky leit á tungumálið sem þýðingarmikið verkfæri í mannlegri starfsemi sem hefði áhrif á hvernig fólk vinnur verk sín. Hin menningarsögulega starfsemiskenning hefur verið þróuð enn frekar síðastliðin 20 ár og mikið notuð í rannsóknum og ýmiskonar þróunarvinnu.

## **Atvinnuþátttaka ungs fólks með þroskahömlun sem hefur lokið diplómunámi frá Háskóla Íslands**

**Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Þáttaskil urðu í menntunarsögu fólks með þroskahömlun haustið 2007 þegar Kennaraháskóli Íslands, nú Menntavísindasvið Háskóla Íslands, bauð í fyrsta sinn upp á starfstengt diplómanám fyrir þennan hóp. Tveir hópar hafa nú útskrifast úr náminu, alls 38 nemendur. Um það bil helmingur námsins hefur falist í starfsnámi og var tilgangur rannsóknarinnar sem hér er lýst að afla gagna um hvernig fólkinu hefur vegnað á atvinnumarkaði þann tíma sem liðinn er frá útskrift. Verkefnið byggir á eiginlegum rannsóknaraðferðum en auk þess var sendur út spurningalisti til allra þeirra sem hafa útskrifast úr náminu. Stofnaðir voru þrjú rýnihópar og tóku alls 30 nemendur þátt í rýnihópunum. Þá voru tekin viðtöl við fimm vinnuveitendur nemenda úr hvorum útskriftarhópi. Í erindinu verður gerð grein fyrir atvinnuþátttöku nemanna og hvernig þeir upplifa að námið hafi nýst þeim á atvinnumarkaði. Helstu niðurstöður benda til að námið hafi veitt nemendum aukna möguleika til atvinnuþátttöku. Auk þess telja flestir þátttakendur að námið hafi eflt þá til félagslegrar þátttöku í samfélaginu og á vinnustöðum sínum. Verkefnið er hluti af stærri rannsókn sem beinist að menntun fólks með þroskahömlun að grunnskóla loknum og er nú yfirstandandi á vegum rannsóknarstofu í þroskaþjálfrafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Verkefnið er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, 2012.

**13:30 -15:00**

## **Aðferðafræði starfendarannsókna**

### **Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir**

#### **Starfendarannsóknir á Íslandi og valdefling kennara**

**Hafþór Guðjónsson, dósent Menntavísindasviði**

Starfendarannsóknir hafa notið vaxandi hylli hér á landi á undanförunum árum og þá sérstaklega meðal kennara og kennaranema. Allmargir kennarar stunda nú slíkar rannsóknir í sínum skólum og æ fleiri kennaranemar kjósa að sníða meistararitgerðum sínum búning starfendarannsókna. Hvað veldur þessum aukna áhuga á starfendarannsóknum? Í erindi mínu rökstyð ég þá skoðun mína að valdefling sé lykilatriði. Ég hef unnið með mörgum kennurum að starfendarannsóknum á undanförunum árum og sú reynsla hefur sannfært mig um að þegar kennarar fara að rannsaka eigið starf í samstarfi við starfsfélaga sína breytist hugsun þeirra um starfið og vinna þeirra með nemendum. Þeir verða til dæmis gagnrýnni á eigin starfshætti og forvitnari um viðhorf nemenda. Ýmislegt ýtir undir þessa þróun en það sem vegur einna þyngst er a) hið nýja hlutverk sem kennara-rannsakandi, b) samstarf og samræður við starfsfélaga þar sem kennarar æfast í að tjá reynslu sína og tala saman á rannsakandi hátt, c) þróun nýrra viðhorfa, d) aukin samskipti og nánari tengsl við nemendur og e) dýpri skilningur á starfinu. Starfendarannsóknir virðast með öðrum orðum hjálpa skólafólki að læra í starfi og efla sig sem fagmenn. Þannig geta þær stuðlað að valdeflingu kennara. Þetta skýri ég nánar í erindi mínu.

#### **Rýnt í og unnið úr gögnum starfendarannsókna**

**Hafdís Guðjónsdóttir, dósent Menntavísindasviði**

**Karen Rut Gísladóttir, lektor Menntavísindasviði**

Tilgangur starfendarannsókna er af ýmsum toga allt frá aukinni fagmennsku kennara til þess að efla skilning á skólastarfi. Starfendarannsóknir verða ekki gerðar án rannsóknargagna því þau gefa vísbendingar um framkvæmd en eru jafnframt heimildir um ákveðna þróun eða breytingar. Gögnin eru skoðuð eða greind út frá rannsóknarspurningu, markmiði rannsóknar og fræðiramma. Markmiðið er að svara tveimur lykilsprungum: Hvaða mikilvægu þemu er að finna í gögnunum? Hve mikið af gögnunum styðja við þessi þemu?

Í erindinu verður varpað fram ýmsum spurningum er varða úrvinnslu og greiningu gagna í starfendarannsóknum.

Skoðað verður hvernig greining rannsóknargagna á sér stað í gegnum allt ferli starfendarannsókna og hvernig ákvarðanir eru teknar á hverju stigi fyrir sig. Við munum skoða hvernig rannsakandinn getur nýtt gögnin til að draga fram það sem rannsakað var og gengið úr skugga um að gagnasafnið endurspegli meginatriðin.

Túlkun gagna á sér stað þegar við skiptum úr lýsingu á því sem gerðist og reynum að skýra ákveðin viðbrögð innan rannsóknarinnar. Við munum fjalla um hvernig rannsakandinn getur gengið úr skugga um að túlkun hans útskýri gögnin á viðeigandi hátt. Einnig munum við skoða hvað þarf að hafa í huga við framsetningu niðurstaðna.

## **Að ígrunda eigið sjálf í starfendarannsóknum**

**Karen Rut Gísladóttir, lektor Menntavísindasviði**

Í starfendarannsóknum (kennararannsóknum) rannsakar kennarinn sitt eigið starf með það að markmiði að skilja það og þróa í þágu nemenda. Þrátt fyrir góðan ásetning kennararannsakandans um að bæta eigið starf þá er ekki hægt að fullyrða að það eitt að kennarar rannsaki eigið starf leiði af sér betri kennslu. Kennararannsóknir líkt og aðrar rannsóknir geta valdið meiri skaða en þær gera gagn ef kennararannsakandinn nær ekki að ígrunda stöðu sína innan rannsóknarferlisins á gagnrýnninn hátt. Í þessum fyrirlestri varpar höfundur ljósi á hvernig gagnrýnin ígrundun á eigin hugmyndir um kennslu og nám hjálpuðu honum að koma auga á og þróa þær stofnana- og hugmyndafræðilegu hindranir sem mættu honum innan kennslustofunnar til að hægt væri að skapa námsumhverfi til lestrar- og ritunarnáms sem byggði á félags- og menningarlegri reynslu heyrnarlausra nemenda.



## Hvað getum við lært af starfendarannsóknarferli í Kópavogi?

**Edda Kjartansdóttir, forstöðumaður SRR**

**Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri Kópavogi**

**Sigrún Eypórsdóttir, grunnskólakennari**

Skólaárið 2011-2012 hittust nokkrir starfendarannsakendur í Kópavogi mánaðarlega og ræddu starf sitt, fundu út hvað þeir vildu rannsaka, söfnuðu gögnum og greindu þau með það að markmiði að grípa til athafna sem gætu bætt starf þeirra. Í hópnum voru kennarar og skólastjórar frá þremur skólum og starfsfólk frá menntasviði Kópavogs. Menntasvið Kópavogs hafði milligöngu um að bjóða skólastjórum og kennurum til þátttöku en sérfræðingar frá Menntavísindasviði störfuðu með hópnum og var starfið styrkt með framlagi frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Í erindinu verður sagt frá starfi hópsins, skipulagi þess, helstu niðurstöðum og álitamálum sem upp komu varðandi skipulag starfsins. Vettvangsnótur, samtöl við þátttakendur og samræða sérfræðinga Menntavísindasviðs um starfið var notað sem grunnur undir mat á starfi hópsins. Markmið matsins er að læra af starfinu sem fram fór í Kópavogi til að reynslan af því nýtist til uppbyggingar á starfi með starfendarannsakendum á vettvangi í framtíðinni.

**15:30 -17:00**

## Starfendarannsóknir í framkvæmd

### Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir

#### Hvernig get ég þróað starfið mitt?

**Edda Óskarsdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Hafdís Guðjónsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Erindi mitt byggir á doktorsverkefni mínu *Hvernig get ég þróað starfið mitt sem deildarstjóri stoðþjónustu?* Verkefni deildarstjóra sérkennslu hafa þróað í átt til þess að vera aukin skriffinnska og skrifræði í takt við kröfur þeirra laga og reglugerða sem móta skólastarf og finn ég fyrir skorti á samráði og samvinnu milli þeirra starfsstétta sem vinna innan grunnskólans. Markmið með rannsókninni er að leitast við að svara hvernig ég get þróað starf mitt sem deildarstjóri stoðþjónustu í grunnskóla innan þeirra marka sem lög og reglugerðir setja mér í átt til lýðræðislegra vinnubragða og skipulags með það fyrir augum að efla samvinnu og samstarf.

Hér er um starfendarannsókn að ræða þar sem rannsóknin byggir á spíral. Í ferli spíralins er endurtekið tekist á við þættina athugun, ígrundun, áætlun og framkvæmd. Hér verður sagt frá niðurstöðum úr fyrsta hringferli rannsóknarinnar þar sem tekin voru rýnivíðtöl við alla kennara, sérkennara, þroskaþjálfara og stjórnendur Grunnskóla Seltjarnarness með það fyrir augum að kortleggja viðhorf þeirra og hugmyndir um stoðþjónustuna, um samstarf og hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Ennfremur verður farið yfir þær áætlanir og framkvæmdir sem urðu til við ígrundun viðtalanna.

### **Samvinnurannsókn grunnskólakennara og háskólakennara**

**Jónína Vala Kristinsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður fjallað um samvinnurannsókn grunnskólakennara og háskólakennara um stærðfræðináms og -kennslu á miðstigi grunnskóla. Markmiðið með rannsókninni er að skapa sameiginlega þekkingu sem kemur rannsakendum, kennurum og nemendum að gagni og getur þannig nýst til að bæta skólastarf. Við rannsóknina er leitast við að skapa námssamfélag þar sem þátttakendur nota rannsóknarnálgun til að greina það nám sem á sér stað í kennslustofunni og hvernig kennsla þeirra þróast. Þar fá þátttakendur tækifæri til að spyrja spurninga um hvernig bæta megi aðstæður nemenda til merkingarbærs náms og læra um leið um eigið nám. Rannsóknarnálgunin er notuð bæði sem tæki til að þróa starf sitt og sem leið við kennslu.

Þátttakendur hittast reglulega á vinnustofum, glíma saman við stærðfræðileg viðfangsefni og rannasaka þau frá ólíkum sjónarhornum. Þar eru einnig ræddar dæmisögur úr skólastofum kennaranna. Dæmisögurnar eru notaðar til að greina ákveðin viðfangsefni og raunveruleg vandamál í kennslunni. Kennararnir safna gögnum um kennslu sína og hljóðrita kennslustundir til að greina þær. Vinnustofurnar eru mynd- og hljóðritaðar og víðtöl við kennara og skólastjórnendur hljóðrituð.

Greint verður frá frumniðurstöðum rannsóknarinnar, gefin dæmi um þau vandamál sem kennararnir glíma við í kennslu sinni og hvernig greining á þeim hefur nýst þátttakendum til að greina kennslu sína.

### **Kennsla í fjölbreyttum nemendahópi á háskólastigi**

**Svanborg Rannveig Jónsdóttir, lektor Menntavísindasviði**

**Hafdís Guðjónsdóttir, dósent Menntavísindasviði**

Í þessu erindi kynnum við aðferðafræði rannsókna háskólakennara í kennaramenntun á eigin starfi (Self-study in teacher education). Rannsóknir kennara á eigin starfi hafa aukist á síðustu árum og gefið kennurum öflugt tæki til að þróa starfið, bæði kennslu og rannsóknir. Auk þess sem birtingar niðurstaðna slíkra rannsókna hafa gildi og þekkingu fyrir aðra sem mikilvægt er að koma á framfæri.

Dæmi um rannsókn háskólakennara á eigin starfi verður kynnt, en í brennidepli verður námskeið í framhaldsdeild Menntavísindasviðs. Það var skipulagt til að bregðast við því breytta landslagi sem kennarar búa við með fjölbreyttari nemendahópum, tækniþróun, lengingu skóla og áherslum sem leggja skal á grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá 2011.

Gögnum af námskeiðinu var safnað, þar á meðal lýsingum á námskeiði og verkefnum, framlagi kennara, verkefnum nemenda, samskiptum á Blakki og rýnihópavinnu. Þátttakendur í rannsókninni voru 21 nemandi námskeiðsins og tveir háskólakennarar. Við leituðum svara við því hvernig umgjörð og áhersla námskeiðsins virkaði á þátttöku, viðhorf og vinnubrögð nemenda.

Við greiningu gagna var stuðst við kenningar Bernsteins um umgerð (framing), flokkun (classification), táknerfislæsi (recognition rules) og athafnafærni (realization rules). Niðurstöður benda til þess að sveigjanlegur rammi námskeiðsins hafi í byrjun leitt til þess að nemendur upplifðu óöryggi en einnig hafði hann í för með sér að hægt var að koma til móts við ólíkar þarfir og óskir nemenda. Þegar nemendur höfðu áttað sig á grunnhugsun námskeiðsins og náð athafnafærni í samræmi við hana sýndu þeir sjálfstæði í sköpun, ígrundun og viðbrögðum við kröfum í margbreytilegum nemendahópum.

**H-203**

**9:00 -10:30**

**Samfélagslegt hlutverk háskóla og gæði í háskólastarfi**

**Rannsóknarstofa um háskóla**

## Háskóli Íslands – skóli allra Íslendinga?

**Guðmundur Hálfðanarson, prófessor Hugvísindasviði HÍ**

Allt frá því fyrst var farið að ræða um stofnun háskóla á Íslandi var litið á hann sem grunnstoð í mótun íslensks þjóðernis og lykilstofnun í þróun íslensks þjóðríkis. Snemma var því litið á þessa stofnun sem *þjóðskóla*, og var það heiti sótt í fyrstu tillögur um æðri menntun á Íslandi sem lagðar voru fyrir Alþingi árið 1845 af Jóni Sigurðssyni. Markmið slíks skóla var að veita öllum stéttum landsins nægilega menntun sem þjónaði þörfum þjóðarinnar allrar. Í fyrirlestrinum mun ég ræða hvað felst í þessu hugtaki, hvernig stofnendur Háskóla Íslands hugsuðu sér að hann þjónaði þjóðskólahlutverki sínu og síðan hvernig tekist hefur til að uppfylla þessar hugmyndir í starfi skólans. Fyrirlesturinn byggist á rannsóknum sem unnar voru vegna ritunar sögu Háskóla Íslands, sem birtust í bókinni *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011*, sem kom út hjá Háskólaútgáfunni á síðasta ári. Þar er gefið yfirlit yfir starf skólans frá upphafi, og þróun hans frá litlum embættismannaskóla til rannsóknarháskóla.

## Samfélagsleg ábyrgð íslenskra háskóla

**Guðmundur H. Frímansson, prófessor Hug- og félagsvísindasviði HA**

Í fyrirlestrinum mun höfundur fjalla um samfélagslega ábyrgð háskóla. Hann mun beina athyglinni að því hvort háskólar hafa skyldur við samfélag sem þeir starfa í eða hvort engar slíka skyldur séu fyrir hendi. Ein leiðin til að túlka samfélagslegar skyldur háskóla er að segja þær felast í því að stunda fræðin eins vel og mögulegt er. En það er ljóst að opinber yfirvöld á Íslandi og í öðrum löndum og almenningur líta samfélagslegar skyldur háskóla öðrum augum og virðast telja þær mun víðtækari en einvörðungu við fræðin. Háskólar hafi að minnsta kosti skyldur til að miðla niðurstöðum fræða sinna til samfélagsins, og stuðla að alhliða þróun þess að svo miklu leyti sem það tengist því hlutverki fræða og vísinda að uppgötva þekkingu og sannleika. Til að svara spurningunni um samfélagslega ábyrgð háskóla á Íslandi verða skoðaðar siðareglur HÍ og HA og spurt: Hvaða sýn birtist í siðareglum HÍ og HA á samfélagslega ábyrgð háskóla? Aðferðin sem notuð verður til að fást við þetta viðfangsefni er hugtakagreining og einnig verður litið til þeirra aðferða sem notaðar eru í túlkun lagaákvæða.

## Samfélagslegt hlutverk háskóla

**Trausti Þorsteinsson, lektor Hug- og félagsvísindasviði HA,**

**Sigurður Kristinsson, forseti Hug- og félagsvísindasviðs HA,**

**Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA**

Háskólar eru sérstök tegund stofnunar og hafa sérstaka stöðu í hverju samfélagi. Þeir eru miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Hlutverk þeirra er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Akademískt frelsi er lykilatriði í starfi þeirra og þeir veita menntun sem tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni.

Markmið rannsóknarinnar *Samfélagslegt hlutverk háskóla* er að skoða hvernig starfsmenn háskóla skilja hlutverk sitt og samfélagslegar skyldur. Leitast er við að svara þeirri meginspurningu á hvern hátt kennarar og sérfræðingar íslenskra háskóla skilja hlutverk háskóla og samfélagslegar starfsskyldur sínar. Rannsóknin er meginindleg og var spurningalisti sendur í tölvupósti til allra akademískra starfsmanna háskóla á Íslandi og sérfræðinga háskólanna. Við hönnun listans voru höfð í huga álitamál er varða starf háskólakennara.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að starfsmenn háskóla telja að hlutverk háskóla sé að ýta undir gagnrýna hugsun og stuðla að almennri menntun. Þeir telja að saman eigi að fara kennsla og rannsóknir í háskólum og að þverfræðilegt samstarf háskólafólks sé mikilvægt. Þeir vilja að aukin áhersla sé lögð á að háskólafólk taki þátt í samfélagslegri umræðu og eigi samstarf við fagfólk á vettvangi. Gagnrýni kemur fram á vinnumatskerfi háskólanna sem ekki er talið efla þátttöku háskólafólks í samfélagsumræðunni.

## **Háskólar og bankar og um samfélagslega ábyrgð þessara stofnana**

**Páll Skúlason, prófessor Hugvísindasviði HÍ**

Hver er munurinn á peningum og þekkingu? Hvernig tengjast þessi fyrirbæri í samfélaginu og í sögunni? Tilraun verður gerð til að skýra þekkingarhugtakið og nauðsyn þess að ólíkar gerðir þekkingar séu tengdar saman. Með hliðstæðum hætti verður leitast við að skýra peningahugtakið og þróun þess og mikilvægi í samskiptum fólks, fyrirtækja og ríkja. Þá verður varpað fram þeirri tilgátu að viss þróun þekkingar, fyrst í háskólum, síðan í fyrirtækjum, eigi ekki síður þátt í þeim erfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir í dag

en áhættusöm fjárfestingarfyrtæki. Eigi sú tilgáta við nokkur rök að styðjast er hugsanlegt að leiðin til að vinna sig út úr kreppuástandi heimsins sé sú að samhæfa þekkinguna miklu betur en gert hefur verið og miðla henni á markvissan og áhrifaríkan hátt til komandi kynslóða.

**11:00 -12:30**

## **Samfélagslegt hlutverk háskóla og gæði í háskólastarfi Rannsóknarstofa um háskóla**

### **Gæðaráð háskóla á Íslandi og notagildi ytra mats fyrir háskóla**

**Gyða Jóhannsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Mikilvægi gæðatryggingar (quality assurance) fyrir starfsemi háskóla hefur verið ofarlega á baugi í alþjóðaumræðu. Í mörgum löndum hafa verið stofnaðar sérstakar gæðarannsóknastofnanir sem sjá um mat á starfsemi háskóla. Á Íslandi var mat á starfsemi háskóla lengst af í höndum menntamálaráðuneytisins en árið 2010 var stofnað gæðaráð háskóla sem á að sjá um mat á kennslu og rannsóknum í íslenskum háskólum. Gæðaráð starfar sjálfstætt en heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra (<http://lme.is/page/b5>)

Gæðatrygging felur m.a. í sér ytra mat og er miklum tíma og fjármunum varið í það ferli.

Rannsóknarniðurstöður sýna þó að oft nýtist útkoma ytra mats háskólum, deildum hans og starfsfólki að mjög takmörkuðu leyti, sérstaklega þegar ekki er gætt að því að starfsfólk háskóla séu virkir þáttakendur og hafi eitthvað um matsferlið að segja (Liuhanen 2008; Guðrún Geirsdóttir og Gyða Jóhannsdóttir, 2011).

Í þessu erindi er greint frá könnun þar sem leitað er svara við hvort og hvernig vinnulag og matsaðferðir hins nýja gæðaráðs geti stuðlað að eða hindrað nýtingu ytra mats. Byggt er á greiningu opinberra gagna en einnig voru tekin viðtöl við fulltrúa gæðaráðs. Niðurstöður sýna að gæðaráð leggur áherslu á virkni starfsfólks háskóla og að það hafi nokkuð um matsferlið að segja. Aðferðir ráðsins ættu því að geta leitt til þess að háskólar geti nýtt sér útkomu ytra mats á margvíslegan máta.

## **„Þú færð þessar þreyttu einingar!“ – Gæði háskólakennslu frá sjónarhóli kennara**

**Anna Ólafsdóttir, dósent Hug- og félagsvísindasviði HA**

Á síðustu árum hefur athygli í vaxandi mæli verið beint að kennsluháttum í háskólakennslu sem mikilvægum þætti í gæðum háskólamenntunar. Í erindinu verður greint frá rannsókn þar sem skoðaðar voru hugmyndir kennara og stjórnenda innan háskólastofnunar um það í hverju gæði háskólakennslu felist og í því sambandi leitast við að greina hvaða innri og ytri kraftar leika hlutverk í gæðaumræðu og gæðastarfi háskóla. Í rannsókninni voru notaðar bæði eigindlegar og meginlegar aðferðir við gagnaöflun.

Í erindinu verður athyglinni beint að gæðum háskólakennslu frá sjónarhóli háskólakennara og grein gerð fyrir helstu niðurstöðum úr eigindlegum hluta rannsóknarinnar. Allir viðmælendur úr hópi kennara voru spurðir um upplifun sína af kennslu, hvað gerði háskólakennslu góða og hvaða þættir styddu við eða hindruðu möguleika þeirra til að kenna í samræmi við eigin hugmyndir um góða háskólakennslu. Greina mátti nokkur meginstef í svörum viðmælenda. Þeirra sterkast var áhersla kennara á mikilvægi virkrar þátttöku nemenda í umræðu um efni kennslustunda. Þegar rætt var um hindranir í veginum voru fjárhagslegir þættir mest áberandi í máli kennara, þeirra á meðal reiknilíkan ráðuneytis sem miðast við svonefndar „þreyttar einingar“ þ.e. heildarfjöldi eininga sem lokið er í námi innan stofnunarinnar en fjöldi þreyttra eininga ræður fjármagni ráðuneytisins til stofnunarinnar.

## **Námsreynsla fyrsta árs nema í þremur greinum innan Háskóla Íslands**

**Guðrún Geirsdóttir, dósent og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar HÍ**

*Í nýlegri stefnu sinni setur Háskóli Íslands fram þau markmið að vinna markvisst að því að auka námsástundun, bæta námsframvindu og draga úr brottfalli nemenda sinna (Stefna Háskóla Íslands 2011-2016). Háskólinn fetar þar í spor háskóla víða um heim sem leita leiða til að auka gæði náms og horfa þar*

m.a. til námsreynslu nemenda. Reynsla nemenda af háskólanámi hefur verið rannsóknarefni fræðimanna um nokkurra áratuga skeið enda víða litið til þeirrar reynslu í gæðamatskerfum háskóla.

Hér verða kynntar fyrstu niðurstöður langtímarannsóknar á námsreynslu háskólanema innan þriggja háskólagreina við Háskóla Íslands. Meginmarkmið rannsóknar er að draga fram greinabundna reynslu háskólanema af því að takast á við háskólanám og greina hvað nemar telja einkum styðja við eða hindra námsgengi sitt.

Rannsóknin er viðtalsrannsókn þar sem gagna er aflað með reglubundnum viðtölum við 12 nemendur sem hófu nám við Háskóla Íslands haustið 2009. Greint verður frá fyrstu niðurstöðum sem snúa að reynslu nema af fyrsta námsári sínu í háskóla. Niðurstöður sýna að nemendum finnst erfitt að átta sig á eigin námsstöðu í upphafi náms svo og greinabundnum kröfum háskólans um hvað telst nauðsynleg hæfni. Í niðurstöðum eru dregnir fram þeir þættir sem nemendur telja helst hafa áhrif á eigið námsgengi.

**13:30 -15:00**

**Stjórnun menntastofnana**

**Rannsóknarstofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi**

**Almannatengsl í skólastarfi. Samskipti og upplýsingamiðlun milli skóla og foreldra**



**Aðalbjörg Ingadóttir, Norðlingaskóla**

**Leiðbeinendur: Börkur Hansen, prófessor Menntavísindasviði HÍ og Amalía Björnsdóttir, dósent**

**Menntavísindasviði**

Meginmarkmið þessa rannsóknarverkefnis er að kortleggja almannatengsl í skólastarfi með áherslu á samskipti og upplýsingamiðlun sem fram fer milli grunnskóla og foreldra. Kannað er að hve miklu leyti viðhorf kennara og foreldra til gagnsemi upplýsinga og boðleiða fer saman. Niðurstöðum er ætlað að vera grundvöllur undir áætlanagerð um markvisst foreldrasamstarf sem eykur innsýn og hlutdeild foreldra í nám nemenda.

Rannsóknin fór fram í Norðlingaskóla á vorönn 2012 og var beitt eigindlegum og meginlegum rannsóknaraðferðum við öflun gagna. Tekin voru fjögur hálfopin rýnihópaviðtöl við foreldra og spurningalistar voru lagðir fyrir kennara skólans.

Niðurstöður sýna að væntingar foreldra og kennara til foreldrasamskipta og upplýsingamiðlunar samræmast í meginatriðum. Kennarar vilja auka samstarf sitt við foreldra á flestum sviðum og foreldrar eru tilbúnir í aukið samstarf um nám nemenda. Þannig gefa niðurstöður vísbendingar um að ríkur samstarfsvilji sé á milli kennara og foreldra. Foreldrum finnst þeir hafa möguleika á að hafa áhrif á skólastarfið og þeim finnst aðgengi að upplýsingum og viðmót starfsfólks gott. Kennurum og foreldrum finnst að áhrifa foreldra í skólastarfinu eigi einna helst að gæta í námi nemenda, agamálum, þátttöku í félagsstarfi og viðburðum í almennu skólastarfi en síður í stefnumótun skólans og námsmati.

Vilji kennara snýr að meiri áherslu á að upplýsa foreldra um starfs- og kennsluhætti á námskynningum og samræmist það þörfum foreldra sem kalla eftir frekari fræðslu um þessi mál. Kennarar treysta mest á að miðla upplýsingum um einstaka þætti sem snúa að sýn og stefnu skólastarfsins í gegnum heimasíðu og kynningar- og fræðslufundi. Aftur á móti virðast foreldrar sjaldan heimsækja heimasíðuna. Foreldrar lýsa yfir áhuga á að fá meiri upplýsingar um nám, líðan og hegðun í gegnum rafræna miðla og kennarar vilja að þessar boðleiðir verði betur nýttar í þeim tilgangi.

## **Traust. Helstu áskoranir og tækifæri nýs skólastjóra við uppbyggingu trausts**

**Guðrún Matthíasdóttir, M.Ed.**

**Leiðbeinandi: Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Með rannsókn þessari var leitast við að varpa ljósi á það hvernig nýir skólastjórar byggja upp traust meðal starfsmanna og viðhalda því. Áhersla var lögð á sjónarmið kennara og viðfangsefnið skoðað út frá hugmyndum kennara sem hafa reynslu af stjórnun þriggja eða fleiri skólastjóra. Í rannsókninni var beitt eiginlegri rannsóknaraðferð þar sem tekin eru hálfopin viðtöl við fjóra kvenkyns kennara úr fjórum grunnskólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Leitað var svara við spurningunni: *Hvernig ávinna nýir skólastjórar sér traust skólasamfélagsins?* Einnig var leitað svara við tveimur undirspurningum er tengjast viðfangsefninu: *Hvað telja kennarar mikilvægt í fari skólastjóra við uppbyggingu trausts? Hver eru helstu mistök nýs skólastjóra sem geta haft neikvæð áhrif á uppbyggingu trausts?* Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að kennararnir telja það mestu mistök nýs skólastjóra að byrja að breyta um leið og hann tekur við stjórn skólans. Þeir leggja áherslu á að nýr skólastjóri þurfi að gefa sér tíma, að minnsta kosti eitt ár, til að kynna menningu skólans og starfsfólkinu áður en farið er út í breytingar á skólasamfélaginu. Niðurstöður benda enn fremur til þess að hæfileiki skólastjórans til að treysta starfsmönnum virðist hafa mikil áhrif á það hvort kennarar treysta skólastjóranum eða ekki.

### **Starfsánægja skólastjóra – það sem hvetur og letur!**

**Hólmfríður S. Gylfadóttir, kennari við Grunnskólann í Borgarnesi**

**Leiðbeinandi: Börkur Hansen, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á starfsánægju skólastjóra í grunnskólum á Íslandi. Tekin voru viðtöl við sjö skólastjóra. Stuðst var við tveggja þátta kenningu Herzberg, Mausner og Snyderman sem gengur út á að það sem stuðlar að starfsánægju séu innri hvatar en ytri hvatar stuðli að óánægju. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að skólastjórar upplifa að innri þættir eins og afrakstur og sjálfstæði í starfi leiði frekar til starfsánægju en ytri þættir, eins og laun og starfsaðstæður. Undantekning frá þessu eru samskipti sem samkvæmt tveggja þátta kenningunni er ytri þáttur. Jákvæð samskipti skólastjóra við samstarfsfólk, foreldra og nemendur, er sá þáttur sem hefur mest áhrif til aukinnar starfsánægju. Aðrir mikilvægir þættir sem stuðla að starfsánægju skólastjóra eru m.a. tækifæri til að starfa á faglegum forsendum og að sjá afrakstur vinnu sinnar skila árangri. Ýmislegt í

umhverfi skólastjóranna ýtir undir óánægju í starfi. Svo virðist t.d. sem togstreita ríki víða milli skólastjóra og yfirvalda sem tengist ónógum stuðningi yfirvalda í erfiðum málum. Þá virðist gæta togstreitu á nokkrum stöðum milli starfsmanna skóla og yfirmanna um hlutverk skólastjóra. Þá stuðlar mikið vinnuálag, s.s. vegna ofgnóttar verkefna og erfiðra samskipta, að aukinni óánægju skólastjóra í starfi.

## **Hver er mestur? Rannsókn á þjónandi forystu innan kvennakirkjunnar**

**Ragnhildur Ásgeirsdóttir, M.Ed.**

**Leiðbeinandi: Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor Menntavísindasviði**

Markmiðið með þessari rannsókn er að skoða þjónandi forystu innan kvennakirkjunnar sem er grasrótarhreyfing innan þjóðkirkjunnar. Leitað er svara við því hvernig þjónandi forysta birtist í stjórnunarháttum kvennakirkjunnar. Fræðilegur bakgrunnur hvílir á hugmyndafræði þjónandi forystu eins og hún birtist hjá Robert K. Greenleaf sem er einn af brautryðjendum þeirrar hugmyndafræði. Þjónandi forysta leggur áherslu á þjónustu leiðtogans og hæfni hans til að virkja fólk til samstarfs með þjónustuna að leiðarljósi. Rannsóknin er eigindleg og byggir á túlkunarfræðilegri fyrirbærafræði. Tekið var viðtal við prest kvennakirkjunnar, tekin voru 60-100 mínútna einstaklingsviðtöl við fjórar konur, rætt einu sinni við fimm konur í rýnihópi og gerðar níu þátttökuathuganir. Niðurstöður sýna að einkenni þjónandi forystu koma greinilega fram í starfi og þjónustu kvennakirkjunnar. Þátttakendur töldu starfið einkennast af valddreifingu, jafnræði og samkennd. Ennfremur upplifðu þátttakendur að um markvissa styrkingu og eflingu væri að ræða meðal þátttakenda í kvennakirkjunni, að samskipti einkenndust af trausti og að mörkuð væri skýr stefna í málefnum kirkjunnar. Rannsóknin er sú eina á þessu sviði sem gerð hefur verið á starfi og þjónustu íslensku kvennakirkjunnar og ætti að geta nýst til að styrkja og meta faglegt starf hennar sem er í stöðugri þróun og endurmati.

**15:30 -17:00**

## **Stjórnun menntastofnana**

### **Rannsóknarstofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi**

#### **Efnahagshrunið og skólastarf á Hornafirði**

**Eygló Illugadóttir, M.Ed.**

**Leiðbeinandi: Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Rannsóknin er um hvaða áhrif efnahagshrunið haustið 2008 hafði á skólastarf í sveitarfélaginu Hornafirði. Rannsóknarspurningarnar eru: *Hvernig breyttist lærdómsmenning og nýsköpun í skólum á Hornafirði við efnahagshrunið 2008? Hvaða áhrif hefur efnahagshrunið haft á skólastarf í Hornafirði? Er um kreppu að ræða, þá hverskonar og brugðust stjórnendur við á æskilegan hátt?* Megin rannsóknaraðferðin er eigindleg en einnig eru skoðaðar rekstrarlegar upplýsingar árána 2003/2004 og 2007-2011 er varða launakostnað og rekstur skólanna. Viðtöl voru tekin við alla skólastjórnendur, alls 8 manns. Niðurstaðan bendir til að aðhalds hafi verið gætt í allmörg ár. Frá árinu 2010 hefur enn frekar þurft að gæta aðhalds í leik- og tónskólanum, niðurskurður er á fjármagni til grunnskólans og útgjöld ríkisins til framhaldsskólans og þekkingarnetsins hafa dregist saman. Lærdómsmenning er mikilvægur þáttur í starfsemi allra skólanna. Ný framhaldsskólalög og sameining grunnskóla á Hornafirði hafa frekar en efnahagshrunið orðið til þess að nýsköpun hefur átt sér stað í skólunum. Markmið stjórnenda var að efnahagshrunið bitnaði sem minnst á nemendum en dregið var úr yfirvinnu og endurmenntun starfsmanna. Samkvæmt rannsóknum á kreppu í skólum hafa stjórnendur brugðist við á réttan hátt en þeir hafa í tæka tíð náð að aðlaga skólana að breyttum aðstæðum.

## **Efnahagshrunið og skólastarf í tveimur bæjarfélögum: Skólakreppa?**

**Sigurlína Davíðsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Arna H. Jónsdóttir, lektor Menntavísindasviði**

**Rannsóknarhópur: Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor Menntavísindasviði**

**Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor Menntavísindasviði**

**Börkur Hansen, prófessor Menntavísindasviði**

**Ólafur H. Jóhannsson, lektor Menntavísindasviði**

**Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor Menntavísindasviði**

Hversu mikið hefur kreppan raskað skólastarfi í íslenskum skólum? Er munur á leik- og grunnskólum sem sveitarfélög reka og framhaldsskólum sem ríkið rekur? Hversu mikill munur er milli sveitarfélaga og hvað skiptir máli? Getur staðan talist skólakreppa? Hvernig hafa skólastjórnendur brugðist við? Aðalmarkmið rannsóknarinnar er að kanna áhrifin af efnahagskreppunni 2008 á skóla í tveimur sveitarfélögum, öðru í landbúnaðarhéraði, hinu í meðalstórum kaupstað. Upplýsinga um mönnun og kostnað við skólahaldið var aflað fyrir árin 2005 og 2007-2010/11. Viðtöl voru tekin og rýnihópar með fræðslustjórum, skólastjórnendum, kennurum, öðru starfsfólki, foreldrum og nemendum í völdum leik-, grunn- og framhaldsskólum. Þrátt fyrir efnahagskreppuna hefur grunnstarf skólanna verið verndað, lög segja fyrir um meiri verndun grunnskólastarfs en leik- og framhaldsskóla. Yfirvinna er yfirleitt ekki í boði, bekkir eru fjölmennari, skólastjórnendur sjá um forfallakennslu eða henni er hagrætt í elstu bekkjum, stjórnendur eru færri, starfsfólk er í hlutastörfum, tómstundastarf og sérfræðistörf svo sem ráðgjöf hafa verið skorin niður, einnig viðhald tækja og húsnæðis. Niðurstöður verða ræddar í ljósi rannsókna á skólakreppum, skilgreint sem atburður eða atburðir sem ógna grunnildum skóla og stjórnunar þeirra. Kreppan hér er fyrirsjáanlegur ytri atburður, sem gerði skólastjórnendum auðveldara að minnka áhrifin af henni og koma í veg fyrir skólakreppu.

## Starfspróun Leikskólakennara. Hvað letur og hvað hvetur

Ólafía Guðmundsdóttir leikskólastjóri

Litið hefur verið á starfspróun leikskólakennara sem leið til að auka hæfni og styrkja faglegt sjálfstraust og starfsánægju. Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt var reynt að varpa ljósi á þá þætti sem skipta mestu máli fyrir starfspróun leikskólakennara.

Gerð var eigindleg rannsókn og tekin viðtöl við 6 leikskólakennara með mislangan starfsaldur í tveim leikskólum, í tveimur sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Spurt var hvort starfspróun hafi áhrif á faglegt sjálfstraust leikskólakennara og hvaða áhrif niðurskurður hefði á tækifæri til starfspróunar? Hugtökin starfspróun og faglegt sjálfstraust voru lögð til grundvallar í fræðilegri umfjöllun.

Skoðað var hvað það er sem hvetur og letur leikskólakennara þegar kemur að starfspróun og hvað leikskólastjóri getur gert í því samhengi. Niðurstöður viðtalanna voru bornar saman við kenningar Bandura um faglegt sjálfstraust. Niðurstöður benda til þess að starfspróun styrki faglegt sjálfstraust leikskólakennara en að niðurskurður hafi dregið úr möguleikum kennara innan leikskólanna til faglegrar ígrundunar. Hvetjandi þættir eru t.d. þróunarverkefni og að takast á við breytingar. Letjandi þættir eru miklar fjarvistir vegna veikinda og minni fundartími. Leikskólastjórar hafi þó reynt að standa vörð um faglegt starf og hafa hvatt til starfspróunar. Töldu viðmælendur að komið væri að þolmörkum ef ekki ætti að skerða faglegt starf í leikskólum.

**H-202**

**9:00-10:30**

**Leiðir til að auka virka þátttöku og sjálfstæði barna með frávík í hegðun eða þroska**

**Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga**

**Úr sérúrræði í almennu kennslustofuna: Áhrif stuðningsáætlunar með stighækkandi viðmiðum um frammistöðu**

**Lucinda Árnadóttir, MS-nemi Heilbrigðisvísindasviði HÍ**

**Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir, MA-nemi Menntavísindaviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Anna-Lind Pétursdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður lýst framkvæmd virknimats og stuðningsáætlunar fyrir 8 ára grunnskólanemanda með einbeitingarskort og vaxandi hegðunarerfiðleika sem leitt höfðu til þess að nemandinn dvaldi að mestu í sérúrræði á meðan almenn kennsla hjá umsjónarkennara fór fram. Bæði hegðunarerfiðleikarnir og vistunin í sérúrræðinu höfðu neikvæð áhrif á félagslega stöðu nemandans. Gert var virknimat til að kanna áhrifaþætti hegðunarerfiðleikanna í almennu kennslustofunni. Síðan var gerð einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun sem beindist að þessum áhrifaþáttum. Markmiðið var að draga úr þeirri hegðun sem truflaði kennslu hjá umsjónarkennara og nám samnemenda og hafði neikvæð áhrif á námsástundun nemandans. Lykilþáttur í áætluninni var einstaklingsmiðað hvatningarkerfi til að styrkja æskilega hegðun og bregðast við truflandi hegðun drengsins á viðeigandi hátt. Notuð voru stighækkandi viðmið um frammistöðu til að ýta undir vaxandi sjálfstæði nemandans. Endurteknar hegðunarmælingar fyrir og eftir inngrip sýndu að verulega dró úr truflandi hegðun við inngrip, eða úr að meðaltali 43 truflunum í tvær truflanir á 20 mínútum. Á sama tíma jókst námsástundun nemandans úr 69% í 95% að meðaltali í kennslu hjá umsjónarkennara. Þessi árangur náðist á aðeins þremur vikum og varð til þess að hætt var við áform um að nemandinn skyldi tekinn úr almennri kennslu hjá umsjónarkennara og dvelja alfarið í sérúrræði sökum vaxandi hegðunarerfiðleika. Sex vikum eftir upphaf inngrips hafði árangurinn viðhaldist í kennslu hjá umsjónarkennara en einnig hafði hegðun nemandans batnað í sérgreinatímum.

**Sýndu mér og ég skil: Áhrif myndbandssýnikennslu á leik og félagsleg samskipti barna með einhverfu**

**Þórhalla Guðmundsdóttir, sérkennsluráðgjafi og MA-nemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Anna-Lind Pétursdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Félagsfærni er mikilvægur þáttur í lífi okkar allra. Félagsfærni gefur okkur tækifæri til að koma skoðunum okkar og vilja á framfæri, mynda tengsl og vera virkur þátttakandi í samfélaginu. Slök félagsfærni er eitt af megineinkennum einhverfu og flest börn með einhverfu sýna lítið frumkvæði að gagnkvæmum samskiptum. Rannsóknir hafa sýnt að börn með einhverfu geta aukið félagsfærni sína til muna þegar þeim er veitt ígrunduð og vel skipulögð þjálfun. Myndbandssýnikennsla er ein af þeim aðferðum sem reynst hefur vel til að efla félagsfærni barna og fullorðna. Í þessu erindi verður sagt frá rannsókn á áhrifum myndbandssýnikennslu með Ipod touch á félagslegt frumkvæði og gagnvirkan leik hjá fjórum leikskólabornum með einhverfu. Einnig var skoðað hvort frumkvæði og gagnvirkur leikur hjá börnum yfirfærðist yfir á aðrar aðstæður og leikfélaga. Til viðbótar var kannað hvort aukning yrði á orðum og leikhljóðum í leiknum og hvort framfarir héldust yfir tíma. Margfalt grunnlínusnið milli þátttakenda sýndi að félagsfærni allra þátttakendanna jókst við inngrip og að aukning varð á tjáningu í leik við jafnaldra. Einnig færðist færnin yfir á nýjar aðstæður og viðhélst fjórum vikum eftir lok inngrips. Niðurstöðurnar renna stoðum undir að myndbandssýnikennsla sé áhrifarík leið til að kenna börnum með einhverfu félagsleg samskipti.

**“Hann er bara farinn að hjálpa hinum börnunum að muna reglurnar”:** Hvernig virknimat og einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun leiddi til jákvæðra breytinga á leikskóladeild

**Ásta Björnsdóttir**

**Eva Sif Jóhannsdóttir**

**Freyja Baldursdóttir**

**MA-nemar Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Anna-Lind Pétursdóttir dósent Menntavísindasviði HÍ**

Virknimat (*functional behavioral assessment*) er áhrifamikið ferli til að skoða aðstæður og aðdraganda sem ýta undir erfiða hegðun einstaklinga og hvaða afleiðingar gætu mögulega viðhaldið hegðuninni. Notast var við virknimat til að búa til heildstæða stuðningsáætlun fyrir fjögurra ára barn sem hafði sýnt erfiða og truflandi hegðun frá tæplega tveggja ára aldri. Markmiðið var að auka virka þátttöku barnsins í



samverustundum og draga úr erfiðri hegðun þess. Inngrip heildstæðrar stuðningsáætlunar beindust meðal annars að því að breyta skipulagi samverustundar, samræma aðferðir kennara og kenna viðeigandi hegðun með ýmsum hætti. Einnig voru notuð hvatningarkerfi til að styrkja æskilega hegðun barnsins og hópsins í heild. Eftir að inngrip hófust jókst virk þátttaka barnsins um 70% og tíðni truflandi hegðunar minnkaði um 88%. Inngripin höfðu einnig jákvæð áhrif á virka þátttöku hinna barnanna og vinnubrögð kennara í samverustundum. Fram kom mikil ánægja hjá barninu, kennurum og foreldrum með stuðningsáætlunina og vilji til nýta sér úrræðin áfram.

### **Of mikið af því góða? Um áhrif stuðningsáætlana með hvatningarkerfi á sjálfstæði nemenda með langvarandi hegðunarerfiðleika**

**Anna-Lind Pétursdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Fjallað verður um áhrif stuðningsáætlana með hvatningarkerfi á sjálfstæði nemenda með langvarandi hegðunarerfiðleika. Stundum er þörf á umfangsmiklum íhlutunum til að draga úr alvarlegum og langvarandi hegðunarerfiðleikum nemenda. Einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir með hvatningarkerfi hafa reynst vel í því sambandi, en fram hafa komið áhyggjur af neikvæðum áhrifum umbunar á innri áhugahvöt nemenda til að standa sig vel eftir að notkun hvatningarkerfis lýkur. Fjallað verður um rannsóknir á þessu sviði og hvernig haga megir stuðningi þannig að sjálfstæði nemenda aukist. Í erindinu verður lýst skrefum í að draga úr umfangi stuðningsáætlana um leið og stuðlað er að vaxandi sjálfstæði einstaklinga með langvarandi hegðunarerfiðleika. Gefin verða raunveruleg dæmi um hvatningarkerfi með stighækkandi færniviðmiðum sem leiddu til aukins sjálfstæðis nemenda, bæði hvað varðar sjálfstjórn og námsástundun. Einnig verða gefin dæmi um upplifun nemenda, kennara og foreldra af slíkum stuðningsáætlunum með stighækkandi færniviðmiðum.

**11:00-12:30**

## **Málþroskafrávik og úrræði**

### **Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga**

#### **Úttekt á stöðu barna og unglunga með tal- og málþroskaröskun**

**Þóra Sæunn Úlfisdóttir, talmeinafræðingur og**

**doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Meðhöfundar: Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ,**

**Jóhanna Einarsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ og Marta Gall Jörgensen, cand psych**

Börn sem greinast með málþroskafrávik á leikskólaaldri eiga á hættu að þeim gangi illa að læra að lesa í grunnskóla, sem hefur síðan áhrif á námsárangur þeirra og menntunar- og atvinnutækifæri síðar sé ekki gripið til viðeigandi íhlutunaraðgerða. Nýleg skýrsla um þjónustu við börn með málþroska- og boðskiptavanda í Bretlandi ([http://www.johnbercow.co.uk/the\\_bercow\\_report](http://www.johnbercow.co.uk/the_bercow_report)) sýndi að brýn þörf væri á úrbótum í þessum málaflokki. Til að kanna stöðuna á Íslandi fól mennta- og menningarmálaráðuneytið/Alþingi Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi að gera úttekt á fjölda barna og ungmenna á Íslandi sem greinst hefðu með málþroskafrávik, úrræðum sem þeim stæðu til boða, ábyrgð og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, velferðar- og menntamálaráðuneyta, mati hagsmunaaðila (foreldra, kennara, talmeinafræðinga, heilbrigðisstarfsfólks, sveitarstjórnarmanna o.fl.) á þjónustunni, æskilegum úrbótum o.fl. þáttum. Gagna var aflað: annars vegar með eigindlegri greiningu á opinberum gögnum um skipulag þjónustu og ábyrgð. Hins vegar með rafrænum spurningalista í 23 liðum sem sendur var foreldrum, kennurum, sérfræðingum og kjörnum fulltrúum sveitarfélaga. Alls bárust svör frá 1917 manns. M.a. kom fram að fjöldi barna með málþroskaröskun eru líklega vangreind á Íslandi. Mat foreldra barna sem fengið hafa greiningu á þjónustunni er mun neikvæðara en mat kennara og sveitarstjórnarmanna, en allir eru sammála um að úrbóta sé þörf í málaflokknum.

## **Framvinda og horfur stams leikskólabarna**

**Hildur Edda Jónsdóttir, MS-nemi Heilbrigðisvísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Jóhanna Einarsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar var að finna út hvort mögulegt er að spá fyrir um framvindu og horfur stams út frá einkennum þess þegar börn eru á aldrinum 3-6 ára með því að athuga stam sömu barna þegar þau eru á aldrinum 10-13 ára. Haft var samband við forráðamenn þátttakenda og könnuð framvinda stamsins hjá börnunum sem nú eru á aldrinum 10-13 ára.

Stam er þekkt taltruflun sem hefur mikil áhrif á lífsgæði þess sem stamar og öll samskipti við aðra. Stam hefur mikið verið rannsakað en þó eru ekki allir á sama máli varðandi orsakir og meðferð. Ýmsar aðferðir hafa verið reyndar til að hjálpa þeim sem stama.

Í rannsókninni voru foreldrar beðnir um að svara spurningalista. Spurningar á listanum beindust að sögu stamsins hjá barninu, skólagöngu barnsins og þau einkenni sem birtast í stami barnsins. Það einkenni í stami sem var skoðað sérstaklega eru bil á milli endurtekninga í staminu en vísbendingar hafa fundist í öðrum rannsóknum að lengd bilanna geti haft forspárgildi um það hverjir hætta að stama og hjá hverjum stamið verður þrálátt. Málsýni frá þátttakendum voru skoðuð með hljóðgreiningarforritinu Praat. Í fyrirlestrinum verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar.

## **Breytileiki í stami íslenskra leikskólabarna**

**Kristín Lára Halldórsdóttir, MS-nemi Heilbrigðisvísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Jóhanna Einarsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða breytileika sem er algengur í stami ungra barna.

Rannsóknarspurningarnar voru fjórar:

- 1) Kemur fram breytileiki í tíðni stamaðra atkvæða hjá hverjum þátttakanda og milli þátttakenda?
- 2) Kemur fram breytileiki í hraða tals við endurteknar grunnlínurælingar
- 3) Kemur fram breytileiki í alvarleikamati stams að mati rannsakenda og að mati foreldra?
- 4) Ríkir samkvæmni milli alvarleikamats sem foreldrar og rannsakandi gera á stami barnanna?

Mikilvægt er að fylgjast með breytileika á grunnlínuskeiði svo hægt sé að taka ákvörðun um hvort þörf sé á meðferð og hvort búast megi við jákvæðum breytingum að henni lokinni. Í rannsókninni voru tekin upp málsýni af þremur börnum á leikskólaaldri. Viðmælandi var alltaf sá sami, staðsetningin var alltaf sú sama og verkefni sem börnin fengust við líka þau sömu. Það eina sem breyttist var tíminn milli mælinganna.

Í rannsókninni var líklegum áhrifabreytum haldið stöðugum. Því er hægt að koma fram með þá tilgátu að ef breytileiki kemur fram í stami leikskólabarnanna, þá sé það vegna þess að breytileiki stýrist ekki af ofgreindum breytum. Þá má álykta að breytileiki sé í eðli sínu hluti af byrjunareinkennum stams og hann er ekki hægt að útskýra með utanaðkomandi breytum.

**13:30-15:00**

## **Málþroski leikskólabarna**

### **Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga**

**Handbók-Orðaspjall með leikskólabörnum: Aðferð til að efla orðaforða og hlustunarskilning**

**leikskólabarna með bóklestri**

**Árdís Hrönn Jónsdóttir, verkefnastjóri og sérkennslustjóri í Tjarnarseli**

**Inga María Ingvarsdóttir, leikskólastjóri í Tjarnarseli**

Haustið 2009 hófst í leikskólanum Tjarnarseli í Reykjanesbæ þróunarverkefnið *Bók í hönd og þér halda engin bönd, að efla mál- og læsisþroska leikskólabarna með bóklestri*. Á verkefnistímanum, sem voru þrjú ár, þróuðu leikskólakennarar Tjarnarsels aðferð undir stjórn Árdísar H. Jónsdóttur til að efla *orðaforða* og *hlustunarskilning* barna með því að lesa fyrir þau. Aðferðin kallast *Orðaspjall* en hún felst í að kenna orð úr barnabókum með samræðum og leikjum. Orðin eru valin úr svokölluðu millilagi orðaforðans en það eru orð sem leynast víða í rituðum texta og skipta miklu máli fyrir lesskilning þegar reyna fer á hann síðar á skólagöngunni. Í erindinu verður annars vegar sagt frá því hvernig *Orðaspjallsaðferðin* hefur þróast á síðustu árum og hins vegar hvernig hún hefur fléttast inn í allt starf leikskólans s.s. í vettvangsferðir, þemastarf, matmálstíma og þegar börnunum er sagðar sögur og kenndar vísur og þulur.

Verkefnið fékk styrk til handbókargerðar um *Orðaspjallsaðferðina* úr Þróunarsjóði námsgagna leik-, grunn- og framhaldsskóla og úr Manngildissjóði Reykjanesbæjar. Vinnan við handbókina er á lokastigi og er áætlað að hún komi út á haustmánuðum 2012. Handbókin er unnin í samvinnu við Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi barna og unglunga við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

## **Tengsl málþroskamælinga í leikskóla við ýmsa félagslega þætti og líðan í grunnskóla**

**Jóhanna Einarsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

**Ingibjörg Símonardóttir, talmeinafræðingur**

**Amalía Björnsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort það væru tengsl á milli málþroskamælinga áður en börn byrja í grunnskóla við félagslega þætti og líðan í grunnskóla síðar. Erindið er hluti af viðamikilli langtímarannsókn á tengslum málþroskamælinga við námsgengi og ýmsa félagslega þætti. Áður hefur verið gerð grein fyrir hluta þessarar rannsóknar eða tengslum málþroskamælinga við námsgengi í grunnskóla sjá <http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/006.pdf>.

Þátttakendur voru 220 unglingar á aldrinum 18 til 19 ára sem svöruðu spurningakönnun um líðan og aðstoð sem þau fengu í skólanum og fleiri félagslega þætti. Rannsóknin beindist að nemendum sjálfum og upplifun þeirra á þeirri þjónustu sem þeir fengu í grunnskóla. Könnuð voru tengsl á milli hvernig þátttakendur upplifðu sína reynslu af veittri aðstoð í grunnskóla borið saman við þá aðstoð sem þeir hefðu þurft að fá miðað við færni þeirra í undirstöðu fyrir væntanlegt lestrarnám á síðasta aldursári í leikskóla samkvæmt niðurstöðum á málþroskaprófinu HLJÓM-2 og TOLD-2. Vitað er að málþekking barna við upphaf grunnskólans hefur áhrif á hvernig þeim gengur á samræmdum prófum. Ennfremur hafa rannsóknir ítrekað sýnt að með snemmtækri íhlutun er hægt að hafa áhrif á málþroska barna og þar með á námsgengi þeirra. Lítið hefur verið skoðað hvort þekking á tungumálinu og færni í því hafi áhrif á líðan barna í skóla. Niðurstöður verða ræddar með tilliti til kennslu og íhlutunar.

**15:30-17:00**

### **Málþroski og læsi grunnskólabarna**

### **Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga**

**Hlutverk orðhlutavitundar í lestrarnámi: Niðurstöður úr langtímarannsókn á þroska, máli og læsi grunnskólabarna**

**Freyja Birgisdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður úr langtímarannsókn á þroska, máli og læsi fjöggra til átta ára barna. Rannsóknin í heild sinni spannar þrjú ár og er ætlað að draga upp heildarmynd af stöðu leik- og

grunnskólabarna á nokkrum lykilsviðum þroska og kanna tengsl þeirra við þróun læsis og gengi í námi almennt. Að þessu sinni mun athyglin beinast að þróun orðhlutavitundar á fyrstu árum grunnskólans og hvernig færni nemenda á því sviði tengist lestrarnámi þeirra. Megin spurningin er sú hvenær börn fara að ná tökum á þessari hlið málvitundar og hvernig hún tengist ólíkum þáttum lestrarferlisins, eins og t.d. umskráningarfærni, lesskilningi og stafsetningu. Þátttakendur voru 111 börn úr fjórum skólum í Reykjavík. Orðhlutavitund var metin í öðrum og þriðja bekk, en auk þess voru mælingar á hljóðkerfisvitund, stafabekkingu, umskráningu, lesskilningi og stafsetningu lagðar fyrir á sama tíma. Helstu niðurstöður voru að nemendurnir áttu almennt í nokkrum erfiðleikum með að leysa orðhlutarvitundarverkefnið í öðrum bekk, en meðalhutfall réttra svara var 50%. Frammistaða þeirra í prófinu gaf þó sterka vísbendingu um gengi þeirra í lestri ári síðar, sérstaklega í stafsetningu og lesskilningi. Talsverðar framfarir urðu á getu nemendanna við að leysa prófið á milli annars og þriðja bekkjar, en í þriðja bekk svöruðu þau að meðaltali 70% atriða þess rétt. Niðurstöðurnar benda til þess að næmi barna fyrir orðhlutum hafi áhrif á lestrarnám barna og því mikilvægt að gera þeim þætti góð skil í lestrarkennslu.

**Ritfærni barna í 1. bekk: Forspárgildi umskráningar, málþroska og sjálfstjórnar á leikskólaaldri fyrir frammistöðu í ritun í 1. bekk**

**Rannveig Oddsdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinendur: Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Freyja Birgisdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

**Steinunn Gestsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Líkt og aðrir þættir læsis byrjar ritun að þróast snemma og er þróun hennar háð öðrum þroska, umhverfi og reynslu. Samkvæmt ritunarlíkani Berninger (*simple view of writing*) eru umskráning, tök á textagerð/málþroski og sjálfstjórn helstu meginstoðir ritunar og var það markmið þessarar rannsóknar að kanna hvort frammistaða í umskráningu, málþroska og sjálfstjórn á leikskólaaldri hefði forspárgildi fyrir frammistöðu í ritun í 1. bekk. Rannsóknin var þriggja ára langtímarannsókn þar sem 56 börnum var fylgt eftir frá 4 ára aldri og þar til þau höfðu lokið sínum fyrsta vetri í grunnskóla. Við 4 og 5 ára aldur voru börnin prófuð í umskráningu, málþroska og sjálfstjórn og í lok 1. bekkjar voru lögð fyrir þau þrjú ritunarverkefni sem reyndu á stafsetningu og textagerð. Færni í umskráningu á leikskólaaldri reyndist hafa sterkt forspárgildi fyrir frammistöðu í stafsetningu í fyrsta bekk en mun minni áhrif á merkingarlega þætti. Áhrif málþroska og sjálfstjórnar mældust hins vegar lítil. Þessar niðurstöður eru í takt við

hugmyndafræði *simple view of writing* sem gerir ráð fyrir því að færni í tæknilegum þáttum ritunar annars vegar og merkingarlegum þáttum hins vegar byggji á ólíkum undirstöðum og takmörkuð færni í einum þætti geti haft hamlandi áhrif á aðra þætti.

**Samanburður á þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema sem hafa íslensku sem annað tungumál og jafnaldra þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli**

**Sigríður Ólafsdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinendur: Freyja Birgisdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

**Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

MA rannsókn höfundar 2010 leiddi í ljós að íslenskir grunnskólanemendur með annað móðurmál en íslensku (ísl2) í fyrsta til fjórða bekk voru með mun minni íslenskan orðaforða en sex ára börn með íslensku að móðurmáli (ísl1) (Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2010). Ekki mældist marktækur munur á meðalorðaforða þátttakenda í öðrum til fjórða bekk. Börn með austur-evrópsk móðurmál skoruðu hærra en börn með móðurmál sem töluð eru utan Evrópu. Í þessum fyrirlestri verða kynntar fyrstu niðurstöður doktorsrannsóknarinnar *Samanburður á þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema sem hafa íslensku sem annað tungumál og jafnaldra þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli*. Megintilgangur rannsóknarinnar er að auka þekkingu á þróun íslensks orðaforða ísl2 nemenda og hvernig orðaforði þeirra tengist öðrum sviðum málþroska og lesskilningi. Einnig verður litið til annarra áhrifspátta svo sem menntunarstigs móður, kunnáttu ísl2 barnanna í móðurmálum þeirra skv. mati foreldra og hvort ísl2 börnin fá kennslu í móðurmálum sínum. 61 þátttakandi MA rannsóknarinnar sem nú eru í fjórða og sjötta bekk tók þátt í fyrsta hluta doktorsrannsóknarinnar ásamt 33 ísl2 til viðbótar og 97 ísl1 jafnöldrum. Börnin verða öll prófuð þrisvar á tveggja ára tímabili. Orðaforði var prófaður með *PPVT-4* sem hefur verið þýtt og staðfært með forprófum á íslenskum börnum og *Orðalykli* sem er staðlað íslenskt orðaforðapróf fyrir börn á grunnskólaaldri.

## **Hvernig mætir grunnskólinn þörfum nemenda með lestrarerfiðleika?**

**Jóhanna L. Gísladóttir, meistaranemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinendur: Steinunn Torfadóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ og Freyja Birgisdóttir, lektor**

**Menntavísindasviði**

Gerð var rannsókn á því hvernig grunnskólinn mætir þörfum nemenda með lestrarerfiðleika. Tveir spurningalistar voru lagðir fyrir, annars vegar fyrir kennara og hins vegar fyrir foreldra.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig grunnskólakennarar skipuleggja lestrarkennslu nemenda með lestrarerfiðleika, hversu fljótt þeir grípa inn í ef veikleikar koma fram, og hversu góða þekkingu bekkjarkennarar telja sig hafa á lestrarörðugleikum. Annað megin markmið rannsóknarinnar er að kanna afstöðu foreldra barna með lestrarerfiðleika til kennslunnar og skoða hver upplifun þeirra er af stuðningi og þjónustu við barnið þeirra í skólanum. Þátttakendur í rannsókninni eru umsjónarkennarar í 1.-7. bekk í 19 grunnskólum víðsvegar af landinu og foreldrar nemenda með lestrarerfiðleika í 3., 5. og 7. bekk í sömu skólum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að flestir kennarar í grunnskólum landsins leggi sig eins og hægt er fram við að koma til móts við nemendur með lestrarerfiðleika. Margir hverjir telja sig þó ekki hafa nægjanlega þekkingu á lestrarerfiðleikum og finnst vanta tíma í faglega umræðu við samstarfsfólk sökum álags í starfi. Nokkur munur kemur fram á svörum foreldra og kennara við einstaka spurningum eftir landshlutum. Kennarar í Reykjavík telja sig hafa minni þekkingu á lestrarerfiðleikum barna en kennarar úti á landi og foreldrar telja sig hafa meiri þekkingu á lestrarerfiðleikum en kennarar. Flestum kennurum og foreldrum ber saman um að það vanti meiri viðbótarkennslu/sérkennslu fyrir nemendur með lestrarerfiðleika og að slík kennsla eigi að fara fram bæði inni í bekk og utan.



**H-204**

**9:00-10:30**

**Mat á frammistöðu nemenda og skólastarfi, réttmæti og áreiðanleiki**

**Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga**

**Athugun á réttmæti eftirfyllgniprófanna. LtL: Sjónrænn orðaforði og LtL: Lesfimi**

**Jóhanna Ella Jónsdóttir, Námsmatsstofnun**

**Guðmundur Torfi Heimisson, Námsmatsstofnun**

Möguleikar bekkjarkennara til að fylgjast með framvindu í lestrarnámi hjá nemendum á yngsta stigi hafa batnað mjög með tilkomu LtL-eftirfyllgniprófanna *Sjónræns orðaforða* og *Lesfimi*. Kostir þeirra eru m.a. að þau meta hvort um sig afmarkaða færni tengda lestri og þau eru einföld og fljótleg í notkun. Athuganir á langtímagögnum *LtL:Sjónrænn orðaforði* og *LtL:Lesfimi* hafa sýnt góðan áreiðanleika þeirra. Hér verður fyllt upp í upplýsingar um réttmæti þeirra með athugun á tengslum þeirra innbyrðis og við önnur mælitæki sem meta lestrarfærni nemenda. Sterk tengsl eftirfyllgniprófanna við önnur mælitæki sem meta lestur styðja túlkanir þeirra sem matstæki fyrir lestrarfærni.

**Réttmæti og áreiðanleiki RAASI skimunarprófs fyrir unglunga**

**Guðrún Birna Einarsdóttir, Námsmatsstofnun**

**Sigurgrímur Skúlason, Námsmatsstofnun**

Matskvarðinn RAASI (*Reynolds Adlecent Adjustment Screening Inventory*) er ætlaður til að skima fyrir um vandkvæði tengd hegðun og líðan unglunga. Íslensk þýðing og staðfærsla hans er nú tilbúin til útgáfu með viðmiðum er byggja á stöðlunarúrtaki 817 unglunga á aldrinum 12 til 20 ára. Fjallað verður um áreiðanleika og réttmæti hans samkvæmt niðurstöðum úr þessu stöðlunarúrtaki. Niðurstöður um áreiðanleika í heildarúrtaki og ólíkum aldurshópum verða birtar. Þær niðurstöður um réttmæti sem fjallað verður um lúta að tengslum matslistans við aðrar mælingar á líðan unglunga (m.a. RADS-2, MASC, BYI o.fl.).

## **Athugun á atriðabundnum kynjamun (*differential item functioning*) á Hljóðfærni**

**Guðmundur Torfi Heimisson, Námsmatsstofnun**

**Bjartey Sigurðardóttir, sérkennari Setbergsskóla**

Kynjamunur kemur ítrekað fram í mati á færni nemenda í grunnskóla. Slíkur munur milli hópa getur bæði legið í ólíkri færnidreifingu pílta og stúlkna en einnig í eiginleikum mælitækis. Mikilvægt er að kanna hvort eða að hvaða marki kynjamunur sem fram kemur á mælitæki eigi rætur að rekja til atriðabundins hópamun (*differential item functioning*) á mælitækinu. Atriðabundinn hópamunur felst í því að munur reynist á frammistöðu einstaklinga með svipaða færni eftir því hvaða samfélagshópi þeir tilheyra (til dæmis pílta og stúlkna). Í ljós hefur komið að kynjamunur er á greiningarprófinu Hljóðfærni. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á því hvort eða að hvaða marki sá munur er til kominn vegna atriðabundins kynjamunar.

## **Undirbúningur að færniþundnum einkunnum á samræmdum könnunarprófum**

**Sigurgrímur Skúlason, Námsmatsstofnun**

**Júlíus K. Björnsson, Námsmatsstofnun**

Ný aðalnámsskrá grunnskóla leggur áherslu á ríkari mæli á undirliggjandi færni nemenda en fyrri námskrár hafa gert. Hér verður fjallað um undirbúning einkunnakvarða sem tengja niðurstöður samræmdra könnunarprófa við færnilýsingar aðalnámsskrár. Slíkir einkunnakvarðar byggja annarsvegar á færniskilgreiningum með tilvísun í námskrá og hinsvegar á skölunarpplýsingum sem tengjast dreifingu nemenda og þyngd prófatriða. Fjallað verður um aðferðir við gerð slíkra einkunnastiga og tekin dæmi um slíkar niðurstöður fyrir samræmd könnunarpróf.

**11:00-12:30**

## **Starfshættir – einstaklingsmiðað nám**

### **Rannsóknarstofa um þróun skólstarfs**

#### **Einstaklingsmiðað nám í orði og á borði!**

**Ingvar Sigurgeirsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Á undanförunum árum og áratugum hafa fræðsluyfirvöld lagt áherslu á svokallað einstaklingsmiðað nám. Þessa áherslu má greina í lögum um grunnskóla, námskrám sem gefnar hafa verið út á grundvelli þeirra og í stefnumörkun margra sveitarfélaga. Í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum 2009–2011* var aflað margháttæðra gagna um kennsluhætti, m.a. um viðhorf kennara til einstaklingsmiðaðs náms og um hugmyndir þeirra um framkvæmd þessarar stefnu. Rannsóknin náði til tuttugu grunnskóla og byggt var á vettvangsathugunum, viðtölum og ítarlegum spurningakönnunum. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að bregða upp heildarmynd af starfsháttum í grunnskólum í upphafi aldarinnar.

Í erindinu verður fjallað um hugmyndir kennaranna í skólunum tuttugu um einstaklingsmiðað nám eins og þær birtast í viðtölum. Viðhorf kennara verða tengd dæmum úr kennslustundum sem fylgst var með í rannsókninni. Einnig verður vísað til niðurstaðna spurningakannana sem lagðar voru fyrir kennara og nemendur.

#### **Nám og kennsla á yngsta stigi grunnskóla, einstaklingsmiðun og nýting á námsumhverfi**

**Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

**Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður fjallað um námsumhverfi á yngsta stigi grunnskólans og hvernig það nýtist til náms. Sjónum verður einkum beint að því að skoða námsumhverfi og nýtingu þess í skólastofum fyrsta bekkjar annars vegar og fjórða bekkjar hins vegar. Gerður er eigindlegur samanburður á vettvangslýsingum á námsumhverfi í 1. bekk og 4. bekk. Ennfremur verður dregin upp mynd af námsumhverfi á yngsta stigi eftir árgöngum og lýst hvernig það er frábrugðið námsumhverfi í eldri árgöngum grunnskólans. Fjallað verður um einstaklingsmiðun í yngri árgöngum út frá megindlegum gögnum og hvernig hún hugsanlega tengist skipulagi umhverfis, hópaskiptingu, nýtingu á gögnum og tæknibúnaði/tækjum, efni á veggjum o.s.frv.

Rannsóknin er hluti af rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum 2009–2011* þar sem aflað var gagna í 20 grunnskólum m.a. með vettvangsathugunum, spurningalistum og viðtölum.

## **Frumkvæði, sjálfræði og samvinna frá 1. bekk til framhaldsskóla**

**Gerður G. Óskarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknastofu um þróun skólastarfs, Menntavísindasviði HÍ**

Eitt af einkennum einstaklingsmiðaðs náms er að nemendur velja sér viðfangsefni innan ramma sem kennari setur, hafa sjálfræði um framvinduna og beita eigin frumkvæði og hugmyndaflugi við lausn einstaklings- eða hópverkefna.

Í erindinu verður greint frá athugun á hlutfalli skólatíma sem nemendur höfðu frumkvæði í náminu, völdu sér viðfangsefni, stýrðu framvinnunni eða unnu saman að verkefnum, auk þess sem dregin verður upp mynd af viðfangsefnum í þessum tímum.

Athugunin er hluti af rannsókninni: *Skil skólastiga – frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Gögn sem nýtt eru hér var aflað með vettvangsathugunum í 1. og 10. bekk grunnskóla og á fyrsta ári framhaldsskóla; alls í 24 grunn- og framhaldsskólum í 33 skóladaga (samtals 139 klst.). Nám nemenda var flokkað í sex flokka og hver flokkur síðan greindur í þrjú þrep, sem standa fyrir mismikið frumkvæði og sjálfstæði nemenda í námi sínu, á svonefndum frumkvæðiskvarða.

Helstu niðurstöður bentu til að í 10. bekk væri mun stærra hlutfalli skólatímans (20%) varið í verkefni sem reyndu á frumkvæði nemenda og sjálfræði en bæði í 1. bekk (12%) og á fyrsta ári framhaldsskóla (10%). Jafnframt var talsvert stærra hlutfalli skólatímans varið í samvinnu í 10. bekk (19%) en í 1. bekk (3%) og á fyrsta ári framhaldsskóla (10%).

### **Pallborð - Eintaklingsmiðað nám**

#### **Til umræðu m.a.**

Hver eru einkenni einstaklingsmiðaðs náms?

Hver er þróun eintaklingsmiðaðs náms í grunn- og framhaldsskólum?

Viðhorf til einstaklingsmiðaðs náms?

**13:30-15:00**

## **Starfshættir – árangur, foreldrasamstarf og sjálfræði**

### **Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs**

#### **Hvað hefur áhrif á námsárangur grunnskólanema?**

**Amalía Björnsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða þætti starfsfólk grunnskóla, foreldrar og grunnskólanemendur teldu mikilvæga fyrir námsárangur og hvort samhljómur væri í viðhorfum þessara hópa. Gagna var aflað með spurningakönnunum sem starfsmenn og foreldrar barna í 20 grunnskólum og nemendur í 7. til 10. bekk í 14 grunnskólum svöruðu.

Þátttakendur voru inntir eftir mikilvægi ákveðinna þátta fyrir námsárangur. Þessir þættir tengjast bæði nemandanum sjálfum, t.d. áhuga og námsgetu, ytri þáttum, t.d. stuðningi foreldra og viðhorfi til náms í sveitarfélaginu og þáttum tengdum skólastarfi og kennsluháttum. Mikilvægasti þátturinn að mati starfsmanna er stuðningur foreldra en 92% telja hann mjög mikilvægan fyrir námsárangur, en fast á eftir fylgja áhugi nemenda og hæfni kennara. Þeir þættir sem oftast eru taldir mjög mikilvægir af foreldrum eru áhugi kennara (84%) og því næst stuðningur foreldra við námið. Nemendur mátu mikilvægi færri þátta en starfsmenn og foreldrar en flestir töldu kennslu kennarans vera mjög mikilvæga (54%) en síðan stuðning foreldra. Innan við helmingur starfsmanna, foreldra og nemenda telja námsgetu vera mjög mikilvæga fyrir námsárangur.

Rannsóknin er hluti af rannsóknarverkefni *Starfshættir í grunnskólum 2009–2011*, sem nær til 20 grunnskóla í fjórum sveitarfélögum og eru samstarfsaðilar um 50, m.a. frá HÍ og frá HA auk starfsmanna sveitafélaganna.

#### **Samstarf um skólagöngu grunnskólanemenda**

**Kristín Jónsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Erindið fjallar um hvað talið er æskilegt í samstarfi heimila og skóla, en það er einn þáttur rannsóknar á hlutdeild foreldra í grunnskólastarfi. Gagna var aflað með spurningakönnunum sem starfsmenn og foreldrar nemenda í 20 grunnskólum og nemendur í 7. – 10. bekk í 14 skólum svöruðu.

Foreldrar og starfsmenn skóla eiga sameiginleg markmið um farsæla skólagöngu grunnskólanemenda og gleðilega útskrift. Þrátt fyrir það reynist oft erfitt að stilla saman strengi. Aðild foreldra að skólastarfinu er

mismunandi milli skóla, eftir aldri nemenda og af ýmsum öðrum ástæðum. Nemendur hafa og mismunandi reynslu af samstarfi hinna fullorðnu.

Í erindinu verður fjallað um viðhorf foreldra, skólafólks og nemenda til æskilegs samstarfs, reifað að hvaða leyti skoðanir þeirra fara saman og hvar helst steytir á skeri. Rótgróið samstarf, svo sem að bjóða foreldrum á merkisviðburði, á til dæmis fullan stuðning allra aðila en þátttaka foreldra í mótun skólafólks er umdeildari. Viðhorf nemenda til þátttöku foreldra eru jákvæð að flestu leyti þó fæstir vilji reyndar fá foreldra í óvæntar heimsóknir í skólann.

Rannsóknin er hluti af rannsóknarverkefninu *Starfshættir í grunnskólum 2009–2011*.

### **Einstaklingsmiðað nám í ljósi stuðnings við sjálfræði**

#### **Ingibjörg Kaldalóns, verkefnisstjóri Menntavísindasviði HÍ**

Til umfjöllunar er rannsókn á starfsháttum grunnskóla þar sem kannað var hvernig stuðningi við sjálfræði nemenda er háttað. Sjálfræði felst í þeirri tilfinningu að athafnir séu sjálfsprottar, í samræmi við eigin áhuga, gildi og vilja sem og hæfni til að stjórna eigin athöfnum. Stuðningur við sjálfræði nemenda í skólafólki vísar til þess hvaða aðstæður eru skapaðar í skólafólki svo nemendur skynji að athafnir þeirra séu í samræmi við eigin vilja, gildi og áhuga. Rannsóknir sýna að stuðningur við sjálfræði nemenda er mikilvægur þáttur farsældar og grunnur að áhugahvöt og sjálfstjórn í námi.

Rannsóknin er hluti af rannsóknarverkefninu *Starfshættir í grunnskólum 2009–2011*. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að veita yfirsýn yfir núverandi starfshætti í grunnskólum, m.a. með tilliti til einstaklingsmiðaðs náms. Þau gögn sem hér er unnið með var aflað í 20 grunnskólum með spurningalistum meðal nemenda, foreldra og starfsmanna, vettvangs-athugunum í skólafólki og viðtölum við kennara.

Leitast verður við að lýsa hvað einkennir kennsluhætti og viðhorf kennara, nemenda og foreldra annars vegar í skólum þar sem stuðningur við sjálfræði er hvað mestur og hins vegar þar sem hann er hvað minnstur, með áherslu á hvernig stuðningur við sjálfræði endurspeglast í áherslum um einstaklingsmiðað nám.

Umræða

**15:30-17:00**

**Áskoranir, samvinna og viðhorf**

**Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar**

**Veltur tilvera nemenda með sérþarfir í íslenskum grunnskólum á mæðrum þeirra?**

**Dóra S. Bjarnason, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Hermína Gunnþórsdóttir, lektor Hug- og félagsvísindasviði HA og doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

Íslensk menntastefna er byggð á hugmyndum um skóla án aðgreiningar, sem felur m.a. í sér jafnrétti og jöfn tækifæri til náms. Þrátt fyrir það er ýmislegt sem bendir til þess að vera nemenda með sérþarfir í íslenskum skólum sé háð styrk, gildismati og framkomu mæðra þeirra.

Erindið byggir að hluta á nýlegri rannsókn á reynslu foreldra fatlaðra barna sem fæddust 1974-2007 af skólagöngu barnanna í almennum grunnskólum. Á þeim tíma var skólastefnan skóli án aðgreiningar að ryðja sér til rúms á Íslandi. Meginhluti erindisins byggir úr rannsókn á hugmyndum íslenskra kennara um hlutverk kennara í skóla án aðgreiningar. Þeim gögnum var safnað á árinu 2007 með viðtölum við kennara og skólastjóra og þau greind með hliðsjón af sambærilegum hollenskum gögnum. Félagslegar mótunarkenningar eru nýttar við greiningu og túlkun gagna.

Niðurstöðurnar sýna að mæður barna með fötlun eða námslegar sérþarfir hafa afgerandi áhrif á hvernig börnum þeirra vegnar í almennum skólum og hvort þau yfirleitt “geta” nýtt sér almenna skólann. Niðurstöðurnar vekja frekari spurningar og tilefni til að athuga þær takmarkanir sem kunna að vera á framkvæmd stefnunnar um skóla án aðgreiningar, hvernig skólar skilja hlutverk sín sem skólar án aðgreiningar og hvort námssamfélag án aðgreiningar forðist að axla ábyrgð við menntun allra nemenda.

## Fræðilegar og aðferðafræðilegar áskoranir í nýrri rannsókn

Kristín Axelsdóttir, sérkennari

Dóra S. Bjarnason, prófessor Menntavísindasviði HÍ

Hópur starfsfólks við Menntavísindasvið vinnur að undirbúningi á viðamikilli rannsókn sem tekur til nemenda með sérþarfir og nemenda af erlendum uppruna sem hafa íslensku sem annað mál. Fjallað verður um undirbúning rannsóknarinnar og helstu hugtök og verkfæri sem notuð eru við rannsóknina. Annars vegar verður gerð grein fyrir flokkunarfræði „inclusion orðræðu“ að því marki sem varðar rannsóknina. Spurt verður hvernig hugtök sprottin annars vegar úr hugtakakerfi sérkennslufræða og skóla án aðgreiningar allt frá Salamanca yfirlýsingunni 1994 hafa mótast og tengst hugtökum úr fjölmenningslegum menntarannsóknnum. Enn fremur hvernig við beitum flokkunarfræði beggja og þar með hugtökum sem varða „skóla margbreytileikans“ í merkingunni „skóli án aðgreiningar“ í víðum skilningi. En það hugtak hverfist um hugtökin, jöfnuður, jafnrétti og félagslegt réttlæti. Einnig verða helstu aðferðir sem notaðar verða kynntar og dæmi tekið af verkfærinu SMS (Student Membership Snapshot) sem nýtt verður við gagnasöfnunina. Þetta verkfæri hefur ekki verið kynnt hér á landi áður og gagnast við að afla samtímis gagna um virkni og þátttöku tiltekinna einstakra nemenda og nemendahópsins í kennslustund, gagna sem nota má bæði við eigindlega og meginndlega gagnagreiningu. SMS verkfærið hefur verið þróað í Bandaríkjunum og Danmörku við svipaðar rannsóknir og hér um ræðir.

**H-205**

**9:00-10:30**

**Lífsviðhorf og gildismat ungs fólks í fjölmenningsarsamfélagi**

**Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum**

**Hvaða áhrif hafa trú og trúarbrögð á lífsviðhorf og tilvistartúlkun ungs fólks?**

**Gunnar J. Gunnarsson, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Í rannsókn sem nú stendur yfir á lífsviðhorfum og lífsgildum 18-22 ára ungmenna beinist athyglin meðal annars að trú og trúarbrögðum. Meðal áhugaverðra spurninga eru hvort trúarbrögð og trúarafstaða hafi áhrif á tilvistartúlkun og gildismat ungs fólks og hvaða sess hið trúarlega hafi í lífi þess. Í erindinu verður athyglinni beint að þessum spurningum og þær ræddar á grundvelli þess skilnings á manneskjunni að hún



sé merkingarskapandi vera og leitist við að túlka líf sitt og tilvist og gefa því merkingu og tilgang. Ramminn um þá túlkun er sú menning og samfélag sem einstaklingurinn lifir í og því tengist umræðan um þátt trúar og trúarbragða í tilvistartúlkuninni meðal annars kenningum um veraldarvæðingu (secularisation) og af-veraldarvæðingu (de-secularisation) ásamt hugtökum á borð við fjölhyggju (pluralism) og fjölmenningu. Í því sambandi hefur þróuninni verið lýst þannig að trúarleg mótun hafi breyst í vestrænum samfélögum frá því að vera einsleit félagsmótun inn í tiltekin trúarbrögð fjölskyldu og samfélags yfir í vaxandi margbreytileika þar sem sambandið milli trúar fólks og trúarstofnana rofnar og trúarbrögðin verða einn möguleiki af mörgum þegar kemur að mótun andlegra eða trúarlegra viðhorfa. Tengsl ungs fólks við tilteknar trúarhefðir eða trúarstofnanir hafi minnkað en áhugi á hinu trúarlega og andlega sé áfram mikill. Í erindinu verða tekin dæmi úr rannsókninni og þau rædd í þessu ljósi.

### **Viðhorf ungs fólks til fjölmenningsarsamfélags, uppruna, tungumála og trúarbragða**

**Hanna Ragnarsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Í rannsókn sem nú stendur yfir á lífsviðhorfum og lífsgildum 18-22 ára ungmenna er athygli m.a. beint að viðhorfum ungmennanna til fjölmenningsarsamfélagsins. Áhugaverðar spurningar í því samhengi tengjast virðingu fyrir fjölbreytileika í uppruna, tungumálum og trúarbrögðum fólks í íslensku samfélagi. Einnig eru athuguð viðhorf ungmennanna til jafnréttis og mannréttinda. Í erindinu verður fjallað um niðurstöður úr könnuninni er snerta ofangreinda þætti. Velt er m.a. upp spurningum um mikilvægi eigin menningar og uppruna fyrir viðkomandi, mikilvægi þess að þekkja og umgangast fólk er hefur önnur móðurmál, svo og hver afstaða ungmennanna er til menningar- og trúarlegra hefða. Fræðileg umgjörð er m.a. í gagnrýnum fjölmenningsfræðum þar sem áhersla er lögð á að athuga ólíka valdastöðu hópa í samfélögum og skólum og leiðir til að stuðla að jafnrétti í menntun (Nieto, 2010), svo og hvernig stuðla megi að jöfnuði í fjölmenningsarsamfélögum. Parekh (2006) bendir á að erfitt sé að ná jöfnuði að fullu þar sem í hverju samfélagi sé eitt eða fleiri meirihlutatungumál og ekkert tungumál né samfélag sé menningarlega hlutlaust. Hann leggur áherslu á að fjölmenningsarsamfélög þurfi hvert og eitt að finna sitt jafnvægi með virkum samræðum og samningum hópa og einstaklinga án þess að nauðsynleg samloðun þess glatist. Í erindinu verða niðurstöðurnar m.a. skoðaðar í þessu samhengi.

## **Viðhorf ungs fólks til eineltis og óttinn við að standast ekki kröfur**

**Halla Jónsdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verða kynntar niðurstöður hins meginlega hluta rannsóknar á lífsviðhorfum og lífsgildum rúmlega 900 framhaldsskólanema á Íslandi á aldrinum 18-22 ára sem framkvæmd var 2011 og 2012. Skoðaðar verða niðurstöður sem tengjast einkum viðhorfi nemenda til eineltis, ótta þeirra við að lenda í einelti, ótta þeirra við að standast ekki kröfur, bæði sem skólinn gerir til þeirra og vinir.

Í erindinu verður athyglinni beint að þessum atriðum og þau rædd á grundvelli þess skilnings á manneskjunni að hún sé samfélagsvera og leitist við að lifa lífi sínu í ákveðnu öryggi þrátt fyrir fljótandi samfélagsástand. Einnig eru viðhorf framhaldsskólanemanna skoðuð og túlkuð í ljósi hugmynda um áhrif menningar, einkum er lýtur að einstaklingsbundinni hnattvæðingu, fjölhyggju og fjölmenningu. Kenningar Deweys um mikilvægi samskipta og þátttöku með viðurkenningu og virkni eru einnig lagðar til grundvallar. Í erindinu verða tekin dæmi úr rannsókninni og þau rædd í þessu ljósi.

## **Gildi og jafnrétti - á ég að gæta náunga míns?**

**Gunnar E. Finnbogason, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður kynntur ákveðinn hluti af yfirstandandi rannsókn á lífsviðhorfum og lífsgildum ungs fólks (18-22 ára) í fjölmenningsarsamfélagi. Í erindinu verða m.a. tekin dæmi af viðhorfum framhaldsskólanemenda til jafnréttis, hversu langt sé hægt að ganga í því að mótmæla óréttlæti í samfélaginu og afstöðu til náungans. Samfélagsbreytingar síðustu áratugi hafa verið örar. Ungt fólk þarf í ríkari mæli að takast á við nýjar samfélagslegar aðstæður er snerta siðferði og gildismat og taka afstöðu til hefðarinnar, venja og stofnana. Við þessar aðstæður skapast ákveðin mynd af veruleikanum. Það skiptir ungt fólk miklu máli að sú mynd af veruleikanum sem verður til skapi tilfinningu fyrir merkingu í lífinu, traust og öryggi.

Í þessu mikla samfélagslega umróti virðist margt af því sem áður var vera á floti (sbr. Bauman). Í erindinu verður reynt að varpa ljósi á viss, áður nefnd, viðhorf sem fram koma í ofangreindri rannsókn og reynt er að setja þau í samfélagslegt samhengi.

**11:00-12:30**

## **Student diversity in Icelandic schools**

### **Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum**

#### **Education as empowerment and disempowerment –**

##### **Youth of Vietnamese Background in Iceland**

**Anh-Dao Tran, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Hanna Ragnarsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

This paper explores the school experiences of youth of Vietnamese background in Iceland, specifically youth who have attended schools in both countries. Similarities and differences between the two upper secondary education systems are noted. The youth's perspectives on the efficacy of teaching methods are documented. The empirical material consists of interviews with youth ages 16 to 21 of both sexes. Methodologically, the focus is on the relationship between teachers and students, and these relationships are categorized as following either the "banking" concept of education or the critical pedagogy of Paulo Freire. The banking model role of classroom teacher is primarily to deposit knowledge while the student records, memorizes and repeats the information. The critical pedagogy role of classroom teacher is to engage with realities students bring to the classroom, aiming to develop student consciousness about their agency, needs, and social justice. The findings indicate that the „banking“ method used in Vietnam left youth with feelings of oppression and lacking opportunities for further learning. In Iceland, these youth value communication with teachers but most lack the critical thinking skills necessary to identify factors favourable or disadvantageous to them in furthering their learning process.

#### **Exploring the Rhetoric – How Does Iceland's Curriculum Reform Address Student Diversity at the Upper Secondary Level?**

**Sue Gollifer, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Anh-Dao Tran, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

The research presented in this paper forms the foundation for two distinct but inter-related on-going doctoral studies. The first study aims to determine how the 2011 curriculum reforms in Iceland benefit or disadvantage an ethnically diverse student body at the upper secondary level in general and youth of

Vietnamese background in particular. The second study aims to explore the perceptions of upper secondary school teachers on pedagogical practice that promotes human rights and how their realities can inform the curriculum development process at the upper secondary school level in Iceland, in particular as regards practical implementation of policy promoting the curricular pillar of democracy and human rights.

The objective of this specific paper is to identify the strengths and limitations of the 2011 upper secondary curriculum as regards addressing student diversity through an analysis of discourse shifts in Icelandic national level curriculum and education policy discourse for the upper secondary level between 1999 and 2011.

Curriculum and education policy reform in Iceland has been influenced by external global trends and internal changing demographics, politics and economics. The paper applies critical policy theory to examine the shift in discourse from the 1999/2004 upper secondary curriculum document, to the recently revised 2011 curriculum.

Drawing on the work of Jónsdóttir and Ragnarsdóttir (2010), who trace the development of educational policy and curricula in relation to the development of a multicultural society in Iceland, the paper aims to explore a) how the change in discourse does justice to student diversity using the perspectives of youth of Vietnamese background and b) the implications for the role of teachers in practical implementation of policy promoting the curricular pillar of democracy and human rights.

### **Filipino and Polish students' attitudes to school, language and social participation**

**Robert Berman, dósent Menntavísindasviði HÍ**

**Samúel Lefever, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Snow-ball sampling and deep interviews were used to ascertain the views of Polish and Filipino adolescents towards their studies, home and second language use, participation in Icelandic society, and other social and psychological factors that may contribute to social and academic success. Recent studies with Polish students in Icelandic schools indicate that strong Polish language support and students' own motivation to maintain their heritage, as well as to integrate into Icelandic society, assist them to succeed socially. This paper sheds light on the complex language and social background of Filipino and

Polish students and discusses the variance between the two groups with regard to their attitudes and experiences of schooling and social participation in Iceland.

**13:30-15:00**

## **Erlend tungumál**

### **Relevance and the L2 Self: Young Icelanders' perceptions of English at secondary school and of their present/future uses of English**

**Anna Jeeves, doktorsnemi Hugvísindasviði HÍ**

This qualitative study investigates young Icelanders' perceptions of relevance regarding their English studies at secondary school. It attempts to illustrate the diversity of ways in which young Icelanders use English and to explore the connection between perceived relevance of the English studied at secondary school and the English needed for success in further study and employment in Iceland and abroad. Data gained through semi-structured interviews with current and former secondary school students provide an insight into present and retrospective attitudes to secondary school English.

The study also discusses a possible expansion of Zoltán Dörnyei's L2 Motivational Self System (2005, 2009) to include Iceland. Dörnyei's paradigm focuses on language learning in countries where there is little exposure to the L2 outside the classroom. Iceland, with its significant exposure to English, presents a different context. The dichotomy between the English of popular culture and the English studied as a compulsory school subject also gives a unique slant to questions of motivation. As English becomes a necessary tool for life in today's global and Internet-connected society, students need the best language preparation possible. The proposed talk discusses the second language self-image of young Icelanders, and the role schools play in strengthening this L2 Self in the light of the new national curriculum.

### **Heimborgaralegur auður: Efling tungumálanáms**

**Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor Hugvísindasviði HÍ**

Í þessu erindi verður lýst rannsóknum sem benda til ofmats á enskukunnáttu og vanmats á dönskukunnáttu og afleiðingum þess fyrir nemendur. Kynntar verða niðurstöður nýrra rannsókna sem leiða í ljós að nemendur eru betur að sér í lestri og hlustun í ensku en í tali og ritun og betri í almennu talmáli en máli námsbóka (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir 2010). Erfiðleikar í framburði og

skilningi á töluðu máli leiða mögulega til vanmats á annars góðri undirstöðu í dönsku (Auður Hauksdóttir 2005). Með þessa þekkingu að leiðarljósi mætti skerpa námsmarkmið og kennsluhætti í ensku og dönsku. Vandí þriðja og fjórða máls hefur hins vegar verið of lítið ílag. Bent verður á leiðir til að auka aðgengi nemenda að þriðja og fjórða máli með notkun tölva. Kynnt verða tölvuforrit og aðferðir í tungumálakennslu sem þróaðar hafa verið í Háskóla Íslands en eru ekki bundin við ákveðin tungumál. Með því að bjóða efstu áfanga í fjarnámi og skiptinámi má fjölga þeim nemendum sem tileinka sér erlend mál upp á efri færnisstig og auka með því heimsborgaralegan auð (e. Cosmopolitan Capital) íslenskra ungmenna.

### **Þróun og staða tungumálakennslu í ljósi nýrrar námskrár**

**Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður leitað svara við þremur megin spurningum: Hvað segja rannsóknir um kennsluhætti í íslenskum skólum? Hvað er efst á baugi í fræðilegri umræðu um kennsluhætti í erlendum tungumálum? Hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til markvissar þróunar á kennsluháttum?

Byrjað verður á að fjalla um hvað íslenskar rannsóknir segja um kennsluhætti í erlendum tungumálum í grunn- og framhaldsskólum. Rannsóknir benda til að til að ná góðu valdi á erlendu tungumáli þurfi mikla virkni nemenda. Leggja þurfi áherslu á ábyrgð þeirra í eigin námi, m.a. með því að auka nemendasjálfstæði (learner autonomy), auka námsvitund nemenda (learner awareness) og síðast en ekki síst með því að þjálfva nemendur markvisst í námsaðferðum (learner strategies). Í þessu skyni hafa verið þróaðir kennsluhættir sem ræddir verða og skýrðir nánar. Einnig verður rætt um hvað rannsóknir segja um hvaða þættir stuðla helst að þróun kennsluhátta og hvaða þættir eru líklegir til að standa í vegi fyrir að breyta áherslum í kennslu. Umræðan verður tengd við tækifæri sem felast í nýrri námskrá til að efla tungumálanám. Að lokum verður fjallað stuttlega um hvers konar símenntun sé vænlegust til að styðja við kennara til að breyta áherslum í kennslu.

### **How does the new National Curriculum impact language teaching at the compulsory level?**

**Samúel Lefever, lektor Menntavísindasviði HÍ**

This talk will discuss the main educational principles of the new National Curriculum, in particular the principles of literacy, sustainability and creativity and their impact on language teaching at the compulsory level. Literacy, the ability to negotiate meaning in both spoken and written language, is a primary goal of language learning. It is closely linked to creativity and sustainability because language

learning is a creative process that builds on previous knowledge to create new knowledge. The creative process involves critical thinking and the development of language and cultural awareness. The use of new media provides increased opportunities for developing literacy, sustainability and creativity in language learning. These include e-learning methods such as classroom blogs, digital books and posters, graphic organizers and theme teaching which integrates content and language learning. Examples of how these teaching techniques and materials can be used to develop literacy, sustainability and creativity in language teaching will be given.

**15:30-17:00**

## **Ólíkar leiðir í sjálfbærni og sjálfbærni menntun**

### **Áhugahópur um sjálfbærni**

#### **Að horfa er skapandi athöfn - sjónrænir þættir í íslensku landslagi**

**Helena Guttormsdóttir, myndlistarmaður, aðjúnkt við umhverfisskipulagsbraut LBHÍ**

Meginmarkmið verkefnisins er að varpa ljósi á sjónræna þætti og myndmál landslagsins sem umlykur okkur dagsdaglega. Niðurstaðan ætti að nýtast á breiðu sviði. Fjallað er um áhrif þess að raungera þekkinguna með reynslu, mikilvægi þess að ferlar í listum verði sýnilegri og virkjaðir annars staðar en í listheiminum og nauðsyn þess í víðu samhengi að auka skilning og tilfinningu fyrir náttúru og myndmáli.

Til að nálgast sjónrænu þættina var gerð grein fyrir og síðan unnið kerfisbundið eftir aðferðafræði sem Simon Bell (1993) hefur sett fram. Við skilgreiningu á hvað er landslag var unnið út frá Evrópska landslagssáttmálanum. Aðferðafræðin byggir á að greina sjónræna grunnþætti í landslagi, þ.e. punkt, línu, flöt og rúmtak. Þessir þættir geta síðan raðast saman og myndað ólíkt sjónrænt munstur. En hvernig augað skynjar umhverfið ræðst af ákveðnum breytum sem gerð er grein fyrir. Þá er fjallað um heildaryfirbragð landlags og innbyrðis samspil ólíkra þátta í landslagi.

Meginniðurstaðan er að nálgun Bell hentar vel til að skoða íslenskt landslag. Ekki síst er það meðvitundin um áhrif breytileikans sem á vel við. En þættir sem tengjast breytileika vegna birtu og veðurs eru mjög afgerandi, eins víðsýnin og stefna sjóndeildarhringsins.

Verkefnið er innlegg í umræðuna um umhverfislæsi og hefur skírskotun í skólasamfélagið og fræðasamfélagið. Mikilvægi vitundar um heimabyggð og tilfinningu fyrir nærumhverfi kemur sterkt fram

bæði í markmiðum Sameinuðu þjóðanna og nýrri aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þá er í dag skylda að taka tillit til sjónrænna þátta við mat á umhverfisáhrifum og við skipulagsgerð. Sterkari fagþekking á því sviði er því afar mikilvæg. Loks er verkefninu ætlað að auka tilfinningu fyrir lífrænum ferlum, breytingum í lit og formi og styrkja hæfileikann til að njóta og gleðjast yfir sjónrænum gjöfum í amstri hversdagsins og skynja hversu athöfnin að horfa getur verið skapandi.

## **Education as a tool in corporate social responsibility in a financial institution in Iceland**

**Julia Vol, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræðum, HÍ**

Corporate social responsibility (CSR) is a globally growing trend, a necessity for businesses adjusting to a global shift towards sustainability. Businesses are both targets for pressure from multiple stakeholders to embrace principles of sustainability and also potential agents of change in society. CSR is no longer viewed as a philanthropic activity of a company separated from its business strategy, rather it is becoming an integral part of business operation and decision making. CSR in the financial industry is a rather recent development and its importance is increasing constantly due to the influence it has in financing activity.

Awareness of sustainable development issues in Iceland is among the lowest in OECD countries in general and in the field of CSR in particular. Landsbankinn is the first Icelandic company to publically announce a CSR policy. In my research I look into the meaning of CSR in the financial system, with Landsbankinn as a case study. I study the adoption process, using education as a tool of implementation.

Education for sustainability is the key for the successful process of raising awareness and knowledge regarding CSR issues, promoting change through understanding and involvement of employees. The purpose of this presentation is to identify the successful practices in education and socialization for adults, and the use of those practices in a change management context. How can education facilitate, improve and increase understanding and knowledge of environmental issues and promote ethical behavior towards nature and society?



## **Sites of adult learning for sustainability**

**Allyson Macdonald, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Auður Pálsdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ**

**Julia Vol, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræðum, HÍ**

Sjálfbærni sem vísindi er að styrkjast en einnig að breytast. Breytingar hafa áhrif á stefnumótun varðandi sjálfbærni og á sjálfbærnimenntun. Til að mynda eru vísindamenn að komast að því að margt sem við erum að reyna að bæta í anda sjálfbærni eru illeysanleg viðfangsefni (e. wicked) þar sem erfitt er að skilgreina vandamálið, lausn er hvorki rétt né röng og hvert verkefni er í raun einstakt og kallar á ný verkefni. Í sjálfbærni er nauðsynlegt að viðurkenna tengsl náttúru og samfélags og að þau eru flókin og ekki línuleg. Dygðir (e. virtues) sem auðvelda þátttöku, umhugsun og umræðu um sjálfbærni eru nauðsynlegar og hægt er að flokka dygðir sem tengjast þátttöku í þrennt: Þátttaka án aðgreiningar (e. inclusiveness), virkni (e. engagement) og hæfni til að búa til þekkingu (e. epistemic productivity). Til að skoða þetta nánar verða tekin nokkur dæmi um rannsóknir sem eiga það sameiginlegt að vinna með hugtakið vellíðan (e. well-being). Hægt er að skilgreina þetta hugtak á mismunandi og ólíkan hátt, allt frá grunnþörfum (Maslow) til *getu til aðgerða*.

**Pallborð – Stjórnandi Stefán Bergmann**

**H-206**

**9:00-10:30**

**Upplýsinga og samskiptatækni**

### **Notkun samfélagsmiðla til heilsueflingar**

**Ágústa Pálsdóttir, prófessor Félagsvísindasviði HÍ**

Fjallað verður um rannsókn á upplýsingahegðun á sviði heilsueflingar hjá mismunandi hópum Íslendinga. Í erindinu verður sjónum beint að samfélagsmiðlum og hlutverki þeirra við upplýsingaöflun. Áhersla verður lögð á að fjalla um það hvernig fólk notar samfélagsmiðla til að afla sér fræðslu sem miðar að heilsueflingu. Meðal annars verða skoðaðar mismunandi aðgerðir eða leiðir sem hægt er að nota við miðlun og öflun upplýsinga, sem og hvernig fólk metur gæði upplýsinganna sem fást í gegnum samfélagsmiðla. Í rannsókninni í heild verða notaðar bæði meginlegar og eigindlegar aðferðir. Hér verða

eingöngu kynntar niðurstöður úr meginlegum hluta hennar, þar sem úrtakið er 1200 Íslendingar á aldrinum 18 til 80 ára, valdir með slembivali, og var gagna aflað með spurningakönnun. Þó að notkun samfélagsmiðla fari vaxandi meðal Íslendinga er þekking á hinum ýmsu þáttum sem lúta að upplýsingahegðun mjög takmörkuð. Rannsóknir á þessu sviði eru fáar alþjóðlega og nánast ekki fyrir hendi hér á landi. Það er því afar brýnt að byggja upp þekkingu á því hvernig hægt er að nota samfélagsmiðla til að efla heilsusamlegt lífverni og er rannsókninni ætlað að stuðla að því.

### **Forritunarkennsla í kennaranámi –**

#### **Hvers vegna á að kenna forritun og hvernig á að standa að því?**

##### **Salvör Gissurardóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Í þessu erindi er sjónum beint að forritunarkennslu í kennaranámi og leitað svara við því hver ætti að vera tilgangur með slíkri kennslu og hvernig eigi að standa að henni. Aðferðir til að reyna að svara þessum spurningum eru 1) starfendarannsókn vorið 2012 þar sem forritunarmálið Scratch var kynnt fyrir hópi kennaranema í gegnum viðfangsefni í sögugerð 2) orðræðugreiningu á umfjöllun fagaðila um forritunarkennslu m.a. hvað varðar námskrá og 3) viðtölum við fagaðila.

Leitast er við að skoða hvaða rök eru færð fram fyrir aukinni forritunarkennslu og með hvaða hætti fagaðilar telja að standa ætti að slíkri kennslu og hvaða mælikvarði eigi að nota um langtímaárangur.

Skoðað var hve góðum tókum nemendur náðu á forritunarmálinu Scratch í gegnum verkefni tengt sögugerð og reynt að greina viðhorf kennaranema til forritunar og hvort verkefnið hefði kveikt áhuga á forritun.

Niðurstöður eru að kall er eftir breytingu og viðsnúningi í upplýsingatæknikennslu sem leggur meiri áherslu á forritun en áður og forritunarmálið Scratch er hentugt verkfæri til þess. Það virðist þar hafa meira að segja fyrir flesta að námsefni og námsferli sé tengt reynsluheimi nemenda og þrepskipt námsefni og hliðargögn heldur en að velja viðfangsefni í forritun sem ekki eru tæknitengt eins og sögugerð.

**11:00-12:30**

## Spjaldtölvur í námi og kennslu - 1:1 kennslufræði

### Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun

**Samstarfsverkefni um skólaþróun sem miðar að því að þróa notkun spjaldtölva í skólastarfi**

**Ragnar Þór Pétursson, kennari Norðlingaskóla**

**Júlía Guðmundsdóttir, kennari Norðlingaskóla**

**ásamt nemendum í Norðlingaskóla**

Í þessu erindi munu kennarar og nemendur í Norðlingaskóla lýsa reynslu af þróunarverkefni sem ætlað er að meta notkun spjaldtölva í námi og kennslu og hvernig slík notkun gæti stuðlað að skólaþróun. Í ársbyrjun 2012 fengu nemendur í 9. bekk afhentar iPad-spjaldtölvur til afnota sem settar voru upp út frá einstaklingsbundnum þörfum og áhuga hvers nemanda. Lögð var áhersla á að rafræn kennsla með tækinu leysti af hólmi hefðbundna kennslu í þeim tilvikum sem það hentaði. Breytt vinnuaðstaða nemenda kallar eftir breyttum kennsluháttum og staða kennarans í skólastofunni hefur breyst umtalsvert í kjölfarið. Eftir sem áður hefur Norðlingaskóli lagt megináherslu á fjölbreyttar námsaðferðir. Ætlunin er að hin nýja tækni hafi víðtæk áhrif á störf nemandans og að hennar sjáist merki í því hvernig nemandinn aflar fanga, vinnur úr efninu og skilar því frá sér. Lögð hefur verið áhersla á frjálsa en ábyrga notkun tækninnar, að nemendur njóti frelsis til rannsókna og skapandi vinnu og læri að bera virðingu fyrir hugverkum sínum og annarra. Námsgagnastofnun lagði verkefninu til námsefni á rafrænu formi og félag íslenskra bókaútgefenda mun í samstarfi við kennara og nemendur opna aðgang að völdum bókatitlum. Epli.is lagði til tæknilega ráðgjöf, námskeið og bauð tækin á hagstæðum kjörum. Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkur (UTM) gerði breytingar á net- og kerfisumhverfi skólans. Menntavísindasvið HÍ hefur tekið að sér að meta verkefnið.

## **Spjaldtölvur í Norðlingaskóla: viðhorf nemenda og notkun smáforrita**

**Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir, MA-nemi Menntavísindasviði HÍ og kennari Nesskóla,  
Ragnheiður Líney Pálsdóttir, MA-nemi Menntavísindasviði HÍ og umsjónarmaður upplýsingavers FB**

Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður rannsókna sem eru hluti af mati á spjaldtölvuverkefni í Norðlingaskóla. Gögnum var safnað með vettvangsathugunum, könnunum og viðtölum við nemendur í 9. bekk. Fjallað verður um reynslu og viðhorf nemenda og um notkun smáforrita. Niðurstöður voru m.a. þær að nemendum fannst þetta spennandi og skemmtilegra að læra. Flestir voru að prófa spjaldtölvur í fyrsta skipti. Þeir sögðu að þetta hefði verið frekar skrýtið til þess að byrja með en það vendist. Þeir tóku flest allir fram hvað það væri mikill munur á því að þurfa ekki að dröslast með bækur fram og til baka og hvað það væri þægilegt að hafa námsbækurnar á sama stað. Erfitt var að skrifa með fingrunum framan af en það vandist. Nemendur sögðust eiga auðveldara með að skipuleggja sig og námið væri fjölbreyttara.

Lesblindir nemendur töluðu um hvað það breytti fyrir þá til hins betra að geta stækkað letur og litað bakgrunninn. Vettvangsathugun og kannanir leiddu í ljós fjölbreytta notkun smáforrita í ýmsum námsgreinum og við að skipuleggja námið. Nemendur voru áhugasamir t.d. vegna þægilegs aðgengis að skemmtilegum bókmenntum og vegna nýrra kennsluaðferða. Smáforritin voru greind og metin samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum en þau eru ekki það sem á að leggja aðaláherslu á heldur kennsluaðferðirnar. Það þarf að velja smáforritin vel og kenna nemendum á þau þannig að tilgangur þeirra skili sér til nemenda.

## **Spjaldtölvur í Norðlingaskóla: viðhorf kennara og hagsmunaaðila**

**Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Sólveig Jakobsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður fjallað um innleiðingu spjaldtölva í Norðlingaskóla í Reykjavík. Fjallað verður um tilurð og aðdraganda verkefnisins. Rýnt verður í skólastefnu Norðlingaskóla og skörun við aðalnámsskrá grunnskóla og hvernig kennarar mótuðu stefnu sína á grundvelli þessa. Rætt verður um aðkomu, hlutverk og viðhorf samstarfsaðila í verkefninu. Samstarfsaðilar voru Epli.is, Námsgagnastofnun, Reykjavíkurborg (Upplýsingatæknimiðstöð og skóla- og frístundasvið) og Menntavísindasvið HÍ. Fjallað verður um samstarfsform, sem valið var að vinna eftir og reynsluna af 1. áfanga verkefnisins. Kynntar

verða helstu niðurstöður. Litið verður til þess hvaða árangri verkefnið skilaði og hvaða þættir réðu þar mestu um. Einnig verður farið yfir ýmis álitamál og bent á leiðir í áframhaldandi þróun.

## **Spjaldtölvur í evrópskum skólum - 1:1 kennslufræði**

**Sólveig Jakobsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

**Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

Í þessu erindi verður fjallað um stórt Evrópuverkefni á vegum Evrópska skólanetsins um reynslu af nýtingu smátölva (Netbooks) og spjaldtölva (Acer) í skólum víða um Evrópu. Í erindinu verða kynntar niðurstöður matsrannsókna á þessum verkefnum ásamt því að kynnt verður sú kennslufræði sem byggt er á og nefnd hefur verið “1-1 pedagogy” eða 1-1 kennslufræði en samkvæmt henni er gert ráð fyrir að hver nemandi hafi alltaf tölvu til persónulegra umráða. Evrópska skólanetið er nú m.a. að vinna að því að safna upplýsingum um “fyrirmyndarnotkun” spjaldtölva (stutt myndbönd og viðtöl) ásamt því að þróa leiðarvísí, í samstarfi við þátttökuskóla í matsverkefninu, um nýtingu 1-1 kennslufræði. Í erindinu verða þessi verkefni Evrópska skólanetsins kynnt. Niðurstöður verða bornar saman við niðurstöður matsrannsóknar í Norðlingaskóla og hvernig/hvort nýta mætti leiðarvísinn í íslenskum skólum.

**13:30-15:00**

## **Upplýsingatækni, stefna, kennsluaðferðir og samfélagsmiðlar**

### **Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun**

#### **Turfhunt – ratleikur með snjallsíma**

**Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir, hönnuður Locatify**

Í þessu erindi verður sagt frá kerfinu Turfhunt sem framleitt er af íslenska fyrirtækinu Locatify. Turfhunt gerir kleift að hanna leiki og gefa þá út á auðveldan hátt. Kerfið er þróað út frá Snjallleiðsögn fyrir iPhone, iPod Touch og iPad. Leikendur eru með snjallsíma, iPhone eða Android í ratleik en leikirnir geta gerst hvar sem er í heiminum. Þeir fá tilvísanir og þrautir beint í símann og safna sýndarfjár sjóðum á meðan þeir keppa sín á milli að settu marki. Þetta eru fjölspilaleikir þar sem leikmenn eru nettengdir, einnig geta einstaklingar farið í leiki og leyst þrautir. Unnið er í samstarfi við forsvarsmenn skóla, ferðaþjónustu og fyrirtækja. Fyrirtækið hefur hlotið styrk frá Nordic Game Program til þróunar á frumgerð ratleikjakerfis og ratleikja. Einkunnarorð fyrirtækisins eru: Leikir og sögur um allt. Gamla

máltækið, það er leikur að læra, minnir okkur á að með því að upplifa og breyta aðstæðum eigi nemendur auðveldara með að muna námsefnið. Þetta á bæði við nemendur í skólum og þátttakendur í fullorðinsfræðslu.

## **Upplýsingatæknistefna, rannsóknir og þróunarstarf í Noregi**

**Gréta Björk Guðmundsdóttir, Sérfræðingur/rannsakandi Senter for IKT i utdanningen**

Í erindinu verður gerð grein fyrir stefnumótun norskra stjórnvalda á sviði tölvu- og upplýsingatækni og markmiði stofnunarinnar Senter for IKT i utdanningen um aukna og bætta notkun tölvu og upplýsingatækni í menntakerfinu. Gerð verður grein fyrir einu af rannsóknarverkefnum stofnunarinnar. Um er að ræða tölvulæsisönnunina Monitor sem miðar m.a. að því að varpa ljósi á tölvulæsi, tölvunotkun, aðgengi og viðhorf nemenda, kennara og skólastjórnaenda til notkunar á tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfi. Í rannsókninni, sem gerð hefur verið annað hvert ár sl. 10 ár, hefur verið safnað megindlegum gögnum. Niðurstöður sýna vel þróun í aðgengi, notkun og viðhorfum til tölvu- og upplýsingatækni í norskum skólum síðasta áratug. Niðurstöður frá 2011 voru m.a. þær að kennarar óska eftir auknum möguleikum til þess að bæta þekkingu sína á notkun tölvu með nemendum sínum. Nemendurnir líta á tölvunna sem mikilvægan hluta af náminu og það er skýr aukning í notkun tölvu og upplýsingatækni í einstökum fögum. Þá kom fram að viðhorf og upplifun skólastjórnaenda og kennara á stöðu mála er töluverð ólík. Mikilvægt er að stefnumótun er varðar upplýsingatækni í menntun taki mið af öllum notendahópum, stjórnendum, kennurum og nemendum.

## **Finland's educational policy environment: The role of strategic ambiguity in policy communication**

**Tryggvi Thayer, doktorsnemi University of Minnesota**

The consistency of Finland's top rankings on the OECD's PISA assessments has brought considerable attention to the Finnish educational system as policymakers seek ways to learn from Finnish successes to improve their own educational systems. Sahlberg (2007) has pointed out that the transformation of Finnish education cannot be attributed to a single factor; rather it is the result of system-wide social transformation that has, in turn, informed education policies. Finland launched a system-wide

transformation of their educational and social systems in the early 1990s following a severe financial crisis. Determined to turn a crisis into an opportunity, the Finnish government embarked on a mission to transform Finland, from the industrial society that it had been, to an innovative information society. The resulting policies emphasized collaboration and knowledge sharing across economic sectors and social institutions (Kozma, 2008). Information and communication technologies (ICT) are crucial to the Finnish information society strategy. However, the Finns holistic approach to reforming their educational and social systems obscures many of the measures that have had a significant impact on the resulting policies. The study focuses particularly on the development of the Finnish “information society” as a framework for common policy goals and how these contribute to the Finnish educational environment. The study uses Eisenberg's (1984) theory of strategic ambiguity to show how common policy goals are communicated in a manner that gives Finnish teachers considerable latitude and foster innovation, diversity and flexibility in a highly decentralized educational system. A content analysis was performed on policy and strategy documents relating to education and the Finnish information society over a ten-year period, starting in 1994, when the first information society strategy was published. The study's findings suggest that Finnish students' achievement should be considered in light of the combined effects of the broad social policy framework, high professional standards among teachers, and a flexible educational environment.

### **Closing the digital divide: Using Web 2.0 technology to improve academic performance and increase digital literacy among students in urban secondary schools**

**T. Spencer D'Agostino, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ og „senior coordinator“ John Bartram  
High School, Philadelphia**

As Web 2.0 technologies continue to play an increasingly important role in teenaged students' lives, so too will it continue to influence their education. While this phenomenon poses many challenges for today's educators, these challenges are exacerbated for teachers in low-income urban school systems where the digital divide between the socio-economic “haves” and “have-nots” is extremely visible. Despite this gap, however, the possession of technological skills is imperative to any student who seeks to receive a quality modern education. Therefore, for urban students to compete with their peers from suburban and/or wealthier areas, this digital divide must be addressed and closed. Thus, my research and paper aims to (1) measure use and access to Web 2.0 technology by students and

teachers to show the digital divide within the urban classroom, (2) it aims to observe student and teacher Web 2.0 technology practices to assess the nature of the digital divide and (3) it aims to measure the overall effectiveness of a digital literacy course for increasing academic achievement. Using schools within the School District of Philadelphia for on-site research, the researcher will develop a curriculum that aims to increase digital literacy among secondary school students and improve academic performance.

**15:30-17:00**

**MenntaMiðja (starfsþróun kennara, UST- torg og samfélög)**

**Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun**

### **Tungumálatorg – sagan, sprotar og samfélagið**

**Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri Menntavísindasviði HÍ og Reykjavíkurborg**

Tungumálatorgið er vettvangur skóla- og fræðslustofnana er tengist námi og kennslu tungumála og fjölmennarlegu skólastarfi. Um er að ræða rannsóknar- og þróunarverkefni sem fjölmargir einstaklingar, ýmis samtök kennara, stofnanir og sjóðir hafa lagt lið. Tengslanet verkefnisins, áhugi, hvatning, samvinna, stuðningur og sú umgjörð sem skapast hefur um verkefnið hefur leitt af sér samlegðaráhrif og margvíslega sprota sem sagt verður frá í kynningunni. Í þessu samhengi verður fjallað um myndun starfssamfélags torgsins, tengingar þess við starfsvettvang og starfsþróun kennara, fjölbreyttar kennsluaðferðir, vettvangsnám kennaranema, kennsluráðgjöf, upplýsingamiðlun, verkefnavinnu nemenda, námsefnisgerð, efnisbanka, vefvinnslu, ný verkfæri, móðurmálsstuðning, netnám, fyrirlestra, ráðstefnur, starfsdaga, hönnunarmiðaðar rannsóknir og sérstök átaksverkefni. Rætt verður um verkefnið sem áhugavert líkan fyrir þróunarvinnu í menntasamfélaginu sem leiðir af sér ríkulegan afrakstur og byggir upp nýja þekkingu og ný ferli sem geta skilað sér áfram til fleiri aðila og verkefna.



## **Náttúrutorg**

### **Svava Pétursdóttir, doktorsnemi og verkefnisstjóri Menntavísindasviði HÍ**

Náttúrutorg er starfssamfélag og samstarfsvettvangur náttúrufræðikennara sem sett var á fót með styrk frá Sprotasjóði grunnskóla og Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar. Markmið torgsins er annarsvegar að efla samfélag náttúrufræðikennara þannig að kennarar geti haft faglegan stuðning hver af öðrum og hins vegar að efla þekkingu kennara bæði á kennslugreininni og kennsluháttum hennar. Sagt verður frá starfseminni fyrsta árið en hún hefur falist í vinnustofum bæði í skólum og á neti, wiki-vef og samfélagsuppbyggingu í Facebook-hóp. Í vinnustofunum var til umfjöllunar m.a. tilgangur og inntak náttúrufræðikennslu, hugtakaskilningur nemenda, ráð og þjálfun til verklegrar kennslu bæði úti í náttúrunni og í kennslustofunni. Kynntar verða niðurstöður úr mati á vinnustofum og samstarfi kennara, matið var gert bæði með spurningalista og rýnihóp. Greining á virkni og eðli samskipta í Facebook-hópnum leiddi í ljós að meðlimir skrifuðu rúmlega 200 innlegg, mest ábendingar og umræðuvaka um námsefni og kennsluhugmyndir en einnig færðist í aukana að kennarar leituðu ráða og upplýsinga. Skoðað verður hvernig starfsemi torgsins fellur að hugmyndum um starfsamfélög sem skilgreind hafa verið sem: „hópar af fólki sem deila áhuga eða brenna fyrir eitthvað sem þeir fást við og læra hvernig á að gera það betur í gegnum regluleg samskipti“. Í lokin verður horft til framtíðar hvernig torgið megi best mæta markmiðum sínum.

## **Sérkennslutorg**

### **Hanna Rún Eiríksdóttir, kennari og verkefnisstjóri Sérkennslutorgs**

Sérkennslutorg er þróunarverkefni sem fékk Sprotasjóðsstyrk vorið 2012. Markmiðið með Sérkennslutorgi er að tryggja nemendum þann jöfnuð sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Leiðir að því eru að koma betur á framfæri efni sem unnið hefur verið í skólum landsins, samnýta efni, þekkingu, reynslu og fjármuni; efla kennara í starfi með gagnvirku samstarfi, góðum fyrirmyndum og hagnýtu stoðefni. Efni sem kynnt verður, sýnir starfsemi og möguleika Sérkennslutorgs frá ýmsum hliðum: sjónarhorni upplýsingatækni og miðlunar kennslu hinna ýmsu greina innan sérkennslunnar. Fjallað verður um tilgang Sérkennslutorgsins og þann vettvang sem skapast til skoðanaskipta á samfélagsmiðlum eins og til dæmis Fésbókarhópum.

Sýnd verða dæmi um verkefni sem deilt er á torginu og gerð eru aðgengileg kennurum. Skýrðir verða notkunarmöguleikar vefsins og hvernig hægt er að afla sér þekkingar með því að skoða hugmyndir að

kennslustundum og sjónrænar leiðbeiningar og myndbönd um hvernig vel hefur tekist að vinna með ákveðna þætti í sérkennslu.

Fjallað verður um mikilvægi þess að vera í góðum tengslum út fyrir landsteinana og tengjast því nýjasta sem er að gerast í heiminum í sérkennslu og hvernig við getum tileinkað okkur hugmyndir og aðferðir sem verið er að nota í kringum okkur með því að nota starfssamfélög á netinu, samskiptamiðla eins og Fésbókarhópa, LinkedIn og e-Twinning.

## **MenntaMiðja – undirritun viljayfirlýsingar og opnum miðlægrar vefsíðu**

**Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

**Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri Menntavísindasviði HÍ**

Markmið MenntaMiðju er að skapa umgjörð utan um grasrótastarf sem spröttið hefur upp í tengslum við starf sem unnið hefur verið á torgum. Áherslan í MenntaMiðju er á tengingar milli skóla og á milli skólustarfs og fræðasamfélags með gagnkvæman ávinning aðila að leiðarljósi.

Mismunandi torg eða gáttir eru grunneiningar MenntaMiðjunnar og þar fer fram hið raunverulega starf. Viðfangsefni á torgum geta verið margvísleg og geta varðað samstarf og símenntun, upplýsingamiðlun, námsefni, kennsluaðferðir, kennslu og kennsluráðgjöf og skólaþróun, allt með tilstyrk upplýsingatækni. Nú þegar er virkt Tungumálatorg og Náttúrvísindatorg og Sérkennslutorg í burðarliðnum og hafa verkefnastjórar þeirra notið góðs af reynslu Tungumálatorgs. Nefnd hafa verði Upplýsingatæknitorg, Læsitorg og væntingar eru um að ná nánari tengingum við fagfélög kennara. Samstarfsaðilar um Menntamiðju eru Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Reykjavíkurborg og Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem heldur utan um rekstur hennar.

MenntaMiðju er ætlað að vera samráðsvettvangur um skólustarf og að byggja brýr milli aðila innan skólasamfélagsins og skapa vettvang til samstarfs um skólaþróun með því að:

- Opna og rækta boðleiðir fyrir upplýsingamiðlun og leiðsögn um rannsóknar og þróunarverkefni sem eru í gangi og að koma á framfæri óskum um samstarf.
- Vera n.k. umgjörð (regnhlíf) yfir starfssemi mismunandi torga sem mynduð eru um ákveðin málefni.
- Tengja saman mismunandi starfssemi og starfssvið skóla- og fræðasamfélags.

**K- 208**

**9:00-10:30**

## **Rannsóknarstofa í íþrótt- og heilsufræði**

**Hreyfing, holdafar, úthald og efnaskiptasnið 18 ára íslenskra framhaldsskólanema**

**Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Meðrannsakendur: Erlingur Birgir Richardsson, handknattleikspjálfari**

**Kári Jónsson, íþróttafulltrúi**

**Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða áhættuþætti efnaskiptasjúkdóma á meðal 18 ára framhaldsskólanema og að bera saman nemendur í bók- og verknámi. Slembiúrtak 147 drengja og 130 stúlkna úr þremur framhaldsskólum í Reykjavík tók þátt. Hreyfing var mæld með skrefmælum, úthald með hámarkssúrefnisupptökuprófi og hvíldarblóðþrýstingur og – blóðsýni voru tekin. Holdafar var metið með hæð, þyngd, líkamsþyngdarstuðli, mittismáli og hlutfalli líkamsfitu mældri með DXA tæki. Algengi ofþyngdar/offitu samkvæmt líkamsþyngdarstuðli var 23,3%. 20,4% voru með hátt mittismál og 50,8% með hátt hlutfall líkamsfitu. Að auki voru ~10% unglínganna með blóðgildi og blóðþrýsting utan ráðlegra marka. Þrátt fyrir að einungis þriðjungurinn næði viðmiðum um nægilega hreyfingu voru 68,3% nemendanna með úthald yfir meðallagi. Hlutfallslega fleiri drengir en stúlkur voru taldir of feitir, með háþrýsting og með mjög gott úthald ( $p < 0,001-0,049$ ) en hlutfallslega fleiri stúlkur voru með lágbéttni fituprótein yfir ráðlögðum mörkum ( $p = 0,014$ ). Verknámsnemar voru verr á sig komnir hvað varðaði líkamsþyngdarstuðul, mittismál, hlutfall líkamsfitu, blóðþrýsting og úthald og hreyfðu sig auk þess minna ( $p < 0,05$ ).

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þrátt fyrir að úthald 18 ára framhaldsskólanema sé almennt gott þá hreyfa þeir sig of lítið og holdafari þeirra er ábótavant. Íhlutana sem miða að því að auka hreyfingu og bæta holdafar er þörf hjá þessum aldurshópi.

## **Þróun hreyfingar, holdafars og þreks ungra Íslendinga**

**Sandra Jónasdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Meðrannsakendur: Þórarinn Sveinsson, dósent Heilbrigðisvísindasviði HÍ**

**Kristján Þór Magnússon, lektor Menntavísindasviði HÍ**

**Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Erlingur Jóhannsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða breytingar á hreyfingu, holdafari og þreki frá barnæsku fram á fullorðinsárin hjá einstaklingum fæddum árin 1994 og 1988. Fáar langtímarannsóknir eru til á Íslandi þar sem skoðuð hafa verið áhrif lífsstílsbreyta eins og hreyfingar, holdarfars og þreks frá barnæsku til fullorðinsára.

Þátttakendum rannsóknarinnar *Lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga*, sem framkvæmd var á skólaárinu 2003-2004, var boðin þátttaka í þeirri rannsókn sem hér verður kynnt, *Atgervi ungra Íslendinga*. Gagnasöfnun fór fram skólaárið 2011-2012. Hreyfing var ákvörðuð með hröðunarmælum, holdafar var mælt á fjóra mismundi vegu með því að ákvarða líkamsþyngdarstuðul, taka mittismál og hlutfall líkamsfitu sem mæld var bæði með klípumælingum og DXA tæki. Þrek var mælt á Monark hjóli og var stigvaxandi álagspróf notað.

Niðurstöður hafa verið skoðaðar meðal yngri hópsins, einstaklinga sem fæddir eru árið 1994. Helstu niðurstöður sýna að ofþyngd og offita hefur aukist meðal þessara einstaklinga, þrek hefur minnkað og hreyfing hefur minnkað. Aukin þekking á áhrifaþáttum heilsu og líðan unglinga og ungmenna er dýrmæt vitneskja og mikilvægur þáttur í nauðsynlegri mótun og framkvæmd fyrirbyggjandi aðgerða á komandi árum.

## Kynjamunur á notkun próteinfæðubótarefna á meðal framhaldsskólanema

Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ

Meðhöfundar: Unnur B. Arnfjörð

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ

Próteinfæðubótarefni eru á meðal vinsælustu afkastaaukandi efna á markaði í dag og notkun þeirra hefur aukist mikið síðustu ár. Markmið rannsóknarinnar var að skoða notkun þeirra á meðal unglinga í framhaldsskólum.

Þversniðsrannsókn á heilsu og lífsstíl 18 ára unglinga (HLÍF) fór fram í þremur framhaldsskólum í Reykjavík og voru þátttakendur alls 260 (136 strákar og 124 stelpur). Upplýsinga um notkun fæðubótarefna var aflað með spurningalistum og 24-klukkustunda upprifjun á fæðuneyslu.

Hámarkssúrefnisgeta var mæld með þrekprófi á hlaupabretti og líkamssamsetning var m.a. mæld með DEXA.

Fleiri strákar en stelpur (31% vs 15%,  $p=0,003$ ) notuðu próteinfæðubótarefni a.m.k. vikulega og neyttu þeir meira magns af próteini miðað við eigin líkamspunga á dag en þeir strákar sem ekki tóku þessi fæðubótarefni eða neyttu þeirra sjaldnar ( $2,1\pm 1,0$  vs.  $1,5\pm 0,6$ g/kg,  $p=0,001$ ). Þeir voru einnig með betra þol ( $VO_{2max}$   $50,2\pm 7,5$  vs.  $54,2\pm 6,7$  ml/kg/min,  $p=0,018$ ), minni líkamsfitu ( $21,7\pm 8,0$  vs  $17,1\pm 6,3\%$ ,  $p=0,008$ ), og vildu vera 6% þyngrri en þeir voru á meðan aðrir strákar vildu halda núverandi líkamspýngd ( $p=0,017$ ).

Stúlkur sem notuðu próteinfæðubótarefni voru hins vegar ekki frábrugðnar öðrum stúlkum hvað próteinmagn í fæðunni varðar ( $1,3\pm 0,7$  vs.  $1,2\pm 0,5$ g/kg) og líkamssamsetning og hreysti var einnig sambærilegt. Ólíkt strákum vildu stelpur almennt léttast, og óskapýngd þeirra var 5-9% lægri en núverandi líkamspýngd.

Eins og sjá má af niðurstöðunum er neysla próteinfæðubótarefna algeng hjá þessum aldurshópi en ástæður virðast vera ólíkar á milli kynja, þar sem strákar tengja notkunina við hreyfingu og þyngdaraukningu en stúlkurnar eru líklega frekar að neyta fæðubótarefna til að stuðla að þyngdartapi. Ólíkar áherslur eru einnig í samræmi við markaðssetningu á þessum vörum, sem er breytileg eftir því til hvors kynsins þær eiga að höfða.

**Þróun á líkamlegu og andlegu atgervi ungra Íslendinga frá 15-23 ára aldurs**

**Sunna Gestsdóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Rannsóknarhópur: Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Ársæll Már Arnarsson, prófessor Hug- og félagsvísindasviði HA**

**Leiðbeinendur: Þórarinn Sveinsson, dósent Heilbrigðisvísindasviði HÍ**

**Erlingur Jóhannsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna langtímabreytingar á holdafari, hreyfingu, þreki og andlegri líðan einstaklinga sem fædd eru árið 1988, þegar þeir eru 15 og 23 ára. Þátttakendur voru fyrst mældir 15 ára gamlir þegar rannsóknin *Lífsstill 9 og 15 ára Íslendinga* var framkvæmd skólaárið 2003-2004. Skólaárið 2011-2012 var sömu þátttakendum boðin þátttaka í rannsókninni *Atgervi ungra Íslendinga*. Rúmlega 45% þátttakenda tók aftur þátt í mælingunum (443 tóku þátt skólaárið 2003-2004 en 201 skólaárið 2011-2012). Eftirfarandi mælingar voru framkvæmdar: þrek mælt á þrekhljóli, mótstaðan á hjólinu jókst með jöfnu millibili og þátttakendur hjóluðu eins lengi og þeir gátu. Holdafar var metið með líkamsþyngdarstuðli, þykkt húðfellinga og hlutfalli líkamsfitu mældri með DXA röntgengeislatæki. Hreyfing þátttakenda var mæld með hreyfímælum sem þeir báru á sér í sjö daga. Spurningalisti með spurningum um sjálfsálit, líkamsímynd, almenna lífsánægju, sálvefræna líðan, lífsgæði og svefn var lagður fyrir.

Þar sem offita, hreyfingarleysi og andleg vanlíðan eru að öllum líkindum í hópi stærstu heilbrigðisvandamála 21. aldarinnar getur þróun heilsufars ungs fólks frá 15 – 23 ára aldurs eflaust gefið mjög dýrmæta vitneskju til hvaða fyrirbyggjandi aðgerða heilbrigðis- og lýðheilsuyfirvöld þurfa að grípa á komandi árum og áratugum.

**11:00-12:30**

## **Rannsóknarstofa í íþrótt- og heilsufræði**

### **Dagleg hreyfing barna með þroskafrávik**

**Ágúst Ólafsson, meistaranemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinendur: Ingi Þór Einarsson, doktorsnemi og aðjúnt Menntavísindasviði HÍ og**

**Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða daglega hreyfingu grunnskólabarna í Reykjavík með þroskafrávik samanborið við ófötluð börn á sama aldri. Slembiúrtak 51 drengs og 24 stúlkna með þroskafrávik úr þremur grunnskólum (ID) í Reykjavík og viðmiðunarhópur (WID) 42 drengja og 32 stúlkna úr einum grunnskóla tóku þátt í rannsókninni. Hreyfing þátttakenda var mæld með hreyfímælum sem mældu slög á mínútu, ásamt því að spurningalisti varðandi hreyfivenjur var lagður fyrir alla þátttakendur.

Marktækur munur fannst á milli hópanna á öllum þeim breytum sem lagt var upp með að skoða. ID hópurinn hreyfði sig marktækt minna að meðaltali og átti það bæði við um skólatíma, í frítíma og um helgar. Þá hreyfðu ID börnin sig sjaldnar af mikilli ákefð en teknar voru saman hversu margar mínútur á dag börnin hreyfðu sig yfir 3400 slög/mínútu. Svör í spurningalistum benda til þess að ID hópurinn ofmeti hreyfingu sína þ.e. telji sig hreyfa sig meira en niðurstöður hreyfímælinga sýna fram á. Raunar á það sama við um WID hópin þ.e. að skynjun barna á eigin hreyfingu endurspegli ekki raunverulega hreyfingu þeirra.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að hreyfingu grunnskólabarna almennt sé ábótavant sé miðað við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um daglega hreyfingu en að sérstaklega sé úrbóta þörf hjá börnum með þroskafrávik.

## **Þrek og líkamssamsetning barna með þroskafrávik**

**Ingi Þór Einarsson, doktorsnemi og aðjúkt Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða þrek og líkamssamsetningu grunnskólabarna í Reykjavík með þroskafrávik samanborið við ófötluð börn á sama aldri. Slembiúrtak 51 drengs og 24 stúlkna með þroskafrávik úr þremur grunnskólum (ID) í Reykjavík og viðmiðunarhópur (WID) 42 drengja og 32 stúlkna úr einum grunnskóla tóku þátt. Úthald var mælt með hámarkssúrefnisupptökuprófi og/eða undirhámarks hjólaprófi. Holdafar var metið með hæð, þyngd, líkamspyngdarstuðli (BMI), mittismáli og hlutfalli líkamsmáttar mældri með klípumælingum og í DXA tæki.

Enginn marktækur munur fannst á milli ID og WID hópanna í aldri, hæð eða þyngd en tölfræðilega marktækur munur ( $p < 0,05$ ) fannst í BMI, mittismáli, þykkt húðfellinga, blóðþrýstingi og þoli. Þegar BMI stuðullinn var notaður fyrir ID hópin voru 19% of þungir og 16% of feitir en aðeins 9% og 5% hjá WID hópnunum. Þegar húðfellingarnar voru notaðar voru rúmlega 2/3 af ID hópnunum of þungir eða of feitir en tæplega 1/3 af WID hópnunum. Blóðþrýstingur var yfir viðmiði hjá 38,5% af ID hópnunum og 31% voru með meira mittismáli en mælt er með á meðan þessar tölur voru 15% og 12% fyrir WID hópin. Mikill munur var á þoli milli hópanna, 32,7 ml/kg/mín fyrir ID hópin og 45,5 ml/kg/mín fyrir WID hópin.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að íþróttakennarar og aðrir sem koma að hreyfingu og heilsu þessa hóps verði að fara að taka höndum saman til að fá ID börn til að vera meira virk og lifa heilsusamlegra lífi.

## **Tengsl BMI við stig þroskahömlunar**

**Sigurlín Garðarsdóttir, meistaranemi Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinendur: Ingi Þór Einarsson, doktorsnemi og aðjúkt Menntavísindasviði HÍ og**

**Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvort stig þroskahömlunar hafi bein eða óbein áhrif á líkamssamsetningu einstaklinga með þroskahömlun. Slembiúrtak 51 drengs og 24 stúlkna með þroskafrávik úr þremur grunnskólum (ID) í Reykjavík og viðmiðunarhópur (WID) 42 drengja og 32 stúlkna úr einum grunnskóla tóku þátt. Hæð og þyngd voru mæld hjá öllum þátttakendum og auk þess var lagt fyrir þau þroskapróf.



Þegar kannað var hvort fylgni væri á milli allra þátta í þroskaprófinu við BMI kom í ljós að enginn fylgni var þar á milli. Öll ID börnin í rannsókninni eru með viðurkennda greiningu frá Greiningarstöð Ríkisins og var það oft augljóst þegar börnin komu í prófið hvernig þeim átti eftir að ganga. Vert er að taka það fram að mörg ID börnin eru einhverf og getur það skekkt niðurstöðurnar að einhverju leyti. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að þeir sem eru með meiri þroskahömlun eru líklegri, en þeir sem eru með væga þroskahömlun, til að vera of þungir eða of feitir. Niðurstöður þroskaprófsins sýndu einnig fram á að mikill og marktækur munur var á milli ID og WID barna og ID börnin voru töluvert lakari í öllum hlutum prófsins.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að stig þroskahömlunar hafi lítil bein áhrif á líkamssamsetningu barnanna. Benda má á að öll börnin með mestu þroskafrávikin voru í einum sérskóla, þar sem mörg úrræði voru í boði til að auka hreyfingu þeirra, nokkuð sem börnin í almenna skólakerfinu höfðu ekki kost á.

### **Tengsl holdafars og félagslegrar færni**

**Hervör Alma Árnadóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

**Erlingur Jóhannsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Holdafar ungs fólks hefur verið til umræðu á síðustu árum. Í því samhengi hefur umræðan oftast en ekki beinst að vandamálum tengdum offitu fólks í samtímanum og þá ekki síst ungs fólks. Niðurstöður rannsókna benda til þess að fordómar tengdir offitu geti haft áhrif á félagslegan þroska barna og unglinga sem svo tengist almennri velferð.

Rannsóknin er tengd doktorsverkefni mínu og er hluti af stærri rannsókn sem nefnist *Líkamlegt atgervi, félagslegir þættir og andleg líðan barna og ungmenna*. Rannsóknin er langtímarannsókn sem hófst árið 2003.

Í rannsókninni verður skoðað sambandið á milli BMI ( $\text{kg/m}^2$ ) hjá einstaklingum 9 og 15 ára og svo aftur 8 árum síðar hjá sömu einstaklingum sem þá eru 17 og 23 ára. Borið verður saman mælt BMI og metið (self reported) og skoðuð tengsl við félagslega færni. Hluti hópsins, sem rannsakaður var árið 2003, er kominn yfir á fullorðins ár og er mikilvægt að afla upplýsinga um það hvort hlutfallslegar breytingar hafi orðið á mældu BMI yfir þau 8 ár sem rannsóknin hefur staðið.

Með því að auka þekkingu á fylgikvillum offitu og tengsl offitu við félagslega þætti verður hægt að vinna á skipulagðari og markvissari hátt að fræðslu og forvörnum og þá að draga úr vandamálum sem tengjast þessum þáttum í framtíðinni.

**13:30-15:00**

## Rannsóknarstofa í íþrótt- og heilsufræði

**Hvílík snilld! Íslenskt íþróttamálfar og einkenni þess**

**Guðmundur Sæmundsson, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða og greina hvað einkenni málfar fjölmiðla um íþróttir. Beitt er kerfisbundinni dæmaleit úr íslenskum fjölmiðlum frá árinu 2008 um þau atriði sem fjallað er um, til dæmis stílbrögð eins og ýkjur (mikil notkun efsta stigs og hástemmdra lýsinga), yfirdrifin hetjuhrifning, húmor og léttleiki, auðugt myndmál, innihaldsrík og loks klisjur eða föst orðatiltæki. Skoðað verður hvort önnur málfræðileg atriði skipti hér máli.

Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að afrekaáherslan kæmi fram í **mjög ýktu orðafari**. Notuð eru afar sterk orð og innihaldsrík. Annað einkenni er mikil **notkun nýjunga í máli**. Ný orð og orðasambönd eru mynduð, orð og orðasambönd fá nýja merkingu, orð eru beygð á nýjan hátt. Setningaskipan er ný og samval orða öðruvísi en tíðkast hefur. Þjóðarstoltið og lokalpatriotisminn í minni samfélögunum kemur fram á svipaðan hátt og einnig í því að illa er talað um andstæðingana, jafnvel gripið til kynþáttaníðs og eineltis þegar verst lætur. Tilvísanir í málvari og orðræðu um íþróttir eru úr ýmsum áttum. Mikið er vísað í fornbókmenntir, hermennsku og líflát, skemmtanaíðnað af ýmsu tagi en einnig er nokkuð um vísanir í bókmenntir og dægurlagatexta. Trúarbrögðin sleppa ekki alveg og umferð og tæki eru vinsæl í vísunum.

**Heilsa á 52 fjöllum**

**Gunnhildur Hinriksdóttir, MS aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ**

**Smári Stefánsson, MS aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvernig og hvers vegna einstaklingar taka þátt í verkefni á borð við *Eitt fjall á viku* sem og áhrifum þátttökunnar á heilsu þeirra.

Þátttakendum í gönguverkefninu *Eitt fjall á viku* á vegum Ferðafélags Íslands árið 2012 var boðin þátttaka í þessari undirbúningskönnun. Auk ýmissa líkamsástandsmælinga voru lagðir fyrir spurningalistar um nokkra bakgrunnspætti, ástæður þátttöku í verkefninu, hreyfingu og þrek. Einnig var lagður fyrir spurningalistinn *Heilsutengd lífsgæði* en hann á að gefa mynd m.a. af almennu heilsufari, líðan og lífsfyllingu einstaklinga og hefur m.a. verið notaður til þess að meta árangur og áhrif meðferða.

Sex þátttakendur, 52,8±1,8 ára, þar af 4 konur og 2 karlar, hafa lokið tveimur af þremur áætluðum mælingum. Ástæður þátttöku einstaklinganna voru einna helst heilsulegs eðlis, en einnig voru félagslegar ástæður sterkar. Heilsutengd lífsgæði einstaklinganna voru almennt séð góð, eða rúmu staðalfráviki ofar en meðaltalið. Þar bar mat á heilsufari hæst, en svefn lakast, sem þó var í meðallagi miðað við aðra Íslendinga. Áður en þátttakendurnir byrjuðu í gönguverkefninu hreyfðu þau sig að meðaltali rétt um einu sinni í viku, en þá að meðaltali í ríflega 30-60 mínútur í senn. Þátttaka í verkefninu hefur skilað aukinni hreyfingu á meðal einstaklinganna, en eftir fimm mánaða þátttöku eru þau farin að hreyfa sig að meðaltali um 2-3 sinnum í viku.

### **Í form á fjalli**

**Smári Stefánsson, aðjúkt Menntavísindasviði**

**Gunnhildur Hinriksdóttir, MS aðjúkt Menntavísindasviði**

Undanfarin ár hefur Ferðafélag Íslands boðið upp á verkefni sem nefnist 52 fjöll. Í verkefninu felst að þátttakendur ganga að meðaltali á eitt fjall á viku allt árið um kring. Tilgangur rannsóknarinnar var að athuga hvort og þá hvaða heilsufarslegu áhrif reglulegar fjallgöngur hafa á þátttakendur.

Öllum þeim er taka þátt í 52 fjöll árið 2012 var boðin þátttaka í rannsókninni. Átta þátttakendur buðu sig fram en tveir drógu sig til baka eftir fyrstu mælingar. Búið er að hitta hópinn tvisvar, við upphaf verkefnisins og um miðbik og til stendur að hitta hann aftur við lok þess. Ýmsar líkamlegar mælingar eru gerðar á þátttakendum ásamt því að leggja fyrir hann spurningalista til að kanna heilsutengd lífsgæði þeirra ásamt bakgrunni.

Fyrstu niðurstöður benda til að með reglulegum fjallgöngum er hægt að bæta líkamlegt heilsufar s.s. með minnkandi fituhlutfalli, styrkingu í lærum ásamt auknum vöðvamassa og betri liðleika.

## **Áhrif fjölþættrar þjálfunaríhlutunar á kynjamun eldri aldurshópa í hreyfifærni, styrk og þoli**

**Janus Guðlaugsson, aðjúnt Menntavísindasviði HÍ**

**Meðrannsakendur: Steinunn Arnars Ólafsdóttir, MS sjúkraþjálfari**

**Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar**

**Thor Aspelund, tölfræðingur Hjartavernd**

**Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

**Pálmi V. Jónsson, prófessor Heilbrigðisvísindasviði HÍ**

**Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor Félagsvísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Erlingur Jóhannsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Hreyfifærni getur haft umtalsverð áhrif á sjálfstæði og vellíðan eldri aldurshópa. Skerðing á hagnýtri hreyfifærni dregur úr möguleikum hinna eldri að lifa sjálfstæðu lífi og takast á við athafnir daglegs lífs. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða áhrif 6 mánaða þjálfunar á 71 til 90 ára karla og konur (n=117) og kynjamun í eftirfarandi mælingum: SPPB-hreyfifærniprófi, 8-feta hreyfijafnvægi, styrk í neðri hluta líkamans, sex mínútna gönguprófi (6MW) og líkamsþyngdarstuðli (BMI). Auk þess var markmiðið að greina langtímaáhrif, 6 og 12 mánuðum eftir íhlutun.

Snið rannsóknar var víxlað með handahófskenndu vali í hópa sem framkvæmt var í þremur 6 mánaða tímabilum að lokinni skráningu og grunnmælingum. Sex mánaða þjálfun var þreytt af þjálfunarhóp (PH) á fyrsta tímabili en viðmiðunarhópur (VH) þreytti samskonar þjálfun á eftir PH á öðru tímabili. Að því loknu var 6 mánaða eftirfylgnitímabil. Niðurstöður sýndu að sambærileg áhrif komu fram á eldri karla og konur í hreyfifærni, styrk, þoli og BMI að lokinni 6 mánaða þjálfun. Langtímaáhrif á útkomubreytur og heildaráhrif þjálfunar til lengri tíma voru hliðstæðar fyrir bæði kynin. Álykta má að bæði eldri karlar og konur bregðast svipað við fjölþættri þjálfun, varðveita áunnar breytingar eða halda jafnvel áfram að bæta sig í hreyfifærni á sambærilegan hátt að lokinni þjálfun. Engin þjálfunaráhrif á kynjamun komu fram. Niðurstöður gefa til kynna jákvæð áhrif þjálfunar á hagnýta hreyfifærni til lengri tíma.

**15:30-17:00**

## **Tómstundir, æskulýðsstarf og líðan**

**"Ég er jafnmikið úti og inni"**

**Val á mælitækjum í rannsóknum með börnum**

**Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Erindið fjallar um aðferðafræðilega nálgun í rannsókn meðal barna á aldrinum 10-12 ára. Um er að ræða doktorsrannsókn höfundar sem ber vinnuheitið börn og náttúra. Í forrannsókn sem framkvæmd var á árunum 2010 og 2011 kom í ljós að þau börn sem tóku þátt í viðtalsrannsókn töldu sig hafa verið mun meira utandyra en raun bar vitni. Sá tími sem raunverulega fór í útiveru kom einungis fram þegar rannsakandi og börnin fóru nánar yfir dag barnanna. Þessar niðurstöður höfðu áhrif á val á mælitækjum sem notuð verða í doktorsrannsókninni. Eitt af markmiðum rannsóknarinnar er að grafast fyrir um þann tíma sem börn dvelja utandyra og í náttúrunni og er því mikilvægt að finna aðrar leiðir en spurningalista til að tryggja að niðurstöður verði eins nákvæmar og kostur er. Í erindinu verður fjallað um niðurstöður forrannsóknarinnar sem snúa að aðferðafræði og um þau mælitæki sem voru valin í kjölfarið, þ.e. tímadagbækur og sérstök tíma-viðtöl sem notuð hafa verið með góðum árangri.

**Tómstunda- og félagsmálafræði við HÍ - Staða og stefna**

**Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjúkt Menntavísindasviði HÍ**

**Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Gerð verður grein fyrir þróun náms í tómstunda- og félagsmálafræði á Íslandi, lagt mat á stöðu námsins og settar fram tillögur að stefnu. Diplómanám í tómstunda- og félagsmálafræði hófst við HÍ árið 2000 og við KHÍ árið 2001. Kennaraháskólinn lengdi námið strax til BA-gráðu og bauð svo meistaranám frá árinu 2007. Á rúmum 10 árum hefur námið þróast hratt og vaxið. Mikilvægt er nú að leggja mat á stöðuna, ræða innihald námsins, gæði, tengsl við vettvang og þróunarstarf, ásamt áherslum í rannsóknum. Höfundar byggja stöðumat og tillögur að stefnu á fjölbreyttum gögnum m.a. greiningarvinnu kennara við brautina á hæfniviðmiðum, könnun meðal nemanda frá árinu 2007, matsfundum með nemendum, samanburði á kennsluáætlunum og könnun á viðhorfi útskrifaðra nemanda á gagnsemi námsins. Markmiðið með erindinu er að ræða fyrrgreinda þætti, fá fram viðbrögð og stuðla að samræðu um stefnu Námbrautar í tómstunda- og félagsmálafræðum til næstu tveggja til þriggja ára.

## **Á hverju byggir fagmennska í æskulýðsstarfi?**

**Árni Guðmundsson, aðjúnkt og doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um í hverju fagþekking þeirra sem vinna á vettvangi æskulýðsstarfs er fólgin. Þjónusta í frítímanum er í dag starfsvettvangur gríðarlegs fjölda fólks og þeim fjölgar stöðugt sem vilja gera þennan vettvang að ævistarfi. Fjöldi starfsmanna sveitarfélaga sinnir í dag fjölbreyttri þjónustu í frítímanum, þjónustu sem samfélagið getur ekki verið án ef lífsgæði eiga að viðhaldast. Kröfur um menntun og öflug faggrunduð viðmið hafa komið til. Sérstaklega á þetta við um frítímapjónustu í uppeldis- og lærdómsumhverfi barna og unglinga. Þó fagumhverfi þeirra sem þar starfa hafi eflst mjög á undanförunum árum og tekist hafi nokkuð vel að mæta kröfum samfélagsins um gæði þjónustunnar þá er enn ýmislegt sem ógnar hinni ungu fagstétt. Laga- og reglugerðarammar varðandi starfsemina er óviðunandi. Tímabært er að kanna hug starfsmanna til ýmissa atriða sem varðar starf þeirra og starfsumhverfi. Höfundur fjallar um aðferðafræðilegan vanda þess að kanna viðhorf starfsstéttar sem er í frummótun. Höfundur fjallar einnig um helstu kenningar í starfi á vettvangi æskulýðsstarfs. Umfjöllunin byggir að hluta til á doktorsverkefni er höfundur vinnur að og fjallar m.a. um myndun fagstéttar á sviði æskulýðsmála hér á landi.

## **Einelti og líðan nemenda í grunnskólum sem vinna samkvæmt Olweusar áætluninni**

**Almar M. Halldórsson, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

Milli 40 og 50 grunnskólar á landinu taka þátt í Olweus áætluninni sem hefur það markmið að draga úr tíðni eineltis. Í þessari rannsókn er sú tilgáta sett fram að minna einelti sé í skólum sem starfa eftir Olweus áætluninni, miðað við aðra skóla. Því er spáð að vanlíðan og kvíði séu einnig minni og að jafnvel sjálfsálit og stjórn á eigin lífi sé meiri í Olweus skólum en öðrum skólum. Metin var staða 32 skóla í áætluninni og 38 skóla sem ekki eru í áætluninni á mælingum í sjálfsmatskerfinu Skólapúlsinn sem þessir skólar nota við innra mat, samtals svör um 10.000 nemenda í 6.-10. bekk skólaárið 2010-11. Niðurstöður styðja tilgátuna að hluta. Rannsóknin sýnir að einelti er marktækt minna í skólum sem vinna eftir Olweus áætluninni en í skólum sem ekki gera það. En munurinn er afar lítil og tengist aldri nemenda og aldursskiptingu skólans. Ekki eru skýr áhrif af áætluninni fyrir nemendur á unglingastigi en áberandi mest áhrif koma fram fyrir nemendur í 7. bekk í skólum án unglingastigs, þ.e. þegar þeir eru elstu nemendur

skólans. Þessar niðurstöður eru ræddar m.t.t. áherslna í forvörnum með ábendingum um breyttar áherslur og samstarf kennara milli skólastiga.

## **K-205**

**9:00-10:30**

### **Sjónlistir og nýsköpun í menntun til sjálfbærni**

**Málstofustjóri:** Svanborg R. Jónsdóttir

#### **Listir og geta til aðgerða**

**Ásthildur Jónsdóttir, lektor LHÍ**

Ný aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla boðar að allir kennarar láti sig menntun til sjálfbærni varða. Menntun sem hefur það að markmiði að skapa samábyrgt þjóðfélag. Í því felst m.a. að þroska hvern einstakling sem virkan borgara með þekkingu á og meðvitund um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og lýðheilsu; og efnahagsþróun og framtíðarsýn. Menntun til sjálfbærni virkjar einstaklinga til rökræðna og að taka gagnrýna afstöðu til álitamála sjálfbærs samfélags. Hún eykur skilning á jafnvægi vistkerfa, líffræðilegum fjölbreytileika, auðlindanýtingu, loftslagi og velferð.

Myndlist getur átt þátt í að skapa viðhorfsbreytingu og auka meðvitund um vistfræðileg takmörk jarðar og það jafnvægi sem hver einstaklingur verður að huga að í tengslum við "hið góða líf". Myndlist er kjörinn vettvangur tjáningar um viðkvæm málefni og myndmiðillinn gefur forsendur frjálsari tjáningar en skrifað eða mælt mál. Áhrifamáttur sjónlista í menntun til sjálfbærni er mikill og hafa verkefni af því tagi megnað að efla getu nemanda til aðgerða. Í erindinu verða kynnt verkefni í námsumhverfi þar sem nemendur eru virkjaðir til athafna og taka þátt í að ákveða viðfangsefni þar sem þeir geta látið gott af sér leiða í samfélaginu.

#### **Nýsköpunarment sem nálgun í menntun til sjálfbærni**

**Rósa Gunnarsdóttir, kennsluþjálfari HR**

**Svanborg R. Jónsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt (NFM) er námssvið sem felur í sér að hagnýta þekkingu á skapandi hátt þannig að nemendur greina þarfir, meta þær og finna viðeigandi lausnir. Nýsköpunarfærni og

skapandi vinnubrögð er færni sem borgarar þurfa að hafa á valdi sínu á 21. öldinni eins og meðal annars kemur fram í opinberri orðræðu. Á síðustu árum hefur athygli rannsakenda í menntun og skilgreiningar á sköpun í auknum mæli beinst að litlu-sköpunargáfunni (little-c creativity, Craft, 2006). Í hugmyndafræði nýsköpunarmenntar er litið svo á að allir séu skapandi. Eitt meginmarkmið nýsköpunarmenntar er að efla getu einstaklinga til þátttöku í eigin lífi og samfélaginu. Grunnþáttur í nýsköpunarmennt er ferlið þörf-lausrn-afurð.

Nemendur þjálfast í að greina þarfir eða vandamál í eigin umhverfi og að þróa leiðir til að leysa vandamál sem þau hafa sjálf valið. Kennslufræði nýsköpunarmenntar byggir á að ýta undir möguleikahugsun nemenda og gefa þeim frelsi til að velja og þróa eigin útfærslur eða hönnun, velja aðferðir, efni, stað og stund að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa. Æskilegt kennsluviðmót í NFM er skilgreint sem framsækin og eflandi kennslufræði (Svanborg R. Jónsdóttir, 2011).

### **50 mínútna vinnusmiðja undir leiðsögn**

**Ásthildar Jónsdóttur, LHÍ, Rósu Gunnarsdóttur, HR og Svanborgar R. Jónsdóttur, HÍ**

Í vinnusmiðjunni verða skapaðar aðstæður til að vinna sjónrænt út frá völdum málefnum er lúta að sjálfbærni og nýsköpun. Lögð verður áhersla á vinnu sem byggir á gagnrýnni og skapandi umræðu sem gefur forsendur til sjónrænnar niðurstöðu þar sem unnið verður með efnisveitu. Niðurstöðurnar verða ræddar í tengslum við hvernig við getum breytt málum til betri vegar eða til að vekja fólk til umhugsunar og athafna.

**11:00-12:30**

## **Rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu**

### **Íslenska og lestur**

**„Í þessari ritgerð ....“**

**Um gerð ágripa í B.Ed.-ritgerðum**

**Baldur Sigurðsson, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Lokaritgerðir til prófgráðu eru mikilvægur áfangi á þeirri leið stúdenta að verða fullgildir fræðimenn eða fagmenn og þær eru vistaðar í opnum gagnagrunnum svo aðrir geti notað þær sem heimildir. Markmið



rannsóknarinnar er að komast að því að hvaða leyti ágríp prófritgerða eru í samræmi við ágríp í fræðilegum ritsmíðum og hvað það segir okkur um hvar stúdentar eru staddir í menntun sinni.

Rannsókuð voru ágríp í 100 B.Ed.-ritgerðum í Kennaradeild Menntavísindasviðs vorið 2011 og 100 C-ritgerðum kennaranema við Linnéháskólann í Växjö. Hvort tveggja eru sjálfstæð lokaverkefni eftir þriggja ára nám. Greind voru ýmis textaeinkenni og hvaða þættir hefðbundinna fræðilegra ágrípa eru til staðar, í hvaða röð, hvernig um þá er fjallað og hvort annað efni hefur komið í staðinn.

Niðurstöður sýna að verkefni sænskra stúdenta eru yfirleitt rannsóknarverkefni og 80% þeirra tengjast skólastarfi. Verkefni íslenskra stúdenta snerta nánast öll skólastarf, tveir þriðju þeirra fela í sér einhvers konar rannsókn en þriðjungur er greinargerð með námsefni eða spilum. Slík verkefni koma ekki fyrir í sænska úrtakinu. Í sænska úrtakinu birtist nokkuð skýr hugmynd um hefðbundið hlutverk ágríps, yfirleitt er fjallað um efnisþætti í ákveðinni röð og orðin *markmið*, *aðferð*, og *niðurstöður* koma fyrir í nánast öllum. Í íslenska úrtakinu virðist hugmynd um hlutverk ágríps óskýr, röð efnisþátta er mismunandi, erfitt er að koma auga á þá og greina þá í sundur. Meira er um annað efni í íslensku ágrípunum.

### **Orðaforði og málvöndun**

#### **Sigurður Konráðsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Allt frá því snemma á síðustu öld hefur verið haldið fram að íslenskri tungu fari hrakandi. Þetta á reyndar við staka höfunda frá alda öðli en þeir hafa verið svo fáir á hverjum tíma að eiginleg umræða hefur varla orðið til. Allt frá því um aldamótin 1900 hefur mjög borið á því að Íslendingar hafa gagnrýnt málnotkun landa sinni. Hvernig hefur sú umvöndun verið? Hvaða þættir eru gagnrýndir? Nefna má eitt það merkasta, ritgerð Þórbergs um stíl, Einum kennt – öðrum bent, ýmsar athugasemdir Halldórs Laxness í blöðum og tímaritum, smáar og stórar, og svo málvöndunarmanna í hefðbundnum skilningi, til dæmis Halldórs Halldórssonar og síðar Helga Hálfðanarsonar.

Af undarlegum ástæðum gerðist það á níunda og tíunda áratugnum að farið var að kenna viðhorf þessara manna við einhvers konar mannvönsku, jafnvel notuð orð sem nefnd hafa verið í svipaðri andrá og ýmsar hrottastefnur frá öldinni.

Í fyrirlestrinum verður gripið niður í umræðu um þessi mál. Sjónum verður beint að því hvað var helst til umræðu og hver virtist vera afstaða höfunda til þjóðfélagsmála almennt. Að lokum verður umræða um orðaforða sérstaklega athuguð, einkum fullyrðingin: „Orðaforði fer minnkandi.“

## **Viðhorf og reynsla kennara af þátttöku í innleiðingu *Byrjendalæsi***

**María Steingrímsdóttir, dósent HA**

**Eygló Björnsdóttir, lektor HA**

**Sigríður Margrét Sigurðardóttir, aðjúkt HA**

Hér er fjallað um efni sem er hluti af stærri rannsókn á Byrjendalæsi. Byrjendalæsi hefur að markmiði að efla læsi grunnskólanema m.a. með starfsþróun kennara og hafa nú yfir 60 skólar tekið þátt í því. Hér verður fjallað um niðurstöður sem unnar eru úr mati grunnskólakennara á innleiðingarkerfi Byrjendalæsis og þeirri þjónustu sem miðstöð skólaþróunar við HA veitir við það. Gögnin ná yfir tímabilið frá 2006–2012. Í erindinu verður reynsla og viðhorf kennara af innleiðslu Byrjendalæsis skoðuð. Það verður gert í ljósi þeirrar aðferðar sem þróuð hefur verið við innleiðingu á Byrjendalæsi og kenninga um starfsþróun. Niðurstöðurnar sem hér er fjallað um gefa vísbendingar um gildi verkefnisins fyrir kennara sem þátt taka í því. Þær ættu jafnframt að nýtast leiðtogum, ráðgjöfum og öðrum þeim sem koma að innleiðingarkerfi Byrjendalæsis við frekari þróun þess. Þær gefa einnig vísbendingar sem nýtast sem grunnur að frekari rannsóknum á starfsþróun.

## **Bóklestur íslenskra unglunga í evrópskum samanburði**

**Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent HA**

**Póroddur Bjarnason, prófessor HA**

**Andrea S. Hjálmsdóttir, lektor HA**

Rannsóknir hafa sýnt að bóklestur íslenskra unglunga hefur minnkað mikið á undanförunum áratugum. Samkvæmt niðurstöðum langtímarannsóknarinnar *Börn og sjónvarp* hækkaði hlutfall þeirra unglunga sem aldrei lásu bækur sér til ánægju úr 11% árið 1968 í 28% árið 2009 og hlutfall þeirra sem lesið höfðu 10 bækur eða fleiri undanfarinn mánuð lækkaði úr 10% í 4%. Stelpur lesa mun meira en strákar og samkvæmt niðurstöðum PISA rannsóknarinnar er kynjamunur í lesskilningi óvígð meiri. ESPAD rannsóknin sem framkvæmd var 2007 staðfesti þennan kynjamun og sýndi jafnframt að íslenskir unglingar voru í slöku meðallagi þegar kom að bóklestri. 23% íslenskra unglunga lásu aldrei bækur sér til ánægju en meðaltal 35 Evrópuþjóða var 21%. Að sama skapi lásu aðeins 9% íslenskra unglunga bækur daglega en 11% samanburðarhópsins. Munurinn reyndist marktækur. Hér verða kynntar niðurstöður nýjustu ESPAD rannsóknarinnar (2011) um bóklestur íslenskra unglunga í evrópskum samanburði. Tveir hópar unglunga eru skoðaðir sérstaklega; lestrarhestar sem daglega lesa bækur sér til ánægju og bóklausir

unglingar sem aldrei gera slíkt. Leitast er við að finna þá þætti sem aðgreina hópana tvo, svo sem félagslegan bakgrunn, lífsstíl og fjölskyldugerð. Sérstaklega er skoðað á hvaða hátt íslensku unglíngarnir skera sig úr hópi evrópskra unglínga.

**13:30-15:00**

## **Rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu**

### **Málfræði og rannsóknir á kennslu**

#### **Baráttan við málbreytingar**

#### **Málfræðikennsla í grunnskóla**

**Hanna Óladóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ**

Kennarar grunnskóla virðast yfirleitt miða við ritmál þegar þeir ræða um tungumálið. Þetta kemur ekki á óvart þar sem eitt aðalmarkmið skólans frá fyrsta degi er að kenna börnum að lesa og skrifa, en upp frá því virðist það stýra umræðunni um tungumálið. Þar sem ritmálið er í sjálfur sér mjög staðlað og íhaldssamt, er hætt við að umræðan um tilbrigði í máli, sér í lagi hvað viðkemur beygingum og setningagerð, verði í lágmarki, og jafn vel svo að öll tilbrigði séu ekki talin hluti af málinu. Umræðan um tungumálið er líka undir mjög miklum áhrifum frá málvernd þar sem tilbrigði og málbreytingar, svokallaðar málvillur, eru illa séðar. Þessi barátta sem virðist eiga sér stað við málbreytingar í skólanum eru ákaflega forvitnilegar bæði út frá sjónarhorni kennarans og nemendanna. Því verður spurt hér um hvaða hugmyndir kennarar hafi um tungumálið og hlutverk sitt í málfræðikennslu og hvaða hugmyndir nemendur hafi um eigið tungumál eftir tíu ár í skóla. Til að varpa nokkru ljósi á þetta verða reifaðar niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal íslenskukennara í 10. bekk og nokkurra nemenda í einum skóla. Um er að ræða forkönnun fyrir rannsókn sem nú fer fram um málfræðikennslu í grunnskóla. Skólinn sem um ræðir er frekar íhaldssamur í kennsluháttum og ætti því að vera gott dæmi um skóla þar sem hefðbundnar hugmyndir um tungumálið eru ríkjandi.

## Íslensk skólamálfraeði: Stagl eða stuð?

Finnur Friðriksson, dósent Hug- og félagsvísindasviði HA

Þórunn Blöndal, dósent Menntavísindasviði HÍ

Rannsóknir hafa sýnt að kennsluefni hefur mikil áhrif á það sem fram fer í kennslustofunni og stýrir jafnvel kennslunni að talsverðu leyti. Í þessu erindi verður greint frá rannsókn á því kennsluefni sem mest er notað í íslenskukennslu á miðstigi grunnskóla. Aðeins einn námsþáttur íslenskunnar verður hér skoðaður, málfraeði og málnotkun. Ástæðan fyrir því að sá þáttur er valinn er sú að skólafólk hefur verið ósammála um gildi málfraeðikennslu og óánægt með árangurinn af henni; þetta mál hefur ítrekað verið rætt á ráðstefnum og um það fjallað í tímaritsgreinum. Við Íslendingar búum að langri og óslitinni hefð í samningu kennsluefnis í málfraeði og hefur margt verið þar með svipuðu móti síðan á 19. öld. Það er því áhugavert að athuga hvort nýir straumar í málvísindum og kennslufraeði eru merkjanlegir í nýútkomnu kennsluefni. Í erindinu verður unnið út frá þessum rannsóknarspurningum: Hvernig nálgast höfundar mál og málfraeði – hver er sýn þeirra á tungumálið? Er hún einkum formleg eða er einnig hugað að virkni málfraeðilegra eininga í texta? Hvernig eru hugtök kynnt og hvernig þeim fylgt eftir? Er málfraeðin kennd einangruð frá öðrum þáttum íslenskunnar, s.s. ritun og lestri bókmennta, eða eru þættirnir tengdir með einhverju móti? Þetta er hluti af stærri rannsókn.

## Kennslugrein og kennslutunga

Kristján Jóhann Jónsson, dósent Menntavísindasviði HÍ

Rætt verður um forsendur og fraeðilegan grundvöll nýrrar rannsóknar á íslenskukennslu. Markmið íslenskukennslu og spurt um tengsl námskrár og skólastarfs þegar íslenskukennsla er annars vegar. Íslenskukennarar við Kennaradeild á Menntavísindasviði HÍ og við Kennaradeild Háskólans á Akureyri hafa í vetur lagt drög að viðamikilli rannsókn á þessu. Gert er ráð fyrir því að íslensk móðurmálskennsla sé að mörgu leyti í sömu stöðu og móðurmálskennsla annars staðar á Norðurlöndum. Tungumál Norðurlanda eru lítil á mælikvarða heimsins en þeim er engu að síður ætlað að halda uppi skólakerfi og þekkingu. Þess vegna hefur rannsókn okkar fengið heitið *íslenska sem kennslugrein og kennslutunga*. Hvað er kennt í greininni og hvernig dugir sú þekking til þess að kenna þjóðinni að taka við þeirri þekkingu sem að okkur berst á ensku gegnum rafræna miðla? Öflugt móðurmál er helsta tæki okkar til þess að skilja tungumál annarra þjóða, menningu þeirra og sjálfsmynd. Tungumálið er verkfæri hugsunarinnar.

Rannsóknarhópur íslenskukennara hefur tengt sig við háskólafolk í Færeyjum, Noregi og Svíþjóð og verið er að kanna möguleika á hliðstæðum rannsóknum í þessum löndum. Í erindinu mun ég fara yfir það hvernig rannsóknarhópurinn hyggst standa að rannsókn á íslenskukennslu. Doktors- og meistaranemar tengjast þessari rannsókn og hún beinist að öllu skólakerfinu, frá leikskóla og upp í kennaramenntun í íslensku.

### **Einn pott á hlóðirnar en ekki marga litla:**

### **Hvers vegna notum við hugtökin staðnemar og fjarnemar þegar það nægir að tala um nemendur?**

**Ingibjörg Frímansdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Kynntar verða niðurstöður úr könnun sem lögð var fyrir nemendur í námskeiðinu Talað mál og ritað, haustönn 2012. Við skipulagningu námskeiðsins var miðað við að framboð kennsluefnis fyrir alla nemendur námskeiðsins, stað og fjar, væri það saman. Einnig var ákveðið að nota ekki hugtökin stað- eða fjarnemar, tala eingöngu um nemendur.

Í könnuninni var leitað svara við því hvort nemendur greindu mun á skipulagi og þjónustu við staðnema annars vegar og fjarnema hins vegar, hvað nemendum þætti um framsetningu námsefnisins, samskipti og fleira.

Kennarar Menntavísindasviðs hafa sinnt fjarkennslu samhliða staðkennslu í tvo áratugi, margir án þess að hafa um það nokkurt val. Hver og einn glímir við að finna sína „réttu“ kennsluaðferð. Ófáir grípa til þess ráðs að aðskilja hópana algjörlega og útbúa jafnvel sérstakt námsefni fyrir hvorn hóp. Aðrir dæla efni út á netið, með ótakmörkuðum aðgangi stað- og fjarnema alla önnina, í þeirri viðleitni til að koma til móts við báða hópa.

En hver er hin rétta leið, hvernig samkennum við stað- og fjarnemum? Í þeirri könnun sem kynnt verður er ætlunin að varpa ljósi á árangur af ákveðinni kennsluaðferð.

**K-206**

**9:00-10:30**

## **Kynhegðun, mæting og læsi**

### **Kynhegðun unglunga í 10. bekk á Íslandi með hliðsjón af samskiptum**

**þeirra við foreldra og lífsánægju**

**Halla Ólöf Jónsdóttir, HA**

**Sigrún Sveinbjörnsdóttir, dósent HA**

Kynhegðun unglunga í 10. bekk á Íslandi: samskipti og lífsánægja

Tilgangur: Bera saman upplýsingar um samskipti og lífsánægju unglunga frá tveimur hópum unglunga í 10. bekk á Íslandi (a) þeim sem ekki hafa haft samfarir, (b) þeim sem hafa haft samfarir og að bera saman samskipti og lífsánægju unglunga eftir aldri þeirra við fyrstu samfarir.

Aðferð: Notuð voru gögn frá árinu 2010 úr íslenskum hluta alþjóðlegrar könnunar á heilsu og lífskjörum skólanema (Health Behaviour in School-Aged Children) sem unnin er að tilstuðlan

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Alls svöruðu 11561 nemendur úr 6., 8. og 10. bekk á Íslandi, sem var 87% af þýðinu. Hér er stuðst við svör 3776 nemenda úr 10. bekk. Nemendur voru flokkaðir í hópana tvo a og b út frá spurningu um kynhegðun. Samskipti við foreldra voru metin með tveimur spurningum sem höfðu svarmöguleika á fimm punkta likert kvarða, önnur spurði um samskipti við móður og hin við föður. Lífsánægja nemenda var metin með Stiga Cantrils og depurð var metin með spurningu sem hafði svarmöguleika á fimm punkta likert kvarða (hér um bil daglega – sjaldan/aldrei).

Niðurstöður: Þeir sem hafa ekki sofið hjá (a) meta samskipti við foreldra betri og lífsánægju meiri heldur en þeir sem hafa sofið hjá (b). Því eldri sem unglingar eru við fyrstu samfarir því betri eru samskipti við foreldra og lífsánægja unglunganna er meiri því eldri sem þeir eru.

Helstu ályktanir:

Þeir unglingar sem hafa sofið hjá í 10. bekk, eiga erfiðara með að tjá sig við foreldra heldur en þeir sem ekki hafa sofið hjá. Lífsánægja þeirra er einnig minni en hjá þessum hóp. Þörf er á að skoða þetta

samband enn frekar og nauðsynlegt er að auka vitund og umræðu um þennan málaflokk almennt í samfélaginu til að lágmarka þá hættu sem ungu fólki getur stafað af snemmbúnu kynlífi.

### **Mæting skiptir máli**

#### **Sigurrós Erlingsdóttir, framhaldsskólakennari og stjórnandi við Menntaskólann við Sund**

Margir nemendur í framhaldsskólum glíma við skólaleiða sem kemur meðal annars fram í slakri mætingu þeirra. Jafnframt versnar skólasókn nemenda eftir því sem líður á skólagönguna. Reynt verður að grafast fyrir um viðhorf nemenda til skólasóknar og leita skýringa á því hvers vegna sumir nemendur mæta illa. Sýnt hefur verið fram á að skólasókn hefur áhrif á frammistöðu nemenda en eigi að síður fara fjarvistir nemenda á Vesturlöndum vaxandi og metnað skortir. Þetta er áhyggjuefni skólafólks og fræðimanna. Í Menntaskólanum við Sund var gerð lítilsháttar breyting á skólasóknarreglum haustið 2009 með það fyrir augum að hvetja nemendur til betri mætingar og í kjölfarið var gerð starfendarannsókn um viðbrögð við þessari nýju skólasóknarreglu. Í erindinu verða viðhorf nemenda og starfsmanna skoðuð en athyglisvert er hve ólíkar skoðanir starfsfólk og nemendur hafa á reglunni. Lögð verður áhersla á viðhorf nemenda og rýnt í þau með það fyrir augum að öðlast skilning á hvað nemendum finnst. Athyglisvert er að bera saman viðhorf nemenda til þess að mæta í vinnu eða í skóla. Loks verður litið til þess sem skólinn getur gert til að fá nemendur til að mæta betur.

### **Læsi innan náttúrufræðigreina**

#### **Haukur Arason, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Samkvæmt nýrri aðalnámskrá grunnskóla er læsi í víðum skilningi einn af grunnþáttum menntunar sem flétta skal inn í allt skólastarf. Í þessu erindi verður fjallað um læsi í tengslum við náttúrufræði. Fjallað verður um merkingu hugtaksins læsi í þessu samhengi, sérstöðu náttúrufræða hvað varðar læsi og ástæður þess að læsi hefur orðið áhersluatriði á sviði náttúrufræðimenntunar. Skoðaðar verða mögulegar náms- og kennsluaðferðir til að efla læsi innan náttúrufræða og hvernig hægt sé að móta skólastarf í náttúrufræði á þann veg að náttúrufræðilæsi nemenda eflist. Sagt verður frá þróunarstarfi sem Skóla- og frístundasvið hefur staðið fyrir til að efla áherslu á læsi á sviði náttúrufræða. Þróunarverkefnið fólst í því að sérfræðingar á sviði náttúrufræðimenntunar unnu með völdum hópi kennara í að þróa og prófa afmarkaðar kennsluaðferðir ætlaðar til að efla náttúrufræðilæsi. Niðurstöður þessa verkefnis verða kynntar og rætt um framhald verkefnisins.

**11:00-12:30**

## **Margbreytilegt skólastarf**

### **Skólastjórar í fámennum skólum á Íslandi og í Ástralíu: Þróun forystuhæfni starfsfólks**

**Sigríður Margrét Sigurðardóttir, aðjúnkt HA**

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar þar sem markmiðið var að varpa ljósi á það hvernig skólastjórar í fámennum skólum, annars vegar á Íslandi, og hins vegar í Ástralíu, vinna að því að efla forystuhæfni starfsfólks. Við rannsóknina er beitt túlkandi fyrirbærafræðilegri nálgun, þar sem skólastjórnir voru tilvikið, ásamt því að um samanburðarrannsókn er að ræða. Farið var í einn skóla í hvoru landi og gagna aflað með viðtölum við skólastjóra, vettvangsathugunum, óformlegum samtölum við starfsfólk og skjalarýni. Við úrvinnslu er litið til samhljóms þessara tveggja landa, sem og menningarlegs mismunar, og þeirra aðstæðna sem skólastjórar fámennra skóla búa við. Með rannsókninni er vonast til að öðlast dýpri vitneskju um viðhorf og gerðir skólastjóra fámennra skóla og að fyrirbærin sem rannsökuð eru þjóni sem menningarleg spegilmynd á starf skólastjóra og dragi fram hliðar á starfi þeirra sem annars hefðu ekki komið fram. Vonast er til að niðurstöðurnar megi nota sem innlegg í umræðuna um starf skólastjóra fámennra skóla og undirbúning þeirra í starfi.

### **Yngstu leikskólabörnin af sjónarhóli starfsfólks**

**Hrönn Pálmadóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður fjallað um rannsókn með börnum á aldrinum eins til þriggja ára í leikskóla. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvernig starfsmenn túlka og bregðast við leik ungra barna. Rannsóknin fellur undir rannsóknir með börnum þar sem sjónarhornið er þátttaka barna og hæfni til að veita fullorðnum upplýsingar um líf sitt og jafningjamenningu. Byggt er á fyrirbærafræðilegri nálgun þar sem litið er á barnið sem virkan geranda sem notar líkamann til að kynnast félags- og efnislegu umhverfi sínu og skapa merkingu í ljósi reynslunnar. Leitast er við að lýsa athöfnum barnanna og viðbrögðum starfsmanna við tjáningu þeirra. Rannsóknin fór fram á tveimur deildum í leikskóla í Reykjavík árið 2009. Þátttakendur voru 46 börn á aldrinum fjórtán mánaða til tæplega fjögurra ára. Fjórir leikskólakennarar störfuðu á deildunum auk annars starfsfólks. Gögnum var safnað með þátttökuathugunum; myndbandsupptökum og viðtölum við leikskólakennara. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að túlkun starfsmanna á athöfnum barnanna í leik skapaði mikilvægar forsendur fyrir tjáningu barnanna. Leikurinn



tilheyrði börnunum og hlutverk starfsmanna var að styðja við hann með leikefni, hefja leik og hlutast til um samskipti milli barnanna ef þau gengu ekki sem skyldi.

### **Samvinna og skóli margbreytileikans**

**Jónína Sæmundsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Starf með börnum með sérþarfir byggir verulega á samstarfi þeirra aðila sem koma að kennslu þeirra og uppeldi svo og sérfræðiþjónustu og ráðgjöf. Góður árangur á því sviði er því augljóslega að talsverðu leyti komin undir því hversu vel tekst til með slíkt samstarf. Markmiðið með rannsókninni var að skoða samvinnu varðandi börn með sérþarfir í almennum grunnskólum út frá sjónarhorni sérkennara.

Í rannsókninni voru tekin hálfopin viðtöl við 8 sérkennara á höfuðborgarsvæðinu. Við greiningu var beitt þemagreiningu (thematic analysis)(Braun & Clarke) og kerfiskenningu Bronfenbrenner. Leitað var svara varðandi trú þátttakenda á getu sinni og skólans í heild við að mæta þörfum barnanna. Einnig var kannað viðhorf þeirra og reynsla af samvinnu við foreldra og starfsfólk innan skóla svo og samvinnu við sérfræðinga utan skólans.

Helstu niðurstöður voru þær að viðmælendur töldu ýmis vandkvæði við að koma til móts við margar og fjölbreytilegar (sér) þarfir barna í stórum bekkjum. Reynsla af samstarfi við foreldra var oftast jákvæð. Viðmælendur sögðust einkum sækja stuðning til samstarfsfólks og stjórnenda. Nokkuð misjöfn reynsla og viðhorf reyndust varðandi þjónustu og stuðning sérfræðinga og stofnana.

### **Skóli án aðgreiningar og kennaramenntun við Menntavísindasvið HÍ**

**Jóhanna Karlsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Rannsóknin sem hér er kynnt er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem unnið var í 25 Evrópulöndum á vegum Evrópumíðstöðvar fyrir þróun í sérkennslu á árunum 2009 - 2012. Rannsóknarefnið er skóli án aðgreiningar og kennaramenntun. Markmiðið var að fá innsýn í það hvernig færni kennaranema er efld til að mæta þörfum fjölbreyttra nemendahópa og setja fram tillögur að hæfniviðmiðum fyrir stofnanir sem sinna kennaramenntun.

Greint verður frá niðurstöðum þess hluta sem unninn var hér á landi og varpað ljósi á möguleika kennaranema við Menntavísindasvið Háskóla Íslands til að styrkja hæfni sína varðandi skóla án aðgreiningar. Rannsóknin er eigindleg. Kennsluskrá Menntavísindasviðs HÍ skólaárin 2009–2012 var skoðuð og rafræn spurningakönnun send til allra kennara við Menntavísindasvið og þeir beðnir að tjá sig

um hvort og þá hvernig fjallað er um eða tekið tillit til hugmynda um skóla án aðgreiningar í námskeiðum sem þeir stjórna.

Niðurstöður benda til að fram að þessu hafi málefnið fyrst og fremst verið kynnt í kjarnanámskeiðum en í ákveðnum valnámskeiðum hefur verið möguleiki til dýpkunar. Mörg námskeið miða að því að undirbúa kennaranema til að kenna fjölbreyttum nemendahópum þótt orðalagið „skóli eða nám án aðgreiningar“ sé ekki notað.

Meðrannsakandi: Hafdís Guðjónsdóttir.

**13:30-15:00**

### Lýðræði og kennarar

**Tækifæri nemenda til lýðræðislegra umræðna og sýn þeirra á eigin virkni í umræðu: Tengsl við viðhorf þeirra til réttinda innflytjenda**

**Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Eva Harðardóttir, doktorsnemi Menntavísindasviði HÍ**

Umfjöllun um lýðræði og mannréttindi er meðal þeirra viðfangsefna sem eru í brennidepli í menntamálum. Markmið rannsóknarinnar er að kanna sýn ungmenna, bæði á tækifæri til lýðræðislegra umræðna í bekkjarstarfi og á eigin færni í umræðum. Sú sýn þeirra er athuguð í tengslum við viðhorf þeirra til mannréttinda sem snúa að réttindum og tækifærum innflytjenda.

Rannsóknin er hluti stærra rannsóknarverkefnis: Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi. Þátttakendur eru 11, 14 og 18 ára, alls 1414 talsins og voru spurningalistar lagðir fyrir þá.

Helstu niðurstöður eru þær að þau ungmenni sem upplifðu tækifæri til lýðræðislegra umræðna í ríkari mæli voru líklegri til að hafa jákvæðara viðhorf til réttinda og tækifæra innflytjenda í samfélaginu. Einnig kom fram að þau ungmenni sem töldu sig hafa meiri færni í lýðræðislegri umræðu höfðu jákvæðara viðhorf til réttinda og tækifæra innflytjenda. Sérstaklega er litið til framangreindra tengsla með tilliti til þjóðfélagsstöðu foreldra, aldurs ungmennanna og hvort í hlut eiga stúlkur eða piltar.

Fjallað verður jafnframt um þá áskorun hvernig efla megi lýðræðislegan bekkjarbrag og færni ungmenna í að taka þátt í lýðræðislegri umræðu.

## **Hver eru viðhorf grunnskólakennara til lýðræðis í skólastarfi?**

**Ingimar Ólafsson Waage, meistaranemi Menntavísindasviði HÍ**

**Kristján Kristjánsson, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Leiðbeinandi: Amalía Björnsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður kynnt rannsókn á viðhorfum grunnskólakennara til lýðræðis. Kveikjan að rannsókninni er ný aðalnámskrá grunnskóla og sex grunnþættir sem verða innleiddir á næstu árum. Einn grunnþáttanna er lýðræði og mannréttindi. Í úrtaki voru grunnskólakennarar í tveimur sveitarfélögum sem svöruðu spurningalista þar sem kannað var hvort og þá hvernig viðhorf til lýðræðis í skólastarfi birtist í störfum þeirra. Um langt skeið hefur í grunnskólalögum verið kveðið á um að nemendur skuli læra „um lýðræði með lýðræði í lýðræði“ en það er nú fyrst með nýrri menntastefnu sem áætlanir hafa verið gerðar um framkvæmd þess. Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar eru skrif John Dewey en hugmyndir hans um hina lýðræðislegu manneskju og mikilvægi menntunar í þróun lýðræðis falla vel að þeim hugmyndum sem koma fram í nýrri menntastefnu. Hin nýja menntastefna endurspeglar hugmyndir um rökræðulýðræði (e. deliberative democracy). Rökræðulýðræðið ætlast til þess að þegnarnir taki virkan þátt í samfélagsumræðu og stefnumótun. Í rannsókninni komu m.a. fram vísbendingar um að ef kennarar forðast umræðu um viðkvæm eða umdeild samfélagsleg málefni þá dregur úr lýðræðislegri virkni nemenda, frumkvæði, umburðarlyndi þeirra í garð hvers annars og gagnkvæmum skilningi. Þannig hafa viðhorf kennara til lýðræðisins bein áhrif á möguleika skólanna til að mennta lýðræðislegar manneskjur. Einnig kom fram að kennarar hafa kynnt sér nýjar áherslur í aðalnámskrá ágætlega og þeir telja sig all vel búna til að innleiða þær. Niðurstöðurnar hafa meðal annars hagnýtt gildi fyrir kennslu í samfélagsfræði og lífsleikni og almennt fyrir innleiðingu grunnþáttarins lýðræði og mannréttindi í skólastarfi.

## **Hvað skiptir íslenska kennara máli? Nokkrar niðurstöður og samanburður byggður á TALIS-rannsókninni frá 2008**

**Ragnar F. Ólafsson, Námsmatsstofnun**

**Allyson Macdonald, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

**Auður Pálsdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ**

TALIS er alþjóðleg samanburðarrannsókn um faglega hæfni kennara, trú þeirra á eigin getu, viðhorf þeirra til náms og kennslu, faglega virkni og starfið í kennslustofunum. Rannsóknin var gerð í 23 löndum OECD og var lögð rafrænt fyrir íslenska grunnskólakennara á yngsta-, mið- og unglíngastigi, og um 75%

starfandi grunnskólakennara. Í áætlaðri könnun árið 2013 verður sjónum beint að kennurum á framhaldsskólastigi í fyrsta skipti, auk kennara á unglingastigi grunnskóla. Markmið þessarar greinar er að rýna í niðurstöðurnar frá því 2008 og setja í samhengi við alþjóðlegar niðurstöður TALIS. Sjónum verður sérstaklega beint að Íslandi í samanburði við þau Norðurlönd sem einnig tóku þátt (Noreg og Danmörku) og enskumælandi þátttökulönd (Írland og Ástralíu).

Við munum ræða eftirfarandi atriði:

Hversu viljugir eru kennarar til þess að vinna saman og hvaða áhrifaþættir stýra þeim áhuga? Hvað einkennir samstarf kennara? Hvort hallast kennarar að virku námi eða beinni yfirfærslu? Hvers konar starfsþróun taka kennarar þátt í? Hvað hindrar þátttöku kennara í starfsþróun? Hvers konar starfsþróun telja kennarar að hafi mest áhrif? Telja kennarar að starf þeirra skipti nemendum þeirra máli? Telja kennarar að nemendur þeirra taki framförum? Telja kennarar sig vinna gott starf sem kennarar?

**„Mér líkar ekki við sjálfa mig sem kennara núna“**

**Hvað veitist ungum kennurum erfiðast á fyrstu starfsárunum?**

**Lilja M. Jónsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður gerð grein fyrir langtímarannsókn á reynslu kennara fyrstu fimm árin í grunnskólakennslu, en fylgst var með fimm kennurum allt frá útskrift úr kennaranámi. Sjónum verður þó einkum beint að niðurstöðum sem tengjast þeim örðugleikum sem þeir standa frammi fyrir á fyrstu starfsárunum (e. early years). Þau markmið rannsóknarinnar sem lúta að þessum þætti eru að skapa þekkingu á því hvers konar færni, viðhorf og þekkingu nýr kennari þarf að búa yfir, hvaða leiðsögn byrjandinn fær og hvernig hún nýtist honum, ásamt því að komast að því hvað auðveldar byrjandanum að stíga sín fyrstu skerf í þá átt að verða sá kennari sem hann ætlaði að verða. Rannsóknin byggir á rannsóknaraðferð sem kallast narratífa (e. narrative inquiry). Gagna var fyrst og fremst aflað með ítarlegum viðtölum og samtölum þessi fimm ár, en kennararnir voru einnig heimsóttir í skólastofur þeirra, fylgst var með þeim í kennslu og rætt var óformlega við nemendur. Niðurstöðurnar hafa m.a. leitt í ljós mun sterkari tengsl persónulegrar hagnýtrar þekkingar við reynslu í uppeldi og af eigin skólagöngu. Þá sýna þær að það tekur tíma að læra að kenna og að byrjendur í kennslu þurfa stuðning á fyrstu starfsárunum, en þó ólíkan eftir því hvort um fyrsta, annað eða þriðja árið er að ræða.

---

**Málstofurnar hér fyrir neðan eru sér ráðstefna inni í Menntakviku og tengjast útgáfu bókarinnar Raddir barna.**

**Bratti**

**13:30-15:00**

**Raddir Barna**

**Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna**

### **Raddir barna í rannsóknum**

**Jóhanna Einarsdóttir, prófessor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður fjallað um hvað átt er við þegar talað er um að hlusta á raddir og sjónarmið barna og þær fræðilegu forsendur sem liggja að baki rannsóknum með börnum. Jafnframt er fjallað um aðferðafræði og aðferðir í rannsóknum með börnum og muninn á þessum hugtökum. Litið er á aðferðafræði sem þekkingarfræðilega og verufræðilega sýn og lífsgildi rannsakandans. Aðferðir eru hins vegar þær leiðir sem notaðar eru til að safna gögnum í rannsóknum. Fjallað er um þátt kenninga í rannsóknum og hvernig kenningar geta hjálpað til við að lýsa og skilja það sem rannsakað er. Þá er fjallað um áskoranir og siðferðisleg álitamál í rannsóknum með börnum, m.a. hvaða leiðir hægt er að fara til að upplýsa börnin um rannsóknina og fá samþykki þeirra fyrir þátttöku. Jafnframt, hvernig rannsakandi fer að því að skilja og túlka gögnin.

### **Merkingarsköpun ungra barna í hreyfingu og leik**

**Hrönn Pálmadóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

**Guðrún Bjarnadóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar var að afla þekkingar á því hvernig ung börn nota hreyfingu og leik til að skapa merkingu og hvernig þau nálgast umhverfi sitt í leikskólanum. Rannsóknin fór fram árið 2009 með eins til þriggja ára börnum í tveimur leikskólum. Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar byggist á því að litið er á barnið sem virkan þátttakanda sem með líkamanum (*e. body subject*) upplifir og tekst á við félagslegt og efnislegt umhverfi sitt og skapar merkingu í ljósi reynslunnar. Í rannsókninni er leitast við að gefa

mynd af upplifun og skilningi barnanna í samskiptum þeirra í leik. Megingagnaöflun fór fram með myndbandsupptökum af frjálsum leik barnanna um tveggja mánaða skeið en auk þess voru ritaðar vettvangsnótur. Rannsóknin leiddi í ljós að líkami barnanna, hreyfing þeirra og notkun á leikföngum eru mikilvægur miðill félagslegra samskipta og merkingarsköpunar. Þennan miðil nota börnin til að skapa tengsl við leikfélaga og hefja leik. Einnig til að líkja eftir leik annarra barna og komast inn í leik sem þegar var hafinn. Auk þess að leita eftir viðurkenningu og aðstoð frá starfsmönnum í samskiptum sínum og leik.

### **„Flugfreyjur koma með matinn en stýra ekki sjálfar“ Kvenleiki, karlmennska og störf í samræðum ungra barna**

**Þórdís Þórðardóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Hér er greint frá niðurstöðum þess hluta rannsóknarinnar *Raddir barna* sem laut að túlkun barna á kvenleika, karlmennsku og störfum fólks. Rannsóknarspurningin var: Hvernig ræða leikskólabörn um kvenleika, karlmennsku og störf eftir að hafa horft á barnaefni með óhefðbundnum kynhlutverkum? Fjörutíu leikskólabörn á aldrinum 4–5 ára í tveimur hefðbundnum leikskólum í Reykjavík var raðað í kynjaskipta hópa með fimm börnum í hverjum. Hver hópur horfði á tuttugu mínútna myndskaið úr kvikmyndinni *Hin ótrúlegu* (*The Incredibles*). Að loknu áhorfi spjölluðu hóparnir frjállega um upplifun sína af persónum í myndskaiðinu. Í samræðunum tengdu þau inntakið raunverulegum upplifunum. Börnin virtust tengja sítt hár, gæsku og tengsl við kvenleika en líkamlegan styrk, hæð og hraða við karlmennsku. Börnin ræddu einnig föðurlega karlmennsku og móðurlega kvenleika ásamt mismunandi hlutverkum kynjanna við að bjarga fólki úr háska og báru inntak myndarinnar saman við eigin upplifanir og reynslu. Þau nefndu tuttugu starfsheiti, sem tengdust störfum nákominna ættingja og fjölskylduvina. Í ljós kom að frásagnir þeirra af störfum voru síður kynjaðar en samræður um kvenleika og karlmennsku. Niðurstöður rannsóknarinnar geta gagnast leikskólakennurum við að skapa aðstæður fyrir samræður um hvers kyns jöfnuð, margbreytileika og lýðræði.

### **Hver hlustar? Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf**

**Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi í Garðabæ**

Markmið rannsóknarinnar var að skoða viðhorf barna til daglegs lífs í tveimur leikskólum og hvaða áhrif þau hafa á leikskólastarf að mati deildarstjóra leikskólanna. Raddir barna og áhrif eru lykilþættir

rannsóknarinnar. Gengið er út frá því að börn séu virkir gerendur sem hafi skoðanir og geti haft áhrif á daglegt líf sitt. Þau móti umhverfi sitt með jafnöldrum sínum og fullorðnum. Stefnumótun í leikskólamálum, leikskólastarfsemi og rannsóknir ættu því að miða að því að efla virka þátttöku barna og áhrif. Rannsóknin fór fram í tveimur leikskólum á árunum 2008–2009. Tekin voru viðtöl við sextán fjögurra ára börn á leikskólanum Borg, og þrjátíu og sex fimm ára börn á leikskólanum Hóli. Einnig var rætt við deildarstjóra leikskólanna í rýnihópum. Rannsakandi kynnti sjónarmið barnanna fyrir deildarstjórunum og bað þá um að velta fyrir sér mögulegum áhrifum skoðana þeirra á leikskólastarfið. Niðurstöður sýna að börnin sem rætt var við hafa skoðanir á daglegu lífi í leikskólunum og geta látið þær í ljós ef þeim gefst tækifæri til þess. Í ljós kom að börnin höfðu oft annað viðhorf til starfseminnar heldur en deildarstjórnir. Sú innsýn sem þau gefa í reynslu barnanna sjálfra nýtist til að sýna hvernig betur má koma til móts við þarfir þeirra og þekkingarleit.

**15:30-17:00**

## **Raddir Barna**

### **Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna**

**„Ef við værum ekki með bein þá værum við bara lin og löt“**

**Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður fjallað um hvernig hugmyndir fjögurra ára barna birtast í teikningum þeirra og útskýringum á ýmsu sem tengist mannlíkamanum. Tuttugu fjögurra ára leikskólabörn voru beðin um að teikna bein og helstu líffæri líkamans, útskýra teikningarnar og ræða hugmyndir sínar um viðfangsefnið. Einnig fengu þau kex og vatn og voru beðin að lýsa ferðalagi fæðunnar í gegnum líkamann. Rannsóknin gefur vísbendingar um að fjögurra ára börn geri sér grein fyrir að í líkamanum séu bein og líffæri sem séu mikilvæg og hafi ýmsum hlutverkum að gegna. Niðurstöður benda til þess að flest börnin sjái beinin fyrir sér sem línur út um allan líkamann og að rifbeinin séu fyrstu beinin sem þau beri kennsl á fyrir utan bein í útlimum. Fyrstu líffærin sem þau þekkja eru hjartað og heilinn og þau vita að hjartað dælir blóði og að maður hugsar með heilanum. Hugmyndir barnanna um meltinguna eru hins vegar mjög óljósar þó að þau þekki einfalda skýringu á leið matar í gegnum líkamann. Þau vita líka að það er nauðsynlegt að borða hollan mat og hreyfa sig til að verða sterkur og stór. Ung börn eru forvitin um eigin líkama og því er

mikilvægt að virkja forvitni og áhuga þeirra og auka þannig líkamsvitund þeirra. Því skiptir máli að taka mið af hugmyndum og reynslu barna í daglegu starfi leikskólans.

### **Viðhorf sex til sjö ára barna til skóla og frístundaheimilis**

**Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, aðjúnkt Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður fjallað um viðhorf sex til sjö ára barna til starfsemi skóla og frístundaheimila og byggist á viðtölum við börn úr tveimur frístundaheimilum. Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni um hlutverk frístundaheimila. Líf barna hefur tekið stakkaskiptum með tilkomu opinbers skólakerfis. Frístundaheimili hafa jafnframt verið sett á laggirnar til að sinna ungum skólabörnum á meðan foreldrar vinna. Engin sérstök lög gilda um starfsemi frístundaheimila, en borgaryfirvöld í Reykjavík leggja áherslu á frjálsan leik og lýðræði í daglegu starfi. Samkvæmt grunnskólalögum hafa nemendur rétt á því að á þá sé hlustað og tekið sé tillit til skoðana þeirra í skipulagi skólastarfs. Nám byggist á því að hafa möguleika á sjálfræði og að vera virkur þátttakandi í athöfnum. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem benda til þess að börn taki almennt ekki þátt í ákvörðunum innan skóla. Jafnframt staðfesta niðurstöður mikilvægi vana fyrir börn. Frístundaheimilið virðist bjóða upp á mikilvægan vettvang til að vera með félagahópnum og fá að ákveða athafnir sínar innan þess ramma sem starfsmenn setja. Niðurstöður þessar geta nýst til að finna leiðir til að efla sjálfræði barna og ábyrgð þeirra á eigin athöfnum, bæði innan skóla og frístundaheimilis. Þær ættu jafnframt að nýtast fagfólki til að ígrunda hvernig daglegt starf getur bæði stuðlað að og heft athafnir barna, og til að finna nýjar leiðir til að börn geti verið virkir þátttakendur í eigin námi.

### ***„Út að leika með Maríu“***

**Raddir barna sem hafa sérstuðning í leikskóla og grunnskóla**

**Elsa Sigríður Jónsdóttir, fyrrverandi lektor Menntavísindasviði HÍ**

Í erindinu verður sagt frá rannsókn sem gerð var með börnum í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskóla. Öll börnin hafa greiningu um fötlun eða sérþarfir. Rannsóknir um fötluð börn hafa gjarnan snúist um skoðanir foreldra og fagfólks en börnin sjálf sjaldan spurð um sjónarmið sín. Í rannsókninni var leitast við að hlusta eftir röddum barnanna og skilja reynslu þeirra og líðan. Einnig að kynnast áhugamálum þeirra,



skoðunum á skólanum og hvað þau hafa að segja um sig sjálf og féлага sína. Eigindlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar til að safna gögnum. Rannsakandi heimsótti skólana, tók viðtöl við börnin og fylgdist með þeim í leik og námi. Einnig sýndu börnin rannsakanda skólann og útisvæðið og tóku myndir af því sem þeim fannst áhugavert. Niðurstöður sýndu að börnin voru ánægð í skólanum, en sögðu að skemmtilegast væri að leika sér og gjarnan úti. Vinir og tengsl við féлага voru börnunum mikils virði og virtust skipta meira máli en viðfangsefnin í skólanum. Börn með sérþarfir virðast þannig ekki vera ólík ófötluðum börnum. Í lok erindisins veltir rannsakandi upp ýmsum siðfræðilegum álitamálum sem tengjast því þegar rannsókn er gerð með svo ungum börnum, svo sem um samþykki barnanna og mun á valdastöðu.

### **Skráning námssagna – sjónarhorn barna**

**Bryndís Garðarsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

**Kristín Karlsdóttir, lektor Menntavísindasviði HÍ**

Til að gera sjónarmið barna sýnilegri er mikilvægt að hlusta á fjölbreyttan tjáningarmáta þeirra – raddir barna; hvernig þau tjá sig með margbreytilegum hætti í gegnum leik, líkamlega tjáningu og sköpun af ýmsu tagi. Þannig er lagður grunnur að því að barnið verði virkur þátttakandi og geti haft áhrif á sitt daglega líf (Rinaldi, 2005). Í erindinu verður greint frá rannsókn sem hafði það að markmiði að varpa ljósi á hvernig skráning og ígrundun á námssögum barna hefur áhrif á sýn leikskólakennara á börn, nám þeirra og eigið hlutverk. Fylgst var með leikskólakennurum skrá og ígrunda námssögur í þeim tilgangi að fá fram sjónarmið barna. Rannsóknin fór fram í einum leikskóla á árunum 2008 – 2009. Niðurstöður sýna að leikskólakennararnir gerðu sér betur grein fyrir því að hversdagsleg atvik og aðstæður geta gefið mikilvæga innsýn í áhuga og hugmyndir barna. Skráning námssagnanna hjálpaði leikskólakennurunum einnig að verða sér meðvitaðri um eigin aðferðir í samskiptum og starfi með börnunum. Með því að hlusta á tjáningu barnanna skapaðist meira jafnvægi, tími og rými milli þess sem fullorðnir ákváðu eða skipulögðu og þess sem börnin höfðu áhuga á hverju sinni. Þá mátti einnig merkja áhrif þess að skrá námssögur á starfsímynd leikskólakennaranna sem birtist m.a. í að þeir urðu sér meðvitaðri um eigin fagmennsku, hvað þeir voru að gera og hvers vegna. Jafnframt varð þeim sýnilegra hversu mikilvægt starf þeirra er og hvernig námssögurnar gátu nýst til að styrkja samskipti heimilis og leikskóla.

